

**AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA  
SAMFÉLAGSGREINAR**

**1999**

**Menntamálaráðuneytið**

Menntamálaráðuneytið : námskrár 22

Ágúst 1999

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 560 9500  
Bréfasími: 562 3068  
Netfang: [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)  
Veffang: [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is)

Hönnun og umbrot: XYZETA ehf.  
Ljósmyndun: Kristján Maack  
Myndskreytingar: XYZETA ehf.  
Prentun: Oddi hf.

© 1999 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-34-4

# EFNISYFIRLIT

Samfélagsgreinar í framhaldsskóla .....	7
Formáli	
Inngangur	
Nám og kennsla	
Skipan náms	
Námsmat	
Lokamarkmið félagsfræðabrautar	
Félagsfræði .....	13
Inngangur	
Lokamarkmið	
Áfangar	
FÉL 103 Almenn félagsfræði	
FÉL 203 Frumkvöðlar og kenningar	
FÉL 303 Stjórn málafræði	
FÉL 313 Félagsfræði þróunarlanda	
FÉL 323 Mannfræði	
FÉL 403 Aðferðafræði	
FÉL 503 Rannsóknarverkefni	
Fjölmiðlafræði .....	35
Inngangur	
Nám og kennsla	
Skipan náms	
Lokamarkmið	
Áfangar	
FJÖ 103 Inngangur að fjölmiðlun	
FJÖ 203 Myndveruleikinn	
FJÖ 213 Fjölmiðlaheimurinn	
FJÖ 303 Fjölmiðlun og netsamskipti, verkefnaáfangi	
Hagfræðigreinar .....	46
Inngangur	
Lokamarkmið	
Áfangar	
REK 103 Almenn rekstrarhagfræði	
REK 203 Rekstrarhagfræði, kostnaðargreining	
REK 303 Rekstrarhagfræði, kostnaðarbókhald	

ÞJÓ 103 Almenn þjóðhagfræði	
ÞJÓ 203 Hagstjórn	
ÞJÓ 303 Alþjóðahagfræði	
<b>Landafræði</b> .....	<b>64</b>
Inngangur	
Námsmat	
Lokamarkmið	
Áfangar	
LAN 103 Almenn landafræði	
LAN 203 Hagræn landafræði	
LAN 303 Þróunarlönd og iðnríki	
<b>Saga</b> .....	<b>75</b>
Inngangur	
Nám og kennsla	
Skipan náms	
Námsmat	
Lokamarkmið almenns kjarna á bóknáms- brautum (6 einingar)	
Lokamarkmið sögu á félagsfræðabraut	
Áfangar	
SAG 103 Fram um 1800	
SAG 203 1750 til liðandi stundar	
SAG 303 Menningarsaga	
SAG 313 Tuttugasta öld	
<b>Sálfræði</b> .....	<b>110</b>
Inngangur	
Lokamarkmið	
Áfangar	
SÁL 103 Almenn sálfræði	
SÁL 203 Þroskasálfræði	
SÁL 213 Lifeðlisleg sálfræði	
SÁL 303 Afbrigðasálfræði	
SÁL 313 Fötlun, áföll og öldrun	
SÁL 403 Greind, félags- og persónuleikasálfræði	



Uppeldis- og menntunarfræði ..... 128

Inngangur

Nám og kennsla

Námsmat

Lokamarkmið

Áfangar

UPP 103 Almenn uppeldis- og menntunarfræði

UPP 203 Uppeldismál á Íslandi

UPP 303 Uppeldisaðstæður, verkefnaáfangi





# SAMFÉLAGSGREINAR Í FRAMHALDSSKÓLA

## Formáli

Í þessu hefti er fjallað um samfélagsgreinar á þrem bók-námsbrautum framhaldsskóla. Annars vegar er um að ræða námskrá fyrir almennan kjarna brautanna þriggja, hins vegar brautarkjarna og kjörsvið félagsfræðabrautar þar sem mest fer fyrir þessum greinaflokki.

Gerð er grein fyrir hlutverki og stöðu samfélagsgreina í heild og síðan fyrir hverri grein eða greinasviði fyrir sig. Lokamarkmiðum náms er lýst með sama hætti.

Í einstökum námsgreinum er lýst þremur áföngum hið minnsta. Þar er lýsing á inntaki hvers áfanga og rakin markmið náms.

## Inngangur

Samfélagsgreinar fjalla um manninn og athafnir hans, hugsun og möguleika, í samfélagi og náttúru, í tíma og rúmi. Þær greina einingar samfélags og umhverfis frá hinum minnstu (einstaklingi, fjölskyldu, heimabyggð) til hinna stærstu (þjóða, heims, vistkerfa). Hlutverk samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á umhverfi, samfélag og menningu, auðvelda honum að fóta sig í mannlegu samfélagi og búa hann undir frekara nám og starf. Styrkur vestrænnar menningar og atvinnulífs á upplýsingaöld felst ekki síst í sjálfstæði og frumkvæði einstaklinga sem taka virkan þátt í að greina og móta samfélag og umhverfi af kunnáttu og víðsýni.

Sá greinaflokkur, sem hér er kallaður samfélagsgreinar, spannar fjölbættar fræði- og námsgreinar: sögu, félagsfræði, landafræði, sálfræði, uppeldis- og menntunarfræði,

rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði og fjölmiðlafræði. Fleiri greinar þessum skyldar koma einnig til álita í kennslu í framhaldsskóla, svo sem heimspeki og trúarbragðafræði, ef skólar leggja fram fullnægjandi áfangalýsingar og markmið fyrir slíka áfanga.

Lokamarkmið, sem sett eru fram hér á eftir fyrir félagsfræðabraut, taka mið af fjölbreytileika samfélagsgreina.

## Nám og kennsla

Námskrár einstakra greina í greinaflokknum samfélagsgreinar eru með nokkuð mismunandi sniði. Viðast eru markmið tæmandi, þ.e. gert er ráð fyrir að sinnt sé öllum þeim markmiðum sem talin eru í hverjum áfanga. Þetta gildir þó í minna mæli í uppeldis- og menntunarfræði þar sem gert er ráð fyrir nokkru vali milli markmiða. Í námskrá í sögu er gengið skrefinu lengra og dregnir upp allmargir valkostir, bæði milli heildstæðra efnispátta og einstakra markmiða, með ákveðinni leiðbeiningu um það hvernig valinu skuli háttáð.

Mismunandi kennsluáferðir eiga rétt á sér í kennslu samfélagsgreina. Verkefnaþáttur hefur víða verið drjúgur í þessum greinum, einkum á seinni stigum. Í námi á félagsfræðabraut er sjálfsagt að nemendur skrifi ritgerðir og skýrslur og geri kannanir af ýmsu tagi. *Hér er til viðbótar mælt með því að undir lok námsins taki nemendur á félagsfræðabraut einn þriggja eininga áfanga sem sérstaklega er helgaður rannsóknum eða viðlíka verkefnum.* Hann felst í því að gerð er könnun, skrifuð heimildaritgerð eða skýrsla (skýrslur) eða unnið annað skylt verkefni. Slíkur áfangi gefur nemanda tækifæri til að dýpka þekkingu sína á afmörkuðu sviði og tileinka sér vinnubrögð sem koma að gagni í starfi og frekara námi. Í framhaldsnámi í samfélagsgreinum á háskólastigi reynir allajafna á slíka kunnáttu og víða í atvinnulífi er færni við heimildaöflun, kannanir af ýmsu tagi, skýrslugerð og aðra framsetningu efnis mikils metin.





Vel getur hentað að samþætta tvær námsgreinar eða fleiri í slíkri vinnu. Á prófskírteini er áfanginn þá skráður sérstaklega, t.d. undir heitinu „rannsókn“, og nánar tilgreint hvaða námsgreinar komi þar við sögu. Leiðbeiningar um vinnutilhögun í slíkum rannsóknaráfanga er víða að finna, m.a. í þessu námskrárhefti í áföngunum FÉL 503, FJÖ 303 og UPP 303.

### Skipan náms

Í almennum kjarna allra bóknámsbrauta er gert ráð fyrir 6 eininga kennslu í sögu og 3 einingum í félagsfræði. Á kjörsviði geta nemendur sótt allt að 12 einingum milli brauta, þar á meðal samfélagsgreinar. Í frjálssu vali geta nemendur einnig valið sér samfélagsgreinar.

Félagsfræðabraut er hins vegar höfuðvígi þessara námsgreina. Í kjarna hennar er 9 einingum varið í sögu, 6 í félagsfræði, 3 í landafræði en 9 einingar eru á valdi skólanna. Á kjörsviði félagsfræðabrautar er nokkurt úrval áfanga í samfélagsgreinum sem velja skal samkvæmt reglum sem um það efni gilda (sjá almennan hluta aðalnámskrár). Það er skólanna að útfæra þetta nánar í skólanámskrá þar sem m.a. er tilgreint framboð áfanga og einingafjöldi hvers um sig. Í nokkrum námsgreinum er í þessu riti birtur talsverður fjöldi áfanga á kjörsviði sem skóli getur valið úr. Ef ástæða þykir geta skólar bætt við fleiri áföngum sem þá þarf að útfæra með samsvarandi hætti í samráði við menntamálaráðuneytið. Skólar skulu einnig gæta að samræmi og efnisskiptingu áfanga sem nemendur velja sér þar sem efni skarast, t.d. þar sem fjallað er um þróunarlönd í FÉL 313, LAN 303 og ÞJÓ 303.

## Námsmat

Námsmatið skal vera í samræmi við markmið náms eins og þau eru sett fram í aðalnámskrá og skólanámskrám. Markmiðin vísa veginn fyrir kennslu og nám. Námsmatið upplýsir hvort markmiðunum hefur verið náð, hvað þurfi að bæta og hvert skuli halda næst.

Aðferðir til námsmats eru margvíslegar og varða bæði tímasetningu þess, viðfang og vinnulag. Sem dæmi má nefna

- símat á öllum námstímanum
- lokapróf að námsáfanga loknum, annaðhvort munnleg eða skrifleg
- mat á verkefnum af ýmsu tagi
- mat á vinnuferli við verkefni

Í samfélagsgreinum geta allar þessar leiðir átt við - og fleiri til - allt eftir markmiðum náms hverju sinni. Ef t.d. er ætlast til þess að nemendur tileinki sér ákveðinn þekkingarforða getur einfalt skriflegt próf verið viðeigandi. Ef unnið er að stórrí ritgerð í námsáfanga hlýtur mat á henni að veða þungt. Ef lögð er áhersla á vinnubrögð við gerð slíkrar ritgerðar þarf að meta vinnu nemenda sérstaklega en ekki lokaafurðina eingöngu. Þetta má gera með því að fylgjast með vinnunni milliliðalaust eða með því að nemendur haldi dagbók (leiðarbók). Ef markmiðið er að nemendur þjálfist í að tjá sig eða rökræða mál þarf að meta tjáninguna sjálfa og rökræðuna. Í öllum tilvikum er nauðsynlegt að nemendum sé ljóst fyrir fram hvað og hvernig eigi að meta og að niðurstöðurnar séu sundurliðaðar og skýrar.

Á fyrri stigum náms í samfélagsgreinum eru skrifleg próf oft uppistaðan. Rétt er að gæta þess engu að síður að öll markmið séu metin svo að t.d. sköpun, sjálfstæði, rökræða og önnur tjáning fái einnig rými. Til þessa getur verið gagn



að því að meta munnlega frammistöðu, framsetningu efnis eða lítil sjálfstæð verkefni. Að jafnaði eykst hlutfall verkefna eftir því sem lengra dregur í náminu.

Í þessu hefti fylgja stuttar athugasemdir um námsmat í sumum greinum og jafnvel í einstökum áföngum. Skólar geta bætt hér um betur og kveðið fastar að um form og vinnulag námsmatsins.

### Nemandi

- afli sér almennrar þekkingar á allviðu sviði samfélagsgreina
- hafi grundvallarþekkingu á viðfangsefnum síns kjörsviðs
- þekki grunnþætti íslenskrar samfélagsgerðar í nútímanum og geti borið þá saman við önnur lönd og fyrri tíð
- hafi yfirlitsþekkingu á sögu Íslands og umheimsins
- þekki nokkra meginstrauma hugmynda, trúar, menningar, stjórnmála og hagþróunar í fortíð og nútíð
- geri sér grein fyrir mótunaröflum einstaklinga og hópa
- hafi grunnþekkingu á gagnverkandi áhrifum manns og náttúru
- þekki aðferðafræði nokkurra samfélagsgreina í grunnatriðum
- beiti aðferðum samfélagsgreinar á kjörsviði sínu í verki
- hafi tekið þátt í rökræðu um samfélagsleg efni
- hafi tjáð kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hátt, svo sem með framsögu, erindi, endursögn, skýrslu og/eða ritgerð
- hafi gert rannsókn eða könnun, sem sett er fram í heimildaritgerð eða skýrslu, úr efni samfélagsgreina samkvæmt tilgreindum kröfum um heimildaöflun, heimildarýni, rökfærslu, framsetningu og allan frágang
- geti fengist við samfélagsfræðilegan texta á erlendu máli sér til gagns
- geti aflað sér gagna með fjölbreyttum hætti, þar á meðal með rafrænum miðlum
- hafi sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum, gagnrýni í hugsun og hæfni til samstarfs
- hafi sýnt skilning á gildi lýðræðislegra vinnuhátta





# FÉLAGSFRÆÐI

## Inngangur

Mikilvægi þess að kenna félagsfræði á framhaldsskólastigi er margháttað og lýtur bæði að faglegum og uppeldislegum sjónarmiðum og ekki síður að lífi ungmenna í nútímasamfélagi. Félagfræðin veitir nemendum tiltekinn lykil eða aðferð til að skoða líf sitt í víðu samhengi; sýnir okkur hvernig persónulegt líf okkar er háð samfélagslegum þáttum sem verka sífellt á okkur. Markmiðið með kennslu í félagsfræði er því ekki eingöngu að efla þekkingu og skilning nemenda á greininni sjálfri heldur er ekki síður mikilvægt að kunnáttu í henni nýtist nemendum á margvíslegan hátt í daglegu lífi, hvort heldur í námi, starfi eða leik.

Sjónarhorn félagsfræðinnar veitir nemendum sýn á að ekki er ætíð nægilegt að skoða vandamál eða viðfangsefni daglegs lífs ein og sér heldur verður iðulega jafnframt að skoða þau í ljósi samfélagslegra afla sem hafa áhrif á þau. Til að mynda eiga hjónaskilnaðir, sem eru erfitt siðferðislegt úrlausnarefni í lífi margra, sér oft ekki eingöngu persónulegar skýringar heldur einnig samfélagslegar. Sem dæmi um samfélagslegar skýringar má taka breytt hlutverk og verkefni fjölskyldunnar í nútímasamfélagi, fjárhagsástæður og ólíkar væntingar um verkaskiptingu karla og kvenna.

En félagsfræðin veitir nemendum ekki eingöngu tiltekinn lykil að því að skoða daglegt líf sitt í þjóðfélaginu heldur ekki síður þjálfun í að greina í sundur og meta ólík þekkingaratriði á rökvisan hátt. Fræðigreinin félagsfræði býður ýmsar leiðir til að skoða þjóðfélagið, ýmsar kenningar og hugtök sem gefa margvísleg svör, jafnvel mót-sagnakennd. Nemendur öðlast því smám saman skilning á því að til eru fleiri en eitt sjónarmið, fleiri en eitt svar við

ýmsum spurningum mannlegrar tilveru. Höfuðatriði í þessu samhengi er að hjálpa nemendum að greina þessi ólíku svör og meta þau á rökvísan hátt, jafnframt því að efla með þeim umburðarlyndi gagnvart tilvist ólíkra sjónarmiða. En þessi hlið félagsfræðinnar opnar aðra vídd sem ekki er minna virði. Umburðarlyndi fyrir sjónarmiðum annarra er um leið forsenda fyrir gefandi félagslegum samskiptum og getur með öðrum orðum lagt grunninn að aukinni samskiptahæfni nemenda þar sem tillit er tekið til sjónarmiða náungans. Mikilvægi félagsfræðinnar er því margháttað og nær bæði til greinarinnar sjálfar og þekkingarsköpunar hennar, svo og til almenns þroska einstaklingsins í flóknum veruleika samtímans.

Kennarar í félagsfræði, svo og kennarar í öðrum samfélagsgreinum, standa iðulega frammi fyrir því að velja hvort leggja skuli megináherslu á

- tiltekin þekkingar- og efnisatriði
- vinnubrögð og færni eða
- sérkenni og vinnubrögð greinarinnar, eins og ýmis hugtök, kenningar eða rannsóknir.

Öll þessi svið eru mikilvæg í kennslu og því eðlilegt að leitast við að finna tiltekið jafnvægi á milli þeirra enda tengjast þau á ýmsa vegu. Þekkingaratriðin, staðreyndirnar, verða ekki til í tómarúmi heldur eru afrakstur agaðra vinnubragða og rannsókna sem fræðigreinin sjálf byggist á.

Meginmarkmið með félagsfræðikennslu er í raun ætíð hið sama hvort sem um byrjendaáfangar er að ræða eða síðari stig: að auka þekkingu nemenda á þjóðfélaginu og félagslegu umhverfi, jafnframt því að auka skilning þeirra á stöðu sinni og annarra í þjóðfélaginu. Í þessu felst aðallega tvennt: að nemendur nái valdi á tiltekinni þekkingu sem þegar er fyrir hendi og í öðru lagi að nemendur öðlist hæfni til að nýta sér þá þekkingu til skilnings á félagslegum aðstæðum sínum og annarra. Sömu hugsun má setja fram



félagsfræðilega á þennan hátt: að nemendur skilji samhengið á milli persónulegs lífs og þess samfélags sem við búum í. Að sumu leyti svipar þessu til þess greinarmunar sem stundum er gerður á megintilgangi uppeldis og menntunar: annars vegar er sú viðleitni að hjálpa nemendum til að ná valdi á þeim menningararfi sem við búum við og hins vegar að nýta hann til að skapa eitthvað nýtt og einstaklingsbundnara.

Markmið með félagsfræðikennslu á framhaldsskólastigi er ekki eingöngu að efla þekkingu nemenda og kynna fræðigreininna heldur ekki síður að stuðla að virkni og áhuga nemenda á nánasta umhverfi sínu og þjóðfélagi, að efla sjálfstæði og gagnrýna hugsun þeirra með það í huga að auka víðsýni og jákvætt viðhorf til samborgaranna.

Í byrjunaráfanga í framhaldsskóla er eðlilegt að leggja í upphafi meiri áherslu á beinar upplýsingar, á tiltekin þekkingaratriði bundin við merkingarheim unglunga og ákveðna færniþætti við athugun og greiningu, fremur en þekkingu bundna við flóknari hugtök og sértækar kenningar fræðigreinarinnar. Ástæða þess er að fræðilegt eðli félagsfræðinnar kann að virðast framandi í fyrstu og því eðlilegra að leggja fyrst meiri áherslu á tiltekin þekkingaratriði bundin við merkingarheim unglunga sem verða síðan smám saman tengd fræðigreininni sjálfri og þekkingarsköpun hennar. Á síðari stigum er hægt að leggja ríkari áherslu á vinnubrögð fræðigreinarinnar og að efla hæfni nemenda til að vinna sjálfstæð rannsóknarverkefni.

Nemendur í framhaldsskólum landsins eru um það bil að stíga inn í heim hinna fullorðnu. Á námstímanum verða nemendur sjálfráða, fá kosningarétt og margir hafa kynnst atvinnulífinu. Eins eru margir um það bil að flytja úr heimahúsum og jafnvel að stofna sína eigin fjölskyldu. Námskráin í félagsgreinum hlýtur því að taka mið af þeim meginsviðum samfélagsins sem hafa mest áhrif á nemendur og líf þeirra.

## Lokamarkmið

### Nemandi

- öðlist aukinn skilning á því hvað felst í samskiptum við aðra og að lifa í samfélagi manna
- öðlist umburðarlyndi gagnvart öðrum og skilning á menningarlegri margbreytni
- þrói skilning á gildi/þýðingu menningarlegrar samkenndar, þar á meðal þýðingu ólíkra trúarhugmynda
- öðlist þekkingu á uppbyggingu atvinnulífs og helstu stofnunum þess
- öðlist þekkingu á íslenskum vinnumarkaði og vinnuumhverfi, þekki til þess hvernig ný fyrirtæki verða til og tengsla einstaklingsins við atvinnulíf
- viti hvernig þjóðfélagsþróunin hefur áhrif á nýtingu auðlinda og umhverfis
- þekki mismunandi stjórnmalastofnanir (Alþingi /stjórnmalaflokka) og þekki leiðir til að hafa stjórnmalaleg áhrif
- þekki áhrifaleiðir innan stjórnmála til að geta staðið vörð um og eftl lýðræði
- kunnir að lesa úr tölfræðilegum gögnum, myndritum og öðrum gögnum, túlka þau, meta og bera saman og setja fram gögn af þessu tagi
- öðlist færni til að afla sér upplýsinga um samfélagið og nota fjölbreytta miðla í því skyni
- þrói hæfileika til skapandi og gagnrýnnar hugsunar
- sýni hæfni til sjálfstæðis og samstarfs
- komi þekkingu sinni á framfæri í ræðu og riti með fullnægjandi hætti
- sýni getu til að meta samfélagsleg álitamál og taka rökstudda afstöðu





## Afangar

### FÉL 103 Almenn félagsfræði

#### Áfangalýsing

Í þessum byrjunaráfanga er fjallað um grunneiningar samfélagsins og þær skoðaðar frá sjónarhorni félagsvísinda. Fjallað er um samfélagið í ljósi þeirra áhrifa sem það hefur á einstaklinginn og líf hans. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á umhverfi sínu nær og fjær svo að þeir verði færir um að taka virkan þátt í samfélagslegum umræðum og mynda sér skoðanir á meðvitadan og gagnrýninn hátt. Nemendur kynna sér félagslega þætti sem stýra hegðun og athöfnum einstaklingsins og keppt er að því að nemendur öðlist skilning á uppbyggingu og skipulagi eigin samfélags og annarra. Meginmarkmið áfangans er að nemendur öðlist undirstöðuþekkingu á grunnþáttum íslenska samfélagsins og geti borið það saman við nokkur önnur samfélög nær og fjær. Sömuleiðis að nemandinn átti sig á því hvernig samfélagið hefur áhrif á hann og hvernig hann getur haft áhrif á samfélagið.

Efnið er kennt með fyrirlesturum, umræðum, verkefnavinnu, leit að upplýsingum á Netinu og geisladiskum, sem og samskiptum nemenda við aðra á Netinu. Lögð er áhersla á að nemendur sýni frumkvæði og sjálfstæði í umræðum. Verkefnavinnan skiptist í einstaklingsverkefni og hópverkefni sem krefst agaðra vinnubragða og samvinnu. Fyrir utan hefðbundin kennslugögn er ætlast til að nemendur geti nýtt sér Netið við upplýsingaöflun: þeir eiga að geta fundið gögn, unnið með þau og haft samskipti við aðra um efni áfangans.

#### Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki til félagsvísinda og geti útskýrt helstu vinnu- og rannsóknaraðferðir félagsfræðinnar sem fræðigreinar

### Nemandi

- beiti einföldum tölfræðiforritum á einföld gögn, geti fengið niðurstöður og metið þær
- taki þátt í umræðum um samfélagsleg málefni og myndi sér skoðanir sem byggjast á gagnrýninni hugsun
- beiti öguðum vinnubrögðum, taki ábyrgð á eigin námi og geti unnið í samvinnu við aðra
- noti Netið sem hjálpartæki við að afla þekkingar um félagsfræðileg viðfangsefni
- þekki helstu hugtök sem tengjast félagsmótun
- útskýri hvernig félagsmótunaraðilar (þar á meðal menningarkimar) hafa áhrif á og móta einstaklinginn
- greini grunnþætti menningar og mikilvægi hennar fyrir einstaklinginn og samfélagið
- skilgreini hvað er líkt og ólíkt með mismunandi menningarheimum í eigin samfélagi og öðrum samfélögum
- þekki til helstu trúarbragða heims og geti útskýrt hlutverk þeirra og samfélagslegt gildi
- safni saman upplýsingum um menningarlegan mun, flokki þær og setji fram
- þekki til orsaka kynþáttafordóma og annarrar mismununar
- lýsi mismunandi samfélagsgerðum
- beri saman fjölskyldur og fjölskyldugerðir, fjalli um hlutverk þeirra fyrr og nú og þekki til helstu réttinda og skyldna sem fylgja mismunandi sambúðarformi
- lýsi jákvæðum hlutverkum fjölskyldunnar en einnig vandamálum í umhverfi hennar

### Vinnumarkaðurinn

- geri sér grein fyrir atvinnumarkaði hér á landi og hvaða þættir geta haft áhrif á hann og hverjar afleiðingarnar gætu verið
- geti lýst þróun atvinnumarkaðar og atvinnuskiptingar hér á landi
- þekki til helstu orsaka og afleiðinga atvinnuleysis og ræði leiðir til úrbóta



- fjalli um jafnrétti á vinnumarkaði
- þekki til helstu hagsmunasamtaka á íslenska vinnu-  
markaðinum og hlutverks þeirra
- geti lýst gangi mála í kjaradeilum

### Stjórnsmál

- geri sér grein fyrir uppbyggingu íslenska stjórnkerfisins
- lýsi einkennum smáríkja, útskýri þjóðarétt og lýsi valdi  
og valdbeitingu í samskiptum þjóða
- þekki helstu alþjóðlegar stofnanir og samtök, svo sem  
Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið, og geti  
lýst uppbyggingu þeirra, áhrifum og völdum
- geri grein fyrir alþjóðlegum átökum og samvinnu
- fjalli um milliríkjavíðskipti og afleiðingar víðskiptahindrana

### Námsmat

Námsmat er tvíþætt. Annars vegar er um skriflegt próf að ræða sem byggist á framangreindum markmiðum. Hins vegar er símat sem byggist á verkefnavinnu (munnlegum/skriflegum verkefnum) nemenda á önninni, sömu-  
leiðis í samræmi við markmið áfangans.

## FÉL 203 Frumkvöðlar og kenningar

Undanfari: FÉL 103

### Áfangalýsing

Í þessum áfanga er fjallað um frumkvöðla félagsfræðinnar og kynntar helstu kenningar greinarinnar. Samfélagið er skoðað í ljósi mismunandi kenninga og nokkrar þekktar rannsóknir innan félagsvísinda skoðaðar. Farið er yfir vítt svið félagsfræðinnar og nemendur þjálfaddir í að beita félagsfræðilegu innsæi við túlkun á samfélagslegum málefnum. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist dýpri skilning á hugtökum sem kynnt eru í FÉL 103 og setji þau í fræðilegra samhengi.

Fjallað er um frumkvöðla félagsfræðinnar, Comte, Durkheim, Marx og Weber, og framlag þeirra til greinarinnar. Farið er í helstu kenningar, svo sem samvirkni-, samskipta- og átakakenningar. Fjallað um sjálfsmyndina og táknræn samskipti, m.a. út frá kenningum Goffmans. Nemendur læra um félagslega lagskiptingu, frávik, fjölmiðla og áhrif þeirra (þar á meðal Netsins), enn fremur kynhlutverk, og skoða þessi viðfangefni í ljósi ólíkra félagsfræðikenninga.

Meginmarkmið áfangans er að nemandinn öðlist dýpri skilning á félagsfræðilegum hugtökum og kenningum og geti beitt þeim við túlkun og greiningu á samfélaginu, bæði almennt og á tiltekin viðfangsefni.

Efnið er kynnt með fyrirlestrum, umræðum og verkefnavinnu. Lögð er áhersla á að nemendur sýni frumkvæði og sjálfstæði í umræðum. Verkefnavinnan skiptist í einstaklingsverkefni og hópverkefni sem krefst agaðra vinnubragða og samvinnu. Fyrir utan hefðbundin kennslugögn er ætlast til að nemendur geti nýtt sér Netið við upplýsingaöflun: þeir eiga að geta fundið gögn, unnið með þau og haft samskipti við aðra um efni áfangans.



## Áfangamarkmið

### Nemandi

- þekki til helstu frumkvöðla félagsfræðinnar og geti lýst framlagi þeirra til greinarinnar
- geri grein fyrir helstu kenningum innan félagsfræðinnar
- beiti félagsfræðikenningum til að skoða samfélagsleg málefni
- geri sér grein fyrir félagsfræðilegu innsæi og verði fær um að beita því
- skilgreini og beiti helstu hugtökum sem tengjast félagslegri lagskiptingu, svo sem stétt, stöðu og félagslegum hreyfanleika
- geri sér grein fyrir helstu kenningum um lagskiptingu og beiti þeim á ólík samfélög
- geri sér grein fyrir og beiti kenningum um frávík og beri saman mismunandi gerðir frávíka
- geri sér grein fyrir helstu tegundum afbrota og þekki viðbrögð samfélagsins gagnvart afbrotamönnum
- geri sér grein fyrir orsökum fíkniefnaneyslu og skaðsemi hennar gagnvart einstaklingi, fjölskyldu og samfélagi
- fjalli um ólíka boðskiptahætti, allt frá munnlegum boðskiptum til Netsins
- geri sér grein fyrir kenningum um fjölmiðla og áhrif þeirra og geti útskýrt hlutverk fjölmiðla í samfélaginu
- þekki kenningar um sjálfsmyndina
- útskýri táknræn samskipti
- geri sér grein fyrir kenningum um kynhlutverk og geti útskýrt hvernig kynhlutverk lærast gegnum félagsmótun
- geti tekið þátt í umræðum um samfélagsleg málefni og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýninni hugsun
- geti beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á eigin námi og unnið í samvinnu við aðra
- geti hagnýtt Netið til að afla sér þekkingar um félagsfræðileg viðfangsefni

### Námsmat

Námsmat er að hluta til byggt á skriflegu prófi en að hluta á verkefnum og virkni í hópstarfi (t.d. á Netinu) þar sem nemendur beita félagsfræðilegum aðferðum og kenningum við að greina og útskýra samfélagsleg málefni. Báðar aðferðir eiga að sjálfsögðu að vera í samræmi við markmið áfangans.



## FÉL 303 Stjórnmálafræði

Undanfari: FÉL 203

### Áfangalýsing

Í áfanganum er stjórnmálafræðin kynnt sem fræðigrein. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á helstu hugtökum sem notuð eru í fræðigreininni. Nemendur læra að greina helstu hugmyndafræðistrauma stjórnmálanna. Þeir læra um einkenni og forsendur lýðræðis og hvað greini lýðræði frá einræðis- og alræðisstjórnarfari. Rakin er þróun íslenskra stjórnmála frá sjálfstæðisstjórnmálum til stéttastjórnmála og til þeirrar margbreytni sem nú einkennir íslensk stjórnmál. Nemendur meta þróun íslenskra stjórnmála út frá þeim hugtökum sem þeir læra og tengja sögu íslenskra stjórnmálaflokka við helstu hugmyndakerfin. Nemendur læra um þróun og hlutverk Alþingis, sögu og fylgisþróun stjórnmálaflokkanna og áhrif ólíkra hagsmunasamtaka í íslenskum stjórnmálum. Nemendur læra hvernig túlka má íslenska stjórnmálakerfið og stjórnmálaþátttöku út frá ólíkum kenningum. Nemendur skoða hlutverk fjölmiðla varðandi lýðræðisþróun og hvernig áhrifavaldar í stjórnmálum nota fjölmiðla, þar á meðal heimasíður á Netinu.

Meginmarkmið áfangans er að gera nemendur hæfari til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Stefnt er að því að nemendur geti lagt gagnrýnið mat á átakaefni í íslenskum stjórnmálum og að þeir geti rökstutt slíkt mat með fræðilegum vinnubrögðum.

Efnið er kynnt með fyrirlestrum og í umræðuformi. Nemendur leita að upplýsingum á Netinu og geisladiskum, sem og með samskiptum við aðra á Netinu, og kynna sér af eigin raun (t.d. með heimsóknum eða á Netinu) stjórnmálamenn og stofnanir sem tengjast stjórnmálum. Nemendur vinna sjálfstæð verkefni.

## Áfangamarkmið

### Nemandi

- geti lýst helstu viðfangsefnum stjórn málafræðinnar
- skilgreini og beiti hugtökunum hugmyndafræði, stjórnkerfi, vald og lýðræði
- greini á milli og taki rökstudda afstöðu til helstu hugmyndakerfa stjórn mála, svo sem byltingarsinn aðrar, umbótasinn aðrar, frjálslyndrar og íhaldssamrar hugmyndafræði
- greini á milli og meti mismunandi stjórnkerfi og þekki helstu innviði þeirra
- greini á milli og meti ólíkar kenningar um vald og lýðræði
- lýsi þróun íslenskra stjórn mála og geti greint á milli sjálfstæðisstjórn mála og stéttastjórn mála
- tengi sögu íslenskra stjórn málaflokka við helstu hugmyndakerfi stjórn mála
- lýsi fylgisþróun íslensku stjórn málaflokkanna og fjalli um einkenni mismunandi kjósendahópa
- geti tekið rökstudda afstöðu til helstu þátta sem nú einkenna ágreining og átök á milli og innan íslenskra stjórn málaflokka
- lýsi hugmyndinni um þrískiptingu ríkisvaldsins og útskýri hvernig hún er útfærð í íslenska stjórnkerfinu
- túlki íslenska stjórn málakerfið og stjórn málaþátttöku í ljósi ólíkra stjórn málafræðikenninga
- lýsi áhrifum ólíkra hagsmunasamtaka í íslenskum stjórn málum

## Námsmat

Námsmat felst í prófi og þátttöku í sjálfstæðum verkefnum sem reyna á gagnrýnið mat nemenda á tilteknum eignum íslenskra stjórn mála. Markmiðin eru leiðarljós námsmatsins.





## FÉL 313 Félagsfræði þróunarlanda

Undanfari: FÉL 203

### Áfangalýsing

Nemendur kynnst mismunandi hugmyndum um skiptingu heimsins, einkum tvískiptingu hans í þróuð lönd og vanþróuð. Þeir læra um mismunandi hugmyndir að baki þeim hugtökum sem eru notuð yfir þróunarlönd, svo sem „vanþróuð lönd“, „þriðji heimurinn“ og „Suðrið“. Þeir læra um ólíka merkingu þróunarhugtaksins. Nemendur gera sér grein fyrir efnahagslegum, stjórnmálalegum og menningarlegum einkennum þróunarlanda. Þeir kynnst ólíkum kenningum um orsakir vanþróunar og hugmyndum um þróunarmöguleika samfélaga í þriðja heiminum. Fjallað verður um ólíkar tegundir þróunarsamvinnu og sérstaklega um þróunaraðstoð Íslendinga.

Áhersla verður lögð á að nemendur geri sér grein fyrir margbreytileika samfélaganna í Suðri. Þeir kynnst því hvernig aðferðir mannfræðinnar hafa verið nýttar til að rannsaka einföld samfélög og kynna sér a.m.k. eina athugun mannfræðinga á óiðnvæddu samfélagi.

Meginmarkmið áfangans er að nemendur geri sér grein fyrir hinum gríðarlegu efnahagslegu og félagslegu vandamálum sem ríki þriðja heimsins eiga við að etja og að þeir muni í framtíðinni kynna sér málefni sem tengjast samfélögum þriðja heimsins. Ætlast er til að nemendur geti lagt gagnrýnið mat á mismunandi hugmyndir um þróun og vanþróun.

Kennari kynnir efnið með fyrirlestrum og eftir þörfum með myndböndum, heimsóknnum og vettvangsferðum. Ætlast er til að nemendur þekki Netið nægilega til að geta aflað sér þekkingar á málefnum sem tengjast þróunarlöndum. Kennari örvar nemendur til sjálfstæðra vinnubragða með umræðum og verkefnavinnu og hvetur þá til samskipta

við íbúa í þriðja heiminum. Nemendur skulu vinna að rannsóknarvinnu um tiltekinn þátt sem varðar tengsl Íslendinga við þriðja heiminn. Í þeirri rannsóknarvinnu skal leggja áherslu á að nýta margvíslegar aðferðir til að afla heimilda.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- skilgreini hugtökin þróunarlönd, vanþróuð lönd, þriðji heimurinn og Suðrið, þekki sögu þessara hugtaka og geri sér grein fyrir vandamálum við beitingu þeirra
- geri sér grein fyrir mismunandi merkingu hugtaksins þróun og geti beitt hugtakinu á ólíka vegu
- lýsi helstu efnahagslegum einkennum þróunarlanda
- lýsi helstu stjórnmálalegum einkennum þróunarlanda
- lýsi helstu menningarlegum einkennum þróunarlanda
- geri sér grein fyrir margbreytileika samfélaga í Suðrinu
- leggi mat á helstu hugmyndir um orsakir og afleiðingar fólksfjölgunar
- lýsi breytingum sem orðið hafa á stöðu ýmissa þróunarlanda síðustu ár og áratugi
- beiti kenningum um vistfræðilegar orsakir vanþróunar og geti lagt rökstutt mat á þær
- beiti kenningum um nútímavæðingu og geti lagt rökstutt mat á þær
- beiti kenningum um samband vanþróunar, nýlendustefnu og síðnýlendustefnu og geti lagt rökstutt mat á þær
- útskýri hvernig helstu hugmyndir um orsakir vanþróunar tengjast mismunandi kenningum um þróunarmöguleika þriðja heimsins
- beri saman mismunandi tegundir þróunaraðstoðar og leggi rökstutt mat á þær
- lýsi sögu íslenskrar þróunaraðstoðar og umfangi hennar og taki gagnrýna afstöðu til hennar



- lýsi og leggi rökstutt mat á helstu aðferðir mannfræðinga til að rannsaka samfélög í þriðja heiminum
- skýri frá a.m.k. einni rannsókn mannfræðinga á samskiptum fólks í einhverju samfélagi í þriðja heiminum

### Námsmat

Námsmat samkvæmt framangreindum markmiðum er annars vegar byggt á prófi og hins vegar á verkefnum þar sem reynir á að nemandinn leggi sjálfstætt mat á tiltekna umræðu um þróunarlönd.

## FÉL 323 Mannfræði

Undanfari: FÉL 203

### Áfangalýsing

Fjallað er í grundvallaratriðum um tvískiptingu mannfræðinnar í líkamsmannfræði og félags- eða menningar-mannfræði. Nemendur læra að skoða fjölbætt einkenni mannsins sem lífveru og félagsveru. Áhersla er lögð á að nemendur kynni sér þróunarhugtakið á gagnrýninn hátt í tengslum við hugmyndir um líffræðilega og menningarlega þróun. Þá er menningarhugtakinu gerð ítarleg skil ásamt samanburðaraðferð og vettvangsathugun mannfræðinnar. Nemendur kynnst því hvernig mannfræðingar hafa beitt þessum aðferðum við gerð þjóðlýsinga á einföldum óiðnvæddum samfélögum þar sem fjallað er um mannlífsþætti og menningu, svo sem heimsmynd, lífsviðurværi og sífjar. Einnig eru rædd þau vandamál sem fylgja því að rannsaka og rita þjóðlýsingu og hvernig það tengist hugmyndum um framandleika og kunnugleika. Með markvissri notkun afstæðishyggju eru nemendur hvattir til að skoða menningarlegan margbreytileika mannlífsins nær og fjær.

Þá kynnst nemendur þeim rannsóknarsviðum sem erlendir og íslenskir mannfræðingar hafa beint sjónum að á Íslandi, svo sem Íslendingasögum, þjóðsögum, sjávarþorpum, þjóðernishyggju, ímynd Íslands og ferðaþjónustu. Með þessu móti er áhersla lögð á að nemendur átti sig á hnattrænu sjónarhorni mannfræðinnar.

Meginmarkmið áfangans er að nemendur geri sér grein fyrir fjölbreytileika menningarsamfélaga sem byggja þessa jörð og hvernig mannfræðin nálgast þennan margbreytileika með aðferðum sínum og sjónarhorni. Þá er ætlast til að nemendur geti lagt gagnrýnið mat á afstæðishyggju og þróunarhyggju. Einnig er ætlast til að nemendur átti sig á gagnkvæmum tengslum framandleika og kunnugleika.



Kennari kynnir efnið með fyrirlestrum og myndböndum eftir þörfum. Nemendur eru hvattir til sjálfstæðra vinnubragða með umræðum og verkefnavinnu. Nemendur vinna að rannsóknarverkefni um menningareinkenni tiltekins samfélags eða tengsl milli menningarsamfélaga. Í þeirri rannsóknarvinnu ber nemendum að beita margvíslegum aðferðum félagsvísinda til heimildaöflunar. Fyrir utan hefðbundin kennslugögn er ætlast til að nemendur geti nýtt sér Netið við upplýsingaöflun: þeir eiga að geta fundið gögn, unnið með þau og haft samskipti við aðra um efni áfangans.

### Áfangamarkmið

#### Nemandi

- lýsi helstu hugmyndum líkamsmannfræðinnar um þróun mannsins
- geri sér grein fyrir meginhugmyndum um tengsl líkamlegrar þróunar mannsins við þróun menningar og tungumáls
- geti gert grein fyrir einkennum mannsins sem félags- og menningarveru
- útskýri hugmyndina um aðgreiningu mannlegs tungumáls og dýramáls
- leggi mat á umræðuna um þróunarhugtakið og þá gagnrýni er hefur verið sett fram varðandi líffræðilega og menningarlega þróun
- geri menningarhugtakinu og helstu vandamálum þess ítarleg skil
- lýsi samanburðaraðferðinni og beiti henni óhlutdrægt
- lýsi vettvangsathugun og viti hvernig og hvers vegna henni er beitt
- fjalli um margbreytileika þjóðlýsinga og þau vandamál er fylgja því að afla upplýsinga og að rita frambærilega þjóðlýsingu; átti sig á því að framandleikinn og kunnugleikinn eru tvær hliðar á sama máli
- beiti afstæðishyggju í umræðum um menningarleg málefni og þekki til takmarkana hennar

### Nemandi

- lýsi helstu hugmyndum mannfræðinga um hvernig megi skoða forna íslenska menningu, svo sem Íslendingasögurnar og íslenskar þjóðsögur
- lýsi því hvernig megi beita samanburðaraðferðinni til að útskýra hvaða þætti í nútímanum á Íslandi sé gagnlegt að rannsaka mannfræðilega
- útskýri hvaða áhrif hnattvæðingin hefur á menningu, þjóðerni og rannsóknir í mannfræði

### Námsmat

Námsmat er byggt á framangreindum markmiðum, að einhverjum hluta á prófi en að stórum hluta byggt á verkefnum þar sem reynir á að nemandinn sýni sjálfstæð vinnubrögð og sjálfstætt mat við samanburð á ólíkum menningareinkennum.



## FÉL 403 Aðferðafræði

Undanfari: FÉL 3X3

### Áfangalýsing

Fjallað verður um eðli og tilgang vísinda og helstu rannsóknaraðferðir félagsvísinda í því ljósi. Þá verður rætt um kosti þeirra og galla. Bornar verða saman meginlegar og eigindlegar rannsóknir, tengsl þeirra við kenningar skoðuð og hvernig ólíkar aðferðir tengjast mismunandi sjónarmiðum um eðli þekkingar innan félagsfræðinnar. Rætt verður um aðferðafræðileg og siðferðileg vandamál tengd rannsóknum og sú umræða tengd gagnrýninni umfjöllun um niðurstöður rannsókna. Rannsóknarferlinu er lýst og fjallað um úrvinnslu, greiningu og kynningu gagna.

Meginmarkmið áfangans er að auka áhuga, þekkingu og skilning nemandans á rannsóknaraðferðum félagsfræðinnar til þess að hann verði fær um að meta, taka afstöðu til og fjalla á gagnrýninn hátt um rannsóknir félagsvísindanna og beita þeim í nokkrum mæli.

Efnið er kynnt með fyrirlestrum, umræðum og verkefnavinnu nemenda og síðan vinna nemendur rannsóknarverkefni þar sem þeir fá hjálfun í að beita einni eða fleiri rannsóknaraðferðum og sýna öguð vinnubrögð með því að fylgja vísindalegu rannsóknarferli. Nemendur kynnast því hvernig tölfræðiforrit eru notuð til að vinna úr könnunum. Fyrir utan hefðbundin kennslugögn er ætlast til að nemendur geti nýtt sér Netið við upplýsingaöflun: þeir eiga að geta fundið gögn, unnið með þau og haft samskipti við aðra um efni áfangans.

## Áfangamarkmið

### Nemandi

- skilgreini félagsfræði sem vísindagrein
- skilgreini hugtökin kenning og rannsókn og greini tengsl á milli þeirra
- geri grein fyrir helstu rannsóknaraðferðum, þ.e. könnun, athugun, tilraun og skráðum heimildum
- meti kosti og galla helstu rannsóknaraðferða
- beri saman megindlegar og eigindlegar rannsóknir og tengi við kenningar
- velji rannsóknaraðferð fyrir tiltekið rannsóknarefni og rökstyðji valið
- lýsi, nefni dæmi um og leggi mat á aðferðafræðileg vandamál í rannsóknum tengd réttmæti, áreiðanleika, hlutleysi og sérstöðu félagsvísinda
- lýsi, nefni dæmi um og leggi mat á siðferðileg vandamál í rannsóknum tengd stöðu rannsakandans, stöðu þeirra sem rannsakaðir eru og því hvernig niðurstöður rannsókna eru notaðar
- lýsi vísindalegu rannsóknarferli og beiti á valin rannsóknarefni
- setji fram rannsóknarspurningar og tilgátur um valin rannsóknarefni
- geri einfalda félagsfræðilega rannsókn og vinni úr henni helstu niðurstöður
- vinni með tölvuforrit fyrir úrvinnslu kannana
- kynni rannsóknarniðurstöður á viðeigandi hátt
- leggi gagnrýnið mat á niðurstöður rannsókna sem kynntar eru í fjölmiðlum

## Námsmat

Námsmat felst í skriflegu prófi, þátttöku í verkefnavinnu og vinnuferli rannsóknar sem er metið t.d. í formi dagbókar, með vinnublöðum eða athugun á vinnu nemenda. Enn fremur verður afurð rannsóknarinnar metin eins og hún birtist t.d. í formi skýrslu, heimasíðu, veggspjalds eða myndbands.





## FÉL 503 Rannsóknarverkefni

Undanfari: FÉL 403

### Áfangalýsing

Nemendur vinna rannsóknarverkefni þar sem þeir fá þjálfun í að beita rannsóknaraðferðum félagsvísindanna og sýna öguð vinnubrögð með því að fylgja vísindalegum rannsóknarferli. Ýmist getur verið um einstaklings-, para- eða hópverkefni að ræða. Nemendur velja félagsfræðilegt viðfangsefni í samráði við kennara og annaðhvort velur nemendahópurinn sér sameiginlegt viðfangsefni eða hver nemandi velur sér sjálfstætt verkefni. Nemendur beita a.m.k. tveimur ólíkum rannsóknaraðferðum í verkefninu.

Meginmarkmið áfangans er að gera nemandann hæfan til að vinna sjálfstætt að rannsóknarverkefni í félagsfræði, beita öguðum vinnubrögðum og skrifa um það rannsóknarskýrslu.

Kennari stýrir og veitir nemendum leiðsögn við rannsóknarvinnuna allt ferlið en nemendur stunda sjálfstætt nám og bera sjálfir ábyrgð á framgangi vinnu við rannsóknina. Nemendur skrifa rannsóknarskýrslu og kynna rannsóknina í lok annarinnar með fjölbreyttum aðferðum, t.d. á veggspjaldi, á vefsíðum og með fyrirlestri. Ætlast er til að nemendur geti nýtt sér Netið við upplýsingaöflun: þeir eiga að geta fundið gögn, unnið með þau og haft samskipti við aðra um efni áfangans.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- sýni sjálfstæði í vinnubrögðum við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu einfaldrar félagsfræðirannsóknar
- fylgi vísindalegu rannsóknarferli við einfalda rannsókn
- setji fram staðreynda-, þróunar- og samburðar-spurningar auk fræðilegra rannsóknarspurninga
- setji fram tilgátur um rannsóknarefni

### Nemandi

- geri raunhæfa vinnuáætlun fyrir einfalda rannsókn
- afli sér fjölbreyttra skráðra heimilda, t.d. úr bókum, tímaritum, blöðum og af Netinu
- afli sér heimilda með athugun, t.d. með vettvangs-heimsóknnum og viðtölum
- vinni og leggi mat á upplýsingar úr heimildum á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt
- geri einfalda félagsfræðilega rannsókn þar sem beitt er blandaðri tækni og unnið úr henni helstu niðurstöður
- geti beitt tölfræðiforritum við úrvinnslu/túlkun gagna
- leggi mat á niðurstöður rannsóknarinnar út frá réttmæti og áreiðanleika gagna
- fjalli á gagnrýninn hátt um rannsóknarefnið
- beiti félagsfræðilegu innsæi á rannsóknarefnið
- beiti viðeigandi félagsfræðilegum hugtökum og kenningum á rannsóknarefnið
- kynni rannsóknarniðurstöður sínar á viðeigandi hátt, t.d. með heimasíðu, á veggspjaldi, myndbandi, bæklingi, í upplestri skýrslu og með glærum
- vinni rannsóknarritgerð/skýrslu þar sem gerð er grein fyrir undirbúningi, framkvæmd, úrvinnslu og niðurstöðum rannsóknarinnar og beiti félagsfræðilegum hugtökum og kenningum á efnið
- fylgi viðurkenndum reglum við gerð og frágang rannsóknarskýrslu

### Námsmat

Kennari metur vinnuferlið við rannsóknina út frá athugun á þátttöku nemenda í rannsóknarvinnu, dagbók, vinnublöðum og sjálfsmati nemenda. Metin er afurð rannsóknarinnar í formi rannsóknarskýrslu og kynningar nemenda á niðurstöðum rannsóknarinnar.





# FJÖLMIÐLAFRÆÐI

## Inngangur

Ýmiss konar fjölmiðlun setur mark sitt á líf nútíma-mannsins og hefur mikil áhrif á skoðanir okkar og þekkingu. Fjölmiðlar afla upplýsinga og skilaboða úr ýmsum áttum, umbreyta þeim og velja úr áhersluatriði. Upplýsingarnar eru settar í sérstakan búning og fluttar á öldum ljósvakans, sem prentað mál eða sem stafræn boð sem dreift er um fjölnet. Vegna áhrifamáttar síns eru fjölmiðlar stundum kallaðir „fjórða valdið“ og er þá átt við að þeir hafi áhrif sem jafnast á við dómsvald, löggjafarvald og framkvæmdavald.

Fjölmiðlun hefur gengist undir miklar tæknibreytingar á þessari öld er tengjast dreifingu efnis til almennings og sér engan veginn fyrir endann á þeirri þróun. Fjölmiðlun á Netinu hefur opnað nýja möguleika til miðlunar sem erfitt er að segja til um hvert muni leiða. Eitt veigamikið atriði er að mörkin milli persónubodskipta einstaklinga og fjölda-bodskipta eru mjög óljós innan netheima. Einstaklingar hafa þannig fleiri leiðir til að koma skoðunum sínum á framfæri milliliðalaust og víðar en verið hefur. Gera má ráð fyrir að það hafi töluverð áhrif á valdsvið ritstjóra og áhrif fjölmiðlafyrirtækja sem „fjórða valdsins“.

Í flestum framhaldsskólum á sér stað fjölmiðlun – gefin eru út blöð, myndbönd gerð, ljósmyndir teknar og vefsíður gerðar. Sumir skólar hafa innanhússjónvarp og útvarp. Með aðgangi að Netinu er hægt að sameina þessa þætti í einum netmiðli sem skólinn getur gefið út. Ekkert er því eðlilegra en að ýmis frumatriði fjölmiðlunar séu rædd og kennd í framhaldsskólum, mismikið eftir stærð skóla og áherslum í kennslu.



## Nám og kennsla

Kennsla í fjölmiðlun á framhaldsskólastigi miðast við að nemendur geti nýtt sér viðurkenndar aðferðir fjölmiðla við að afla sér efnis og koma því frá sér. Kennslan getur þannig á sama tíma verið þjálfun í hagnýtri fjölmiðlun og fræðileg greining á fjölmiðlum, sögu þeirra og hugsanlegri þróun í næstu framtíð.

Greining á fjölmiðlun í framhaldsskólum getur verið með ýmsum hætti, t.d. er hægt að kanna áhrif fjölmiðla á hegðun manna, skoðanir og þekkingu, hvort telja megi að fjölmiðlarnir sýni heiminn í tiltölulega réttu ljósi, hvort vald fjölmiðla sé of mikið eða of lítið og hvort þeir séu nægilega gagnrýnir á gjörðir ráðamanna.

Önnur hlið á fjölmiðlun er sú hvernig úrvinnsla skoðana og fréttu fer fram, hverjar séu aðferðir bak við framsetningu fréttu, fyrirsagna og mynda, hvort fjölmiðlar stundi ábyrgan fréttuflutning eða æsifréttamennsku. Nemendur geta kannað mismunandi áherslur blaða í fréttuflutningi og efnisvali, t.d. eftir því hvort blað er morgunblað, síðdegisblað eða netmiðill og eftir því hvernig ritstjórnarstefna þess er. Á sama hátt má skilgreina útvarp og sjónvarp, athuga hvað skilur einkareknar stöðvar frá ríkisreknum og kanna kosti þeirra og takmarkanir. Stór þáttur í allri fjölmiðlun er umbúnaður fréttu og efnis og er það einna sýnilegast á sjónvarpsstöðvunum.

## Skipan náms

Fjölmiðlafræði er kjörsviðsgrein á félagsfræðabraut. Hér eru settir fram fjórir áfangar í greininni. Fyrsti áfanginn ætti að henta í brautarkjarna félagsfræðabrautar.

Megináherslur fjölmiðlafræðinnar eru á fræðilegum þætti miðlunar. Með samsetningu á námi sínu getur nemandinn hins vegar skipulagt námið með hagnýtum áherslum. Það er m.a. hægt með því að í námi á félagsfræðabraut getur nemandinn valið allt að 12 eininga kjörsviðsgrein í hagnýtum fjölmiðlagreinum.



## Lokamarkmið

---

### Nemandi

---

- tileinki sér gagnrýnið hugarfar gagnvart fjölmiðlum
- geri sér grein fyrir gagnsemi og takmörkunum fjölmiðla
- greini víxlverkun fjölmiðlunar, menningar og samfélags
- þekki lög og reglur sem fjalla um fjölmiðlun
- greini áhrif fjölmiðla á viðhorf og mótun einstaklinga, einkum barna og unglinga
- kynnist vinnulagi sem viðhaft er í starfi fjölmiðlafólks
- þekki innviði einstakra greina fjölmiðlunar
- geti flokkað og greint gerðir fjölmiðlunar eftir tækni (t.d. ritmiðlar, ljósvakamiðlar, Netið) og hlutverki (t.d. persónu- og fjöldaboðskipti) og greini breytileg tengsl þar á milli
- kunnir skil á þáttum í sögu fjölmiðlunar
- þekki til rannsókna og kenninga um hlutverk og eðli fjölmiðlunar

## Áfangar

### FJÖ 103 Inngangur að fjölmiðlun

Undanfari: FÉL 103

#### Áfangalýsing

Áfanginn er inngangur og kynning á fjölmiðlafræði. Fjallað verður um þrjú form nútímafjölmiðlunar: blöð og tímarit, ljósvakamiðla og fjölmiðlun innan netheima. Kannað verður hvað einkennir boðskipti innan þeirra og þau borin saman, bæði í sögulegu og fræðilegu samhengi. Gerður verður samanburður á fjöldaboðskiptum og persónulegum boðskiptum, gagnvirkum og ógagnvirkum. Fjallað verður um fréttáflutning í nútímasamfélagi og hvernig fjölmiðlar og fréttastofur meðhöndla fréttir. Reifaðar eru kenningar um áhrifamátt fjölmiðla og þátt þeirra í félagsmótun einstaklinga. Fjallað verður um lög og reglugerðir um fjölmiðla.

Kennslan fer fram í fyrirlestrum, umræðum og verkefnum. Samhliða bóklegu námi er áhersla lögð á að nemendur fygist með því hvernig fjölmiðlar spegla atburði líðandi stundar innanlands og utan.

#### Áfangamarkmið

Nemandi

- skilji hvað mótar fjölmiðla samfélagsins og þekki þau öfl sem hafa áhrif á slíka mótun
- skilgreini muninn á persónulegum boðskiptum og fjöldaboðskiptum
- geri sér grein fyrir hvaða áhrif Netið hefur á aðgengi einstaklinga að fjöldaboðskiptum og fjölmiðlun
- þekki aðalatriði í sögu fjölmiðlunar á Íslandi
- viti hvernig fréttir berast til fjölmiðla
- viti hvernig starfsfólk á fréttastofum vinnur úr þeim upplýsingum sem valdar eru til birtingar

- kynnist ýmsum stílbrögðum í framsetningu fjölmiðla-efnis
- geri sér grein fyrir áhrifamætti fjölmiðla á viðhorf og hegðun einstaklinga
- kanni hvort sumar skoðanir eigi greiðari aðgang að fjölmiðlum en aðrar
- þekki helstu kenningar um áhrif myndmiðla á mótun barna og unglinga
- viti hvernig fjölmiðlar og fjölmiðlatengd fyrirtæki starfa
- þekki til mikilvægra laga og reglna um starfsemi fjölmiðla svo og forsendna fyrir þeim
- hafi innsýn í túlkun margvíslegra kannana á notkun og efni fjölmiðla
- kunni að nýta sér fjölmiðla sem tæki til þekkingaröflunar
- geri sér grein fyrir hvað dagblöð, tímarit, ljósvakamiðlar og fréttamiðlar á Netinu eiga sameiginlegt, svo og sérstöðu hvers fyrir sig

### Námsmat

Hægt er að byggja námsmat annars vegar á lokaprófum og verkefnavinnu úr gefnu námsefni og hins vegar á símati sem byggist á munnlegum/skriflegum verkefnum og vinnuferli nemenda á önninni.

## FJÖ 203 Myndveruleikinn

Undanfari: FJÖ 103

### Áfangalýsing

Áfanginn fjallar um þróun hins myndvædda heims allt frá fyrstu hellaristum til sýndarveruleika í netheimi nútímans. Farið verður í kenningar sem leitast við að skýra áhrif myndheimsins á fólk og hvernig hann hefur mótað skoðanir manna og álit í gegnum tíðina. Fjallað verður um sameiginleg einkenni og sérkenni kyrrmynda, kvikmynda og sýndarveruleikans og tengsl þessara miðla við viðfangið. Stiklað verður á stóru í sögu myndgerðanna og reynt að meta félagsleg, menningarleg og sálfræðileg áhrif þeirra. Áfanganum er skipt í þrjá efnisþætti: kyrrmynd, kvikmynd og sýndarveruleika netheima. Innan hvers þáttar eru markmið sem draga fram sérstöðu þeirra en í kennslu er æskilegt að markmið hvers þáttar séu samþætt eins og kostur er í viðfangsefnum nemenda. Mikilvægt er að nemendur séu að fást við verkefni sem fela í sér greiningu á mismunandi formum myndveruleikans. Nemendur geta skipt með sér verkefnum áfangans og kynnt niðurstöður sínar fyrir bekknum.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki aðalatriðin í sögulegri þróun myndarinnar frá hellaristum til nútímans
- þekki til blaða- og ádeiluteikninga fyrir daga ljósmyndunar
- þekki til upphafs ljósmyndunar og geti fjallað um hver áhrif þessi nýja tækni hafði í fjölmiðla- og listaheiminum
- þekki til stöðu ljósmyndunar í dag og mismunandi eðlis og hlutverks ýmissa sviða ljósmyndunar, svo sem fréttaljósmyndunar, auglýsinga- og tiskuljósmyndunar, fjölskyldu- og umhverfisljósmyndunar
- sýni færni í að túlka ýmiss konar gröf, súlurit og táknmyndir sem notaðar eru í fjölmiðlum og á Netinu

### Kyrrmynd





**Kvikmynd**

- hafi tileinkað sér faglega tækni og þekkingu við að greina kvikmyndir bæði efnislega og tæknilega
- átti sig á tengslum milli menningar (hugmyndafræði, ríkjandi viðhorfa) ólíkra samfélaga og þeirrar kvikmyndaframleiðslu sem einkennir viðkomandi samfélög
- sé fær um að innihaldsgreina kvikmyndir frá ólíkum tímum með tilliti til staðalmynda, samskipta, „æskilegra niðurstaðna“ og fleiri félagslegra þátta
- skilji áhrif markaðsafla við kynningu og útbreiðslu kvikmynda
- geti sett þróun kvikmyndagerðar á Íslandi í samhengi við þróunina erlendis

**Sýndarveruleiki netheima**

- greini helstu sameiginleg einkenni og sérkenni kyrrmynda, kvikmynda, tölvuleikja og samskipta í sýndarveruleika (textaheimi, myndheimi)
- fái innsýn í helstu samskiptasvæði netheima og geti greint frá mismunandi hlutverki þeirra og eðli, sérstaklega með tilliti til félagslegra samskipta
- kanni ýmis samskiptamynstur sem eru að verða til í netheimum og greini frá sérstöðu þeirra og sameiginlegum einkennum við raunheima, t.d. með samanburði á raunpersónu - netpersónu og tölvusjálfi - manneskju
- geti gert grein fyrir ýmsum möguleikum einstaklinga við að skapa og móta netímynd sína, t.d. með því að skoða heimasíður einstaklinga og spjallrásir

**Námsmat**

Mælt er með að námsmatið byggist á verkefnavinnu nemenda á önninni í samræmi við markmið áfangans. Metin skal færni við greiningu efnisins, vinnulag og framsetning verkefna.

## FJÖ 213 Fjölmiðlaheimurinn

Undanfari: FJÖ 103

### Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um fjölmiðla frá tilkomu fyrstu tímarita og dagblaða og fram til okkar daga. Fjallað er um félagsleg og stjórnómálaleg áhrif fjölmiðla og hvernig þau hafa breyst í gegnum tíðina. Kannað er forræði yfir fjölmiðlum, staða þeirra sem „fjórða valdsins“ og hvaða ytri og innri þættir hafa áhrif á fréttamat þeirra og umfjöllunar-efni. Fjallað er um hvern fjölmiðlaflokk fyrir sig, blöð og tímarit, ljósvakamiðla og netmiðla. Gerður er samanburður á eðli þessara miðla. Í áfanganum er fjallað um þróun fjölmiðla með tilkomu Netsins, hvernig fjölmiðlarnir virðast vera að renna saman í einn miðil. Einnig er velt upp spurningum um „ritstjóralaus“ fjölmiðla, sjálfmiðlun og persónufjölmiðla.

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur skili verkefnum í fréttá- og greinastíl. Áhersla verður lögð á skapandi skrif og að unnið sé eftir viðurkenndum aðferðum við fréttaskrif, greinaskrif, viðtalstækni og klippingar á fréttamyndum. Nemendur geta m.a. unnið verkefni sín á Netinu.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- kunnir skil á helstu aðferðum við fréttá- og greinaskrif
- kunnir skil á ýmsum aðferðum viðtalstækni
- kunnir skil á ritstjórnarstefnu ólíkra prentmiðla, svo sem dagblaðs og mánaðarrits
- kunnir skil á helstu atriðum varðandi hönnun dagblaða og tímarita og hvernig tölvur eru nýttar í því sambandi

### Blöð og tímarit



**Ljósvakamiðlar**

- þekki sögu og hlutverk ljósvakamiðla á Íslandi
- átti sig á menningargildi ljósvakamiðla
- kunni að gagnrýna og leggja mat á dagskrárefni íslenskra og erlendra útvarps- og sjónvarpsstöðva
- greini á milli hlutlægs og hlutdrægs fréttáflutnings
- þekki til helstu opinberra reglna sem tengjast ljósvakamiðlum
- þekki þau skilyrði sem fylgja því að reka ljósvakamiðil

**Netmiðlun**

- geti greint helstu sameiginleg einkenni og sérkenni netfjölmiðla í samanburði við hefðbundna prent- og ljósvakafjölmiðla
- meti á hvern hátt margmiðlun netfjölmiðla getur sameinað hefðbundna fjölmiðla undir einum hatti
- geri grein fyrir möguleikum almennings að setja fjölmiðlaefni á Netið fram hjá hefðbundinni ritstýringu
- skoði stöðu „fjórða valdsins“ með tilliti til tölvunetvæðingar heimsins

**Námsmat**

Hægt er að byggja námsmatið á fjölmiðlaverkefnum nemenda og meta þau samkvæmt fyrir fram ákveðinni ritstjórnarstefnu sem mótuð verður í upphafi áfangans.

## FJÖ 303 Fjölmiðlun og netsamskipti, verkefnaáfangi

Undanfari: FJÖ 203/213

### Áfangalýsing

Verkefnavinna nemandans er veigamesti þátturinn í áfanganum og segja má að kunnáttan komi fram í undirbúningi, framkvæmd og úrvinnslu hvers verkefnis fyrir sig. Hér er um lokaáfangi að ræða og gerð er krafa um staðgóða undirstöðukunnáttu. Nemendur dýpka þekkingu sína í fræðilegri umfjöllun um hlutverk og gildi fjölmiðla í þjóðfélaginu með lestri, viðtölum og vettvangsferðum.

Hver nemandi velur sér síðan eitt viðamikil umfjöllunar efni eða nokkur smá verkefni sem hann vinnur undir handleiðslu kennarans. Ýmist getur verið um einstaklings-, para- eða hópverkefni að ræða. Æskilegt er að nemendur sérhæfi sig í þessum verkefnum og velji eitt eftirtalinn: dagblöð/tímarit, ljósvakamiðil, kvikmyndir, myndmiðla, netheima eða rannsóknarvinnu. Hér reynir á beitingu sjálfstæðra vinnubragða.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki fræðilega undirstöðu fjölmiðlafræðinnar
- hafi náð tókum á faglegum vinnubrögðum
- sé fær um að afla sér heimilda eftir fjölbreytilegum leiðum, svo sem með viðtölum, vettvangsferðum og notkun Netsins og ýmissa gagnagrunna
- geti sýnt fram á sjálfstæði í vinnubrögðum við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu verkefna
- geti gert einfalda fjölmiðlarannsókn og unnið úr helstu niðurstöðum hennar
- sé undir það búinn að hefja nám á háskólastigi í greininni



### Námsmat

Kunnáttu í lefni áfangans má meta á munnlegum prófum þar sem reynir á þekkingu og skilning nemandans. Verkefnavinna nemandans er veigamesti þátturinn í námsmati og segja má að beiting kunnáttunnar komi fram í undirbúningi, framkvæmd og úrvinnslu hvers verkefnis.



# HAGFRÆÐIGREINAR

## Inngangur

Hagfræðigreinar fjalla um efni sem snerta daglegt líf allra einstaklinga, hver sem staða þeirra og hlutverk er í samfélaginu. Hagfræðileg og viðskiptaleg efni eru stöðugt til umfjöllunar í fjölmiðlum og í samtölum fólks. Þekking á helstu lögmálum, sem að verki eru í efnahagslífinu jafnt og einstökum þáttum, svo sem skattamálum, ársreikningum fyrirtækja, verðbréfamarkaði og kennitölum hlutabréfa, eru nauðsynlegt veganesti í nútímaþjóðfélagi.

Segja má að almenn þekking á þessu sviði sé ein af forsendum þess að þjóðfélagsþegnarnir geti tekið virkan þátt í umræðu um samfélagsleg málefni, myndað sér skoðanir byggðar á þekkingu og þannig verið vel í stakk búnir að taka þátt í lýðræðislegri ákvarðanatöku.

Þjóðhagfræðin fæst við grundvallarspurningar eins og þær hvernig samfélagið geti nýtt framleiðsluþætti á hagkvæmasta máta til framleiðslu á vörum og þjónustu og hvernig efnahagslegum gæðum er skipt á meðal samfélagsþegnanna. Hún tekur fyrir helstu stofnanir efnahagslífsins og skoðar samspil þeirra. Efnahagsþróun og helstu markmið og leiðir í stjórn efnahagsmála eru jafnframt veigamikil umfjöllunarefni í þjóðhagfræði.

Í rekstrarhagfræði er sjónum beint að þeim atriðum sem mestu skipta þegar lagður er grunnur að ákvörðunum um rekstur fyrirtækja og stofnana. Fjallað er um þætti eins og skipulag, áætlanagerð, fjármál, markaðssetningu og stefnumótun.



Kröfur til þeirra sem starfa við skrifstofustörf og verslun hafa aukist í takt við alþjóðavæðingu efnahagslífsins og með innleiðingu nýrrar tækni. Nýjungar á sviði upplýsingatækni og fjarskipta hafa á fáum árum gjörbreytt vinnu- aðstæðum þeirra sem starfa á þessu sviði. Mikilvægt er að nám í viðskiptagreinum taki mið af þessari þróun þannig að nemendum gefist kostur á að spreyta sig á raunhæfum verkefnum við sem raunverulegastar aðstæður.

## Lokamarkmið

### Nemandi

- öðlist skilning á skipulagi og uppbyggingu framleiðslu og þjónustu í nútímasamfélögum
- geri sér grein fyrir verðmætasköpun einstakra fyrirtækja og heildarverðmætasköpun samfélagsins
- þekki mikilvæga þætti í rekstri fyrirtækja, bæði um innra skipulag og ytri aðstæður
- greini hringrás efnahagslífsins og gangverk markaðskerfisins
- öðlist þekkingu á skipulagi og stjórnun efnahagsheilda, heimila, fyrirtækja, þjóðfélaga og alþjóðaviðskipta
- þekki mælikvarða og tæki hagstjórnar og umræðu um mismunandi leiðir í efnahagsmálum
- öðlist skilning á nútímalegum hagkerfum, kostum þeirra og takmörkunum
- greini samhengi umhverfisverndar og markaðsverðmyndunar
- þekki helstu stofnanir sem fara með viðskipti og hagfræðileg málefni, héraendis og í alþjóðaviðskiptum
- þekki mikilvæga þætti í millirikjaviðskiptum og alþjóðlegu efnahagsumhverfi
- þekki og geti notað algeng hugtök í viðskipta- og efnahagslífi
- geti tileinkað sér og greint daglega umræðu um hagfræðileg og viðskiptaleg efni
- noti ýmis tæki við lausn hagfræðilegra viðfangsefna, svo sem tölfræðileg gögn, myndrit, líkön og nýjustu upplýsingatækni
- þrói hæfileika til skapandi og gagnrýnnar hugsunar
- sýni hæfni til sjálfstæðis og samstarfs
- komi þekkingu sinni á framfæri í ræðu og riti með fullnægjandi hætti



## Áfangar

### REK 103 Almenn rekstrarhagfræði

#### Áfangalýsing

Í þessum byrjunaráfanga er fjallað um rekstur fyrirtækja, umhverfi þeirra og þann samtakamátt sem liggur að baki reksturi fyrirtækis og árangri þess í samfélaginu. Fjallað er um grunnatriði hagfræðinnar sem varða nýtingu framleiðsluþáttanna og skilgreiningar mismunandi efnahagsheilda. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist yfirsýn yfir fyrirtæki sem efnahagsheild og hvernig það þrífst í samkeppni við önnur fyrirtæki í samfélagsheildinni. Til þess að nemendur öðlist skilning á eðli og uppbyggingu fyrirtækja er farið yfir helstu þætti er varða innra skipulag og ytri aðstæður fyrirtækja. Þannig læra nemendur að flokka atvinnugreinar, kynnast umhverfi og starfsgrundvelli fyrirtækja, stefnumótun og markmiðssetningu, kostnaðargreiningu og grunnþáttum markaðsfræði og bókhalds.

Meginmarkmið áfangans er að nemendur öðlist skilning á viðhorfum stjórnenda til reksturs fyrirtækja og geti fjallað um rekstur þeirra af nokkrum skilningi.

Efnið er kennt með fyrirlestrum, umræðum og verkefnavinnu. Lögð er áhersla á að nemendur nýti þá þekkingu sem þeir hafa af eigin reynslu í atvinnulífinu, taki dæmi þaðan og beri námsefnið saman við eigin reynslu. Verkefnavinna skiptist í einstaklingsverkefni og hópverkefni sem krefjast agaðra vinnubragða og samvinnu. Fyrir utan hefðbundin kennslugögn er ætlast til að nemendur geti nýtt sér Netið til upplýsingaöflunar og skoðunar á þeim vaxandi markaðsmöguleikum sem þar er að finna.

## Áfangamarkmið

### Nemandi

- þekki grundvallarhugtök hagfræðinnar sem fjalla um framleiðsluþætti, skort, val og fórn
- skilgreini efnahagsheildir og helstu strauma efnahagslífsins
- geri greinarmun á frumvinnslu, úrvinnslu og þjónustu og flokki helstu atvinnugreinar
- skilgreini starfsgrundvöll fyrirtækis
- fjalli um helstu þætti í umhverfi fyrirtækja og greini á milli þátta sem þau hafa vald yfir og áhrif á
- þekki þá þætti sem ráða staðarvali fyrirtækja
- kunni vinnuaðferðir við stefnumótun og markmiðssetningu
- geri greinarmun á hámarksmarkmiðum og viðunandi markmiðum
- skýri áhrif hagsmunaaðila á markmiðssetningu fyrirtækja og fjalli um samvinnu og togstreitu á milli þeirra
- skilgreini rekstrarform fyrirtækja
- þekki helstu skipurit, verkaskiptingaraðferðir og dreifingu valds og ábyrgðar
- fjalli um helstu stjórnunarstíla
- útskýri virðisauka (verðmætasköpun) fyrirtækja og ráðstöfun hans
- fjalli um framleiðsluferfi, skipulag tækja og mannafla, teikningu framleiðsluferla og samræmingu á afkastagetu
- þekki helstu kostnaðarhugtök og aðferðir við útreikning framlegðar og rekstrarjafnvægis
- þekki grunnskilgreiningar markaðsfræðinnar
- fjalli um bókhald og mikilvægi þess í rekstri fyrirtækja
- þekki notkun fjárhags-, viðskiptamanna-, lager- og kostnaðarbókhalds



### **Efnisatriði**

Grunnhugtök hagfræðinnar, efnahagsheildir, flokkun fyrirtækja, starfsgrundvöllur og rekstrarform fyrirtækja, stefnumótun, stjórnun, framleiðsla, bókhald, markaðsstarf og kostnaðargreining.

### **Námsmat**

Námsmat felst annars vegar í skriflegu prófi sem byggist á markmiðum áfangans og hins vegar símati sem getur falist í hóp- eða einstaklingsverkefnum, m.a. greiningu á fyrirtæki samkvæmt nánari fyrirmælum kennara.

## REK 203 Rekstrarhagfræði, kostnaðargreining

Undanfarar: REK 103 og STÆ 203

### Áfangalýsing

Í áfanganum er farið yfir helstu skilgreiningar á kostnaði og tekjum fyrirtækja. Leitast er við að auka skilning nemenda á viðfangsefnum í rekstri fyrirtækja og veita þjálfun við lausn verkefna. Fjallað er um hagkvæmasta val framleiðsluþátta, framleiðslu- og kostnaðarföll, framboð, eftirspurn, nytjaföll, verðteygni og verðmyndun við mismunandi markaðsform. Stór hluti áfangans felst í stærðfræðilegri greiningu á rekstrarhagfræðilegum úrlausnarefnum. Efnið er kennt með fyrirlestrum, dæmum, einstaklings- eða hópverkefnum. Áhersla er lögð á stærðfræðilega nálgun og notkun línurita til að leysa rekstrarhagfræðileg viðfangsefni, svo sem kostnað, tekjumyndun og jafnvægi í rekstri fyrirtækja. Nemendur eru m.a. þjálfaðir í að beita deildun við hámerkun hagnaðar og línulegri bestun við val á framleiðslukostum. Við úrlausn verkefna er gert ráð fyrir að notuð sé nýjasta upplýsingatækni og verulegur hluti námsins fari fram í tölvustofum.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- noti líkón til að skýra samband tveggja framleiðsluþátta, svo sem véla og manna, samband verðs og magns, samband framleiðslumagns, kostnaðar og tekna við framleiðslu á vörum
- þekki helstu strauma hagkerfisins og geri sér grein fyrir stöðu fyrirtækja í nútímamarkaðshagkerfi
- geri greinarmun á hámarksmarkmiðum og viðunandi markmiðum fyrirtækja með tilliti til hagsmunaaðila
- skilji mikilvægi framboðs og eftirspurnar til að viðhalda jafnvægi í framleiðslu og neyslu
- geri sér grein fyrir áhrifum hagsveiflna á rekstur fyrirtækja
- þekki framleiðsluþættina og greini framleiðslufallið bæði stærðfræðilega og með líkani



- noti líkön til að útskýra þenslubraut fyrirtækis
- reikni dæmi og útskýri jafnmagns- og jafngjaldalínur
- greini fastan og breytilegan kostnað, tekjur, framlegð og rekstrarjafnvægi
- noti líkön til þess að skýra ákvarðanir neytenda um háþörfun nota
- þekki til kenninga um háþörfun velferðar út frá sjónarhorni fyrirtækja og þjóðfélagsins í heild
- greini á milli einokunar, einkasölusamkeppni og fullkominnar samkeppni á markaðinum
- noti línurit til þess að tjá sig um stöðu á markaði
- noti upplýsingatækni við útreikninga og aðra vinnslu

### Efnisatriði

Líkön, efnahagshringrás, staða fyrirtækja í nútímahagkerfi, kostnaðar- og tekjuhugtök, ábati neytenda, framleiðenda og samfélagsins; framboð, framleiðslufall, tæknileg bestun, jafnmagns- og jafngjaldalínur, þenslubraut, lögmálið um minnkandi afrakstur, meðalframleiðsla, jaðarframleiðsla, vaxtarþörf, vaxtarleiðir, eftirspurn, tekjufall, notagildi, verðteygni, tekju- og staðkvæmdaráhrif, samkeppnis- aðstæður á markaði, fullkomin samkeppni, einkasölusamkeppni, verðleiðsögn, fákeppni, tvíkeppni, einokun, háþörfun hagnaðar, hagkvæmasta val fyrirtækis (magn, verð) og rekstrarjafnvægi.

### Námsmat

Við námsmat getur hentað að beita skriflegu prófi til að kanna skilning nemenda á námsefninu í samræmi við markmið áfangans, enn fremur einstaklingsbundnum verkefnum og hópverkefnum þar sem reynir á getu nemenda til að nota upplýsingatækni við lausn rekstrarhagfræðilegra úrlausnarefna. Æfingapróf mætti halda bæði í tölvunotkun við lausn rekstrarhagfræðilegra verkefna og skrifleg próf sem kanna skilning nemenda á námsefninu.

## REK 303 Rekstrarhagfræði, kostnaðarbókhald

Undanfari: REK 203

### Áfangalýsing

Í áfanganum er farið yfir helstu grundvallaratriði í kostnaðarbókhaldi, sjálfskostnað, framlegðarútreikninga og útreikninga á hagkvæmustu framleiðslusamsetningu. Áhersla er lögð á bókhaldslegar vinnuaðferðir við greiningu kostnaðar við framleiðslu á vöru eða þjónustu. Næmendum er kennt að nota bókhaldskerfið við deilingu sameiginlegs kostnaðar á mismunandi vörur og söfnun kostnaðar á einstakar vörur. Samanburður er gerður á arðsemi mismunandi vörutegunda og leitað eftir hagkvæmustu nýtingu framleiðsluþátta sem til ráðstöfunar eru hjá fyrirtækinu. Rekstrar- og efnahagsreikningar til ársuppgjörs eru settir upp, farið er yfir sjóðstreymi og fjármagnsstreymi. Ársreikningar eru túlkaðir með kennitölum. Fengist er við áætlanagerð, rekstrarjafnvægi og núvirðisreikninga til að meta hagkvæmni verkefna. Stór hluti áfangans felst í bókhaldslegri greiningu á rekstrarhagfræðilegum úrlausnarefnum. Efnið er kennt með fyrirlesturum, dæmum, einstaklings- og/eða hópverkefnum. Við úrlausn verkefna er gert ráð fyrir að notuð sé nýjasta upplýsingatækni og verulegur hluti námsins fari fram í tölvustofum.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki meginviðfangsefni bókhaldskerfa
- þekki grundvallareinkenni sem skilja á milli breytilegs kostnaðar og sjálfskostnaðar
- útbúi tekjuyfirlit með uppgjöri sjálfskostnaðar og breytilegs kostnaðar
- lýsi áhrifum sjálfskostnaðaraðferðarinnar á rekstrarjafnvægi
- lýsi rekstrarbókhaldi og tengslum þess við stjórnendabókhald og fjárhagsbókhald



- skilji hvernig bókhald getur auðveldað áætlanagerð, stjórnun (eftirlit) og ákvarðanatöku
- lýsi helstu þáttum fjárhagsáætlunar og útskýri kosti hennar fyrir fyrirtækið
- þekki grunnhugsun frávikagreiningar við áætlanagerð
- setji upp áætlaða niðurstöðu rekstrar- og efnahagsreiknings
- kunni að beita verkgrunduðum kostnaði
- noti framlegðaraðferð til þess að velja á milli hagkvæmstu framleiðslusamsetningar
- noti töflureikni við lausn verkefna

### Efnisatriði

Kostnaðarbókhald, fjárhagsbókhald, sjálfskostnaður, framlegðarútreikningar, hagkvæm framleiðslusamsetning, núvirdisreikningar. Rekstrar- og efnahagsreikningar, ársuppgjör verslunar- og framleiðslufyrirtækis, sjóðstreymi, fjármagnsstreymi, túlkun ársreikninga með kennitölum. Rekstrarbókhald, skipting kostnaðar á deildir og afurðir, normalkostnaður, staðalkostnaður, frávikagreining, verkgrundaður kostnaður, flokkun kostnaðar og deiling á vöru, beinn og óbeinn kostnaður, kostnaðarvakar, fastur og breytilegur kostnaður, heildarkostnaður og einingakostnaður.

### Námsmat

Námsmat, sem byggist á markmiðum áfangans, getur falist í skriflegu prófi til að kanna skilning nemenda á námsefninu, einstaklingsbundnum verkefnum og hópverkefnum þar sem reynir á getu nemenda til að nota upplýsingatækni við lausn rekstrarhagfræðilegra úrlausnarefna. Æfingapróf mætti halda bæði í tölvunotkun við lausn rekstrarhagfræðilegra verkefna og skrifleg próf sem kanna skilning nemenda á námsefninu.

## ÞJÓ 103 Almenn þjóðhagfræði

### Áfangalýsing

Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi.

Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun hlutfallareiknings, vísitalna, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki grundvöll hagfræðinnar sem fræðigreinar, meginviðfangsefni og grundvallarspurningar
- þekki helstu einkenni markaðshagkerfis og blandaðs hagkerfis
- þekki grunneiningar hagkerfisins og meginhlutverk þeirra
- þekki til lögmálsins um minnkandi afrakstur í framleiðslu og útskýri áhrif þess á kostnaðarmyndun í framleiðslunni
- þekki lögmál markaðarins og útskýri meginþætti verðmyndunar á markaði
- reikni út markaðsjafnvægi og verðteygni út frá gefnum stærðfræðilegum forsendum um eftirspurn og framboð
- þekki til helstu aðila á vinnumarkaði og þeirra þátta er mestu varða í samskiptum þeirra og almennri launmyndun





- þekki hringrás opins, blandaðs hagkerfis
- þekki til ráðstöfunaruppgjors þjóðhagstærða
- skýri þann mun sem er á vergum og hreinum hagstærðum, þjóðarframléiðslu og landsframléiðslu, markaðsverði og þáttaverði
- reikni út þjóðhagstærðir á föstu verðlagi og hlutfallslegar breytingar á milli ára
- þekki helstu tekjuhugtök og aðferðir við að skoða tekjuskiptingu
- þekki til helstu umsvifa hins opinbera í efnahagslífinu og aðferða til fjármögnunar þeirra
- þekki til helstu aðila á peningamarkaði, þekki hlutverk seðlabanka og útskýri hvaða þættir ákvarða peningaframboð, peningaeftirspurn og þar með vaxtastigið
- þekki til helstu ákvörðunarþátta utanríkisviðskipta, svo sem kenninga um hlutfallslega og hreina hagkvæmni
- þekki til greiðslujafnaðar og samsetningar hans með sérstakri áherslu á viðskiptajöfnuð
- þekki til mælikvarða á erlenda skuldasöfnun og greiðslubyrðar af erlendum lánum
- þekki helstu áhrifaþætti nafngengis gjaldmiðla og tilhögun við skráningu á gengi íslensku krónunnar
- þekki hugtakið hagvöxtur, helstu ákvörðunarþætti og vanda við mat á honum, m.a. með tilliti til umhverfisvandamála
- þekki til helstu vandamála í efnahagslífinu, svo sem verðbólgu, atvinnuleysis og erlendrar skuldasöfnunar
- öðlist skilning á efnahagslegu samhengi í þjóðfélaginu
- greini daglega efnahagssumræðu út frá faglegu sjónarmiði, t.d. notkun hugtaka og meðferð hagstærða
- verði vanur að beita upplýsingatækni við upplýsingaöflun og lausn verkefna

### Efnisatriði

Skortur, val, fórnarkostnaður, framleiðsla, framleiðsluþættir, eftirspurn, framboð, markaðsjafnvægi, teygni, heimili, fyrirtæki, vinnumarkaður, markaðshagkerfi, blandað hagkerfi, efnahagshringrás, þjóðhagsreikningar, þjóðartekjur, þjóðhagslegur sparnaður, fjármunamyndun, einkaneysla, samneysla, skattar og fjármál hins opinbera, peningamarkaður, vextir, utanríkisviðskipti, gengi, hagvöxtur, verðbólga, atvinnuleysi.

### Námsmat

Markmiðin eru grundvöllur námsmatsins. Skriflegt próf, einstaklingsverkefni og hópverkefni geta verið þáttur í því. Skilningur á efnahagslegu samhengi skiptir miklu máli og því verða prófspurningar, verkefni og dæmi að vera þannig úr garði gerð að þau meti hæfni nemanda á því sviði. Þekking á hugtökum og helstu hagstærðum og næmi fyrir mikilvægi þeirra í daglegri efnahagsmálaumræðu hefur mikið að segja. Æskilegt er að lögð séu fyrir hópverkefni þar sem nemendur fá þjálfun í að beita þessum hugtökum í umræðu um efnahagsmál.



## ÞJÓ 203 Hagstjórn

Undanfari: ÞJÓ 103

### Áfangalýsing

Áfanginn miðar að því að auka skilning nemandans á starfsemi þjóðarbúsins og hreyfiöflum efnahagsþróunar. Innra samhengi í hagkerfinu er skýrt með hjálp efnahags-hringrásarinnar og með einföldum líkönum. Fjallað er um markmið hagstjórnunar og helstu hagstjórnartæki. Kynntar eru meginstefnur og straumar sem tengjast hagfræði þjóðarbúsins. Fjallað er um markaðskerfið og nokkur grundvallareinkenni þess. Hegðun fyrirtækja í mismunandi samkeppnisformum er skoðuð og fjallað um áhrif fullkominnar og ófullkominnar samkeppni á velferð neytenda. Komið er inn á kenningar um ytri áhrif og markaðsbresti með áherslu á umhverfisvandamál sem skapast af framleiðslu og neyslu í iðnvæddum samfélögum.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki hringrás efnahagslífsins og átti sig á samhengi hagstærða
- túlki heildareftirspurn og heildarframboð í hagkerfinu með hjálp einfalds haglíkans
- þekki til margföldunaráhrifa í hagkerfinu og ástæðna fyrir þeim
- reikni út þjóðartekjur í jafnvægi og aðrar helstu hagstærðir með hjálp einfalds haglíkans
- þekki tæki fjármálastjórnunar og reikni út áhrif beitingar þeirra í einföldu haglíkani
- átti sig á vandamálum sem tengjast hallarekstri hins opinbera
- þekki helstu ákvörðunarþætti peningaeftirspurnar og peningaframboðs
- þekki helstu tæki peningamálastjórnar og geri sér grein fyrir áhrifum beitingar þeirra á vaxtastig

### Nemandi

- þekki til þeirra tengsla sem eru á milli vöru- og peningamarkaðar og afleiðinga þeirra fyrir áhrifamátt hagstjórnaraðgerða
- þekki hugtakið raungengi og átti sig á mikilvægi þess fyrir þjóðarbúskapinn
- þekki til helstu vandamála sem fylgja hagstjórn í opnu hagkerfi
- átti sig á afleiðingum nafngengisbreytinga fyrir þjóðarbúskapinn
- útskýri með hjálp línurits hvernig heildarframboð og heildareftirspurn ákvarðar verðlag og raunþjóðartekjur
- túlki innra og ytra jafnvægi í hagkerfinu og útskýri hvernig mismunandi hagstjórnaraðgerðir geta fært hagkerfið nær innra og ytra jafnvægi
- þekki til meginkenninga um ákvörðun þjóðartekna og áhrifamátt hagstjórnar
- þekki til meginhugmynda í „framboðssinnaðri“ hagfræði
- þekki til hugmynda um þátt væntinga í efnahagslífinu, svo sem kenninga um „skynsamlegar væntingar“
- þekki til helstu forma samkeppni og þeirra forsendna sem liggja til grundvallar þeim
- reikni út verð, magn og hámarkshagnað, annars vegar við fullkomna samkeppni og hins vegar við einokun
- þekki hugtakið velferðarauki og átti sig á því hvernig hann skerðist við einokun
- þekki hugtakið markaðsbrestur og helstu ástæður fyrir markaðsbresti
- tilgreini dæmi um „ytri áhrif“ í framleiðslu og neyslu
- átti sig á samhengi umhverfismála og markaðsverðmyndunar



### Efnisatriði

Efnahagshringrás, heildareftirspurn, heildarframboð, (raun)þjóðartekjur, verðlag, margföldunaráhrif, fjármála-stjórn, peningamálastjórn, ríkisfjármál, vaxtastig, tenging vörumarkaðar og peningamarkaðar, gengisstjórn, raun-gengi, kenningar Keynes, klassísk hagfræði, framboðs-hyggja, skynsamlegar væntingar. Fullkomin samkeppni, einokun, fákeppni, einokunarsamkeppni, velferðarauki, ytri áhrif, markaðsbrestir, samfélagslegar vörur.

### Námsmat

Námsmat byggist á því hve vel markmiðum er náð. Skrifleg próf, einstaklingsverkefni og hópverkefni koma til greina í því skyni. Þekking á hugtökum og skilningur á efnahagslegu samhengi skiptir miklu máli. Hér væri æskilegt að beita í einhverjum mæli hópverkefnum þar sem nemendur fá þjálfun í að beita þessum hugtökum í umræðu um efnahagsmál.

## ÞJÓ 303 Alþjóðahagfræði

Undanfari: ÞJÓ 203

### Áfangalýsing

Hugmyndir og kenningar um milliríkjavíðskipti eru reifaðar og fjallað er um alþjóðlega samvinnu og „alþjóðavæðingu“ í efnahagsmálum. Alþjóðlegar stofnanir og samtök, sem eru virk á efnahagssviði, eru kynnt og athuguð, einkum í ljósi þeirra áhrifa sem þau hafa á íslenskt atvinnulíf. Fjallað er um einkenni fjölþjóðafyrirtækja og um alþjóðleg gjald-eyrisviðskipti. Komid er inn á vanda ríkja þriðja heimsins og samskipti þeirra við iðnvædd velferðarþjóðfélög.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki til ýmissa forma alþjóðlegs samstarfs í efnahagsmálum, svo sem gengiskerfa og samninga um friverslun
- útskýri áhrif innflutningstolla á hagkerfið og lýsi kostum og göllum slíkra aðgerða
- átti sig á því hvaða þýðingu fjölþjóðleg samvinna og samtök eins og Friverslunarsamtök Evrópu (EFTA), ESB, EES og Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) hafi og geti haft fyrir íslenskt efnahagslíf
- þekki meginmynstur heimsviðskipta (alþjóðlega verkskiptingu) og megindrætti í þróun þeirra hin seinni ár
- fái innsýn í vægi fjölþjóðafyrirtækja í hagkerfi heimsins
- þekki til mikilvægis alþjóðlegra gjaldeyrisviðskipta fyrir efnahagsþróun í heiminum og þeirra afleiðinga sem spákaupmennska á gjaldeyrismörkuðum getur haft í för með sér
- þekki til megineinkenna hagkerfa þriðja heimsins og helstu vandamála er hrjá þau
- þekki til nokkurra kenninga um orsakir vanþróunar
- tilgreini dæmi um þróunaraðstoð og rökræði gildi hennar
- þekki til starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans, m.a. í þróunarmálum



### Efnisatriði

Gengiskerfi, fríverslunarsamningar, ESB, EES, Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO), Alþjóðgjaldeyrissjóðurinn (IMF), tollar, alþjóðleg verkaskipting, fjölþjóðafyrirtæki, alþjóðlegir gjaldeyrismarkaðir, spákaupmennska, vanþróun, þróunarkenningar, þróunaraðstoð.

### Námsmat

Metið skal hve vel markmiðunum er náð. Til þess má beita skriflegum prófum og meta einstaklingsverkefni og hópverkefni.



# LANDAFRÆÐI

## Inngangur

Landfræðin er þverfagleg fræðigrein sem hefur almennt menntunargildi. Hún fjallar um legu, útbreiðslu og tengsl ýmissa náttúru- og mannvistarþátta á yfirborði jarðar og breytingar þeirra í tíma og rúmi. Greinin fjallar m.a. um og útskýrir samfélagið með hliðsjón af víxlverkun manns og náttúru og veitir yfirsýn yfir lífsskilyrði, lífshætti og lífskjör manna á jörðinni. Daglega er vísað til landfræðilegrar þekkingar í rökræðu um úrlausnarefni samtímans, t.d. um þróun og skipulag heimabyggðar, breytingar í ferðaþjónustu landsmanna eða umfjöllun um hnattræn umhverfisvandamál. Þar hefur skólinn það hlutverk að dýpka þekkingu og auka skilning.

Íslenskir nemendur búa við einstakar aðstæður. Gjöfular auðlindir skapa landsmönnum sérstakar aðstæður í nokkuð harðbýlu landi þar sem fámenn þjóð hefur byggt upp margbrotið nútímasamfélag sem byggist á hefðum lýðræðis. Þeir eiga að læra að lifa sem virkir einstaklingar í samfélaginu og geta tekið ábyrgðar ákvarðanir um líf sitt og umhverfi.

Markmið kennslu í landafræði er að gera nemendur læsa á mikilvæga þætti í umhverfi, samfélagi og menningu frá nánasta sviði til hinna fjarlægari. Leiðin að þessu marki er að þjálfar nemendur í að átta sig á áhrifum menningar, efnahags, stjórn mála og félagslegra þátta í tengslum fólks og umhverfis. Liður í því er að nemendur fái stöðugt við orð, tölur og tákni, sem og texta, myndir, gröf, töflur, upprætti og kort og að setja niðurstöður athugana skilmerkilega fram.

Sagan hefur fjallað um það hvernig maðurinn beislaði náttúruna í eigin þágu. Nú er komið að þeim tímamótum





að hann þarf að umgangast náttúruna og náttúruauðlindir af vaxandi virðingu og aðgætni og leggja áherslu á mannauðinn. Landafræðin fjallar um umhverfi mannsins í víðum skilningi þar sem leitast er við að tengja saman náttúrufarslega og mannlega þætti í samstæða heild. Í kjarnanámi í landafræði ætti því að leggja áherslu á grundvallarþætti náttúrunnar í kringum okkur með áherslu á þau ferli sem mynda og viðhalda lífi eins og gróður, veðurfar og hafstrauma. Landafræði stuðlar að tengingu milli manns og náttúru á hverjum stað og jörðinni í heild þar sem fjallað er um auðlindir, atvinnulíf, fólksfjölda og byggðaðróun. Þannig læra nemendur að sjá hvernig umhverfið hefur þróast í tímans rás og hvernig hægt er að hafa áhrif á það með velferð allra að markmiði.

Meginþáttur landafræðináms í framhaldsskóla hlýtur að felast í því að breikka, styrkja og dýpka þann þekkingargrunn sem lagður var í grunnskólanum þar sem áhersla verði á notkun upplýsingatækni, úrvinnslu og framsetningu.

### Námsmat

Námsmat í landafræði á líkt og í öðrum námsgreinum að byggjast á markmiðum námsins. Þess skal gætt að námsmatið taki til allra þátta námsins en með því er átt við að auk þekkingarmarkmiða einstakra áfanga skuli meta færni-, skilnings- og viðhorfamarkmið á margvíslegan hátt. Jafnframt skal meta vinnulag og framfarir nemenda. Þar sem takmarkið er ekki einungis að nemendur innbyrði fróðleik til næsta prófs er sérstök áhersla lögð á að nemendur vinni nokkur lítil verkefni. Með verðugum verkefnum fá þeir gott tækifæri til að vege og meta hugmyndir og þroska með sér rökhusun. Hlýtur námsmat að taka mið af þessu.

## Lokamarkmið

### Nemandi

- geri sér grein fyrir nokkrum gerðum landakorta og geti notað þau sér til gagns
- þekki hvernig landslag hefur breyst vegna náttúruferla og aðgerða manna
- kanni ýmsa valkosti landnýtingar
- geri sér grein fyrir hvernig veður og loftslag hefur áhrif á umhverfi okkar
- þrói með sér skilning á því hvort og hvernig náttúruauðlindir eru forsendur fyrir atvinnulífi
- geti rætt nýtingu náttúruauðlinda með tilliti til sjálfbærrar þróunar
- þekki misjafna skiptingu náttúrugæða og auðlegðar í heiminum
- öðlist skilning á og innsýn inn í málefni er tengjast þróun fólksfjölda á Íslandi og jörðinni í heild
- geti notað margvíslegar heimildir og gögn við upplýsingaöflun
- geti unnið sjálfstætt og með öðrum
- æfist í að beita gagnrýninni og skapandi hugsun á þá námsþætti sem unnið er með
- geti rætt siðferðileg álitamál, t.d. aðgerðir stjórnvalda vegna offjölgunar, nýtingu auðlinda og forsendur þróunaraðstoðar
- þjálfist í að útskýra og rökstyðja skoðanir sínar og val
- þroski með sér umburðarlyndi gagnvart sjónarmiðum annarra
- læri að bera ábyrgð á eigin námi
- þjálfist í að nota reynslu sína og þekkingu þverfaglega og beita margs konar vinnuaðferðum



## Áfangar

### LAN 103 Almenn landafræði

#### Áfangalýsing

Í þessum áfanga er fjallað um landafræði sem fræðigrein, notagildi hennar og tengsl við aðrar fræðigreinar. Lögð er áhersla á kortalestur og kortagerð, ýmsar gerðir loftmynda og túlkun þeirra. Fjallað er um landnýtingu á Íslandi og á heimsvísu, breytingar á notkun lands og afleiðingar þess. Skilgreint er hvað felst í skipulagi lands og á hvaða stöðum slíkt skipulag hvílir. Gerð er grein fyrir undirstöðum efnahagslífs, nýtingu auðlinda og tengslum þessara þátta. Kynnt eru grunnhugtök lýðfræðinnar, vandamál er tengjast fólksfjölgun og breytingum á búsetumynstri og loks orsakir og afleiðingar fólksflutninga. Megináhersla er á að nemendur vinni nokkur sérhæfð en fjölbreytt verkefni sem krefjist upplýsingaöflunar með margs konar miðlum og úr fjölbreyttum heimildum.

#### Áfangamarkmið

Nemandi

##### Fræðigreinin

- þekki tvískiptingu fræðigreinarinnar í almenna landafræði (þ.e. náttúru- og mannvistarlandafræði) og svæðalandafræði
- læri að beita vinnuaðferðum landfræðinga, t.d. við að greina meginéinkenni svæða, lýsa þeim og bera saman
- kynnist aðferðum landfræðinga við upplýsingaöflun, t.d. af kortum, geisladiskum og af Netinu

##### Kortalestur og kortagerð

- þjálfist í að lesa úr, búa til og notfæra sér ólík kort, bæði staðfræði- og þemakort
- kynnist undirstöðuatriðum í fjarkönnun, svo sem greiningu loftmynda (úr flugvélum og gervihnöttum) og notkun þeirra við kortateiknun
- fjalli um helstu gerðir kortvarpana og þekki meginásti þeirra og galla

### Nemandi

- þjálfist í að reikna út mælikvarða
- skoði framboð á íslenskum kortum, m.a. staðfræði- og þemakortum, og notkun þeirra
- kynnist og noti bauganet jarðar, m.a. til staðar-ákvörðunar og tímaútreikninga
- þekki helstu drætti í sögu kortagerðar

### Landnotkun og skipulag

- geri sér grein fyrir merkingu hugtaka eins og landnýting, skipulag, auðlind og sjálfbær þróun og geti beitt þeim á ólíka vegu
- þekki hvernig náttúruferlar og athafnir manna hafa breytt yfirborði lands
- átti sig á megindráttum þess hvernig land er nýtt á Íslandi
- þekki hvernig landnýting hefur breyst á Íslandi
- ræði hvaða málefni eru mikilvæg þegar hugsað er til landnýtingar í framtíðinni
- þekki og þjálfist í að nota hugtök í tengslum við landnýtingu og skipulag eins og kjarnasvæði og jaðarsvæði
- geti lýst og útskýrt meginskilyrði ólíkrar landnýtingar, allt frá landbúnaði til þéttbýlis
- þekki helstu gerðir og hlutverk skipulags, svo sem aðal-, svæða- og deiliskipulag
- þekki helstu lög og reglugerðir er lúta að skipulagi og landnýtingu í heimabyggð
- ræði álitamál er varða landnýtingu á ábyrgan hátt
- geri sér grein fyrir á hvaða auðlindum efnahagslíf landsins byggist
- þekki valin dæmi um áformaða nýtingu náttúruauðlinda og tengsl hennar við atvinnulífið
- greini hvernig vatnsaflíð getur verið grundvöllur orkuíðnaðar
- átti sig á hvernig náttúra og menning getur verið grundvöllur ferðaþjónustu
- þekki dreifingu, samsetningu, vöxt og hreyfingu fólksfjölda



- ræði mikilvæg vandamál er tengjast þróun fólksfjölda og búsetu, á Íslandi og erlendis
- skilgreini og noti mikilvæg lýðfræðileg hugtök, t.d. aldurssskiptingu, fæðingartíðni, dánartíðni, barnadauða, meðalævi, lífslíkur, offjölgun og búsetumynstur
- lesi og túlki algengustu gerðir af fólksfjöldatölum og -spám
- þekki kenningar um mannfjöldabreytingar (t.d. tímalíkan mannfjöldapróunar), orsakir þeirra og afleiðingar, t.d. aðhalds- og framsækna mannfjöldastefnu
- þekki þróun og breytingu einstakra svæða á jörðinni með tilliti til búsetu, landnotkunar og menningareinkenna, svo sem trúarbragða og tungumála
- geti útskýrt hvernig þróun atvinnulífs hefur breytt íslensku búsetumynstri
- rökræði tengsl milli fólksfjölda og landnýtingar og vandamál í sambandi við auðlindapurrd, mengun og eyðileggingu vistkerfa
- kynni sér fólksflutninga í sögulegu samhengi allt til líðandi stundar, t.d. flutninga úr dreifbýli í þéttbýli, leit einstaklinga að betri lífskjörum og fólksflótta vegna náttúruhamfara eða stríða

### Efnisatriði

Almenn landafræði, svæðalandafræði, landfræðilegar vinnuáðferðir, gögn, lestur og túlkun korta og loftmynda, kortvarpanir, mælikvarðar, bauganet jarðar, þróun kortagerðar, landnýting á Íslandi, landsvæðaskipulag, aðalskipulag, svæðaskipulag, deiliskipulag, lög, reglugerðir, kjarnasvæði, jaðarsvæði, álitamál um landnýtingu, stoðir íslensks efnahagslífs, áformuð auðlindanýting, vatnsafl, forsendur ferðapjónustu, þróun fólksfjölda, búsetumynstur, aldurssskipting, fæðingartíðni, dánartíðni, barnadauði, meðalævi, lífslíkur, offjölgun, fólksfjöldatölur og -spár, kenningar um mannfjöldapróun, tengsl breytinga í atvinnumálum, landnýtingu og búsetu; auðlindapurrd, mengun, eyðilegging vistkerfa og orsakir fólksflutninga.

## LAN 203 Hagræn landafræði

Undanfari: LAN 103

### Áfangalýsing

Í þessum áfanga er kynnt hvernig fólk aflar sér lífsviðurværis. Fjallað er í stórum dráttum um náttúruauðæfi, framleiðslu, verslun og samgöngur. Tekin eru fyrir dæmi og kenningar um skipulag á fjármagni, vinnuafli, samgöngum og landnýtingu í tíma og rúmi. Fjallað er um hvernig vörur og þjónusta dreifist, um landfræðileg einkenni vaxtarsvæða og um forsendur auðlindanýtingar. Gerð er grein fyrir breytingum á atvinnuháttum og atvinnuskiptingu og kannað hvernig skipulag efnahagslífs er háð ýmsum breytum. Lögð er áhersla á að nemendur vinni nokkur lítil verkefni sem meðal annars mættu tengjast atvinnulífi heimabyggðarinnar. Þá eru notaðar margvíslegar heimildir og miðlar við öflun upplýsinga um Ísland og umheiminn.

### Áfangamarkmið

Nemandi

#### Náttúruauðæfi

- átti sig á auðlindum Íslands í samanburði við auðlindir annarra landa
- geri sér grein fyrir merkingu hugtaka eins og auðlind og forði og get beitt þeim á ólíka vegu
- ræði um misskiptingu náttúruauðæfa
- flokki auðlindir og greini bæði náttúrufarsleg og efnahagsleg vandamál er tengjast nýtingu þeirra
- kynnist helstu hagnýtu jarðefnum heims, svo sem iðnaðar- og byggingarefnum, hvar þau er að finna, megindráttum í myndun og efnahagslegum forsendum fyrir nýtingu þeirra
- þekki helstu orkugjafa í heiminum, svo sem vatnsorku, jarðvarma, olíu, gas, kol og kjarnorku, og hvernig orka er undirstaða tæknivæddra samfélaga
- kynni sér sérstaklega hagnýtingu jarðefna og orkugjafa á Íslandi og í heimabyggð



### Framleiðslu- atvinnuvegir

- geri sér grein fyrir umhverfisáhrifum orkunotkunar í heiminum, á Íslandi og í heimabyggðinni sérstaklega
- kynni sér landbúnað, fiskveiðar og iðnað, bæði á Íslandi og í öðru tæknivæddu ríki
- kanni þróun og framtíðarhorfur þessara atvinnugreina
- þekki til umhverfisáhrifa þessara atvinnugreina, t.d. ofveiði, notkun áburðar og mengun lofthjúps
- kynnist vinnsluaðferðum og tækniframförum í einstökum greinum, t.d. erfðabreytingum á landbúnaðar-  
afurðum
- kanni starfsemi sem sprettur af framleiðslugreinum en byggist fyrst og fremst á hugviti, svo sem upplýsinga-  
starfsemi og forritun
- beri saman staðbundna atvinnu og fjarvinnslu

### Verslun og sam- göngur

- kynni sér flutninga í lofti, á láði og legi og samkeppni milli þessara mismunandi tegunda af flutningum
- kynni sér ólík samgöngukerfi og þróun þeirra
- skoði mynstur flutningsleiða á landakorti og átti sig á samhengi þess við landslag og búsetumynstur
- kanni umfang verslunar í heiminum og utanríkisverslun Íslands sérstaklega
- þekki helstu viðskiptabandalög heims, svo sem ESB, Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku (NAFTA), en sér-  
staklega þau viðskiptabandalög sem Ísland er aðili að, t.d. Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA), EES og Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO)
- kynni sér samninga sem Ísland á aðild að, eins og Schengen-samkomulagið, og hvað í þeim felst
- geri sér grein fyrir muninum á verslun og samgöngum í þróunarlöndum annars vegar og iðnríkjum hins vegar og tengslum þessa við náttúruferfarir á hverjum stað
- kynni sér þróunarsamvinnu vel stæðra ríkja og þróunar-  
landa
- þekki kenningar um efnahagsþróun, svo sem um áhrif miðstýringar og frjálsrar samkeppni

### Nemandi

- þekki landfræðileg einkenni vaxtarsvæða og skilgreini muninn á kjarnasvæði og jaðarsvæði
- kanni áhrif aukinna fjarskipta og upplýsingatækni á verslun og samgöngur

### Efnisatriði

Náttúruauðæfi, auðlindir, forði, vandamál við auðlindanýtingu, misskipting náttúruauðæfa, hagnýt jarðefni, orkugjafar, orkunotkun, framleiðsluatvinnuvegir, landbúnaður, fiskveiðar og iðnaður, upplýsingastarfsemi, umhverfisáhrif atvinnugreinanna, vinnsluáferðir og tækniframfarir, flutningar og samkeppni í flutningum, samgöngukerfi, umfang heimsverslunar, utanríkisverslun Íslands, viðskiptabandalög, verslun og samgöngur í iðnríkjum og þróunarlöndum, þróunarsamvinna, kenningar um efnahagsþróun, miðstýring, frjáls samkeppni, vaxtarsvæði, kjarnasvæði, jaðarsvæði.





## LAN 303 Þróunarlönd og iðnríki

Undanfari: LAN 203

### Áfangalýsing

Í þessum áfanga er fjallað um skiptingu heimsins í þróunarlönd og iðnríki. Alþjóðleg verkaskipting er skýrð í ljósi iðn- og tækniþróunar. Gerð er grein fyrir náttúrufarslegum, efnahagslegum, félagslegum og pólitískum aðstæðum í nokkrum löndum. Borin eru saman nokkur þróunarlönd og iðnríki og fjallað um helstu alþjóðastofnanir og -samtök. Rætt er um vandamál er varða yfirfærslu tækni og fjármagns og skuldasöfnun. Fjallað er um stöðu Íslands í samfélagi þjóða og samvinnu Íslands við önnur ríki. Lögð er áhersla á að nemendur vinni nokkur sérhæfð en fjölbreytt verkefni sem krefjast upplýsingaöflunar með margs konar miðlum og úr fjölbreyttum heimildum.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- geri sér grein fyrir þeim þáttum sem gera landsvæði misjafnlega byggileg og kanni legu þeirra á korti
- þekki mynstur íbúadreifingar á jörðinni
- átti sig á andstæðum ríkja heims með tilliti til auðlinda, atvinnuhátta, lífskjara og menningareinkenna og skoði mynstur þessara þátta á korti
- þekki skýringar á orsökum andstæðna milli iðnríkja og þróunarríkja, t.d. á sviði heilsugæslu, menntunar og atvinnuvega
- átti sig á hvernig ríki heims mynda efnahagslega heild
- beri saman landbúnað, iðnað, verslun og samgöngur í ólíkum heimshlutum
- þekki þróun fólksfjölda í þróunarlöndum
- geri sér grein fyrir hröðum breytingum í búsetumynstri þróunarríkja, svo sem borgvæðingu, og afleiðingum þeirra
- greini atvinnumöguleika í þróunarríkjum með hliðsjón af auðlindum sem fyrir hendi eru og forsendur sjálfbærrar þróunar

Nemandi

- kynni sér mismunandi félagslega og stjórnfélagslega stöðu ríkja í heiminum og horfur þróunarríkja á efnahagslegu sjálfstæði
- þekki helstu alþjóðastofnanir heims, hlutverk þeirra og þátttökuþjóðir, t.d. Evrópska efnahagssvæðið (EES), Evrópusambandið (ESB), Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA), Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), Alþjóðlega tolla- og viðskiptastofnunina (GATT), Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO), Samtök olíuútflutningslanda (OPEC) og Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku (NAFTA), Alþjóðabankinn og Sameinuðu þjóðirnar
- kynni sér forsendur þróunarhjálp og þróunarsamvinnu á vegum alþjóðastofnana, ríkja og frjálsra samtaka
- kanni þróunarsamvinnu Íslands og annarra landa, t.d. jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna og samvinnu við Grænhöfðaeyjar og Namibíu

### Efnisatriði

Byggileg og óbyggileg svæði, íbúadreifing á jörðinni, andstæður ríkja heims, auðlindir, atvinnuhættir, lífskjör og menningareinkenni ríkja og/eða svæða heims, orsakir andstæðna milli iðnriks og þróunarlanda, landbúnaður, iðnaður, verslun og samgöngur í ólíkum heimshlutum, þróun fólksfjölda í þróunarlöndum, breytingar á búsetumynstri, borgvæðing, atvinnumöguleikar í þróunarlöndum, sjálfbær þróun, félagsleg og stjórnfélagsleg staða þróunarlanda, horfur þróunarlanda á sjálfstæði, alþjóðastofnanir eins og Evrópska efnahagssvæðið (EES), Evrópusambandið (ESB), Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA), Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), Alþjóðlega tolla- og viðskiptastofnunin (GATT), Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO), Samtök olíuútflutningslanda (OPEC) og Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku (NAFTA), Alþjóðabankinn, Sameinuðu þjóðirnar, þróunarhjálp og þróunarsamvinna.





# SAGA

## Inngangur

Saga sem fræðigrein og námsgrein í skólum er skipuleg umfjöllun um mannfélagið frá fortíð til liðandi stundar. Sjálfsmynd einstaklinga og hópa mótast af því sem á undan er gengið, af sameiginlegum minningum og menningararfi. Þennan arf þarf að skoða og endurskoða og til þess hafa þróast gagnrýnar leiðir í sögu og sagnfræði. Sagan hefur almennt menntunargildi þar sem til hennar er vísað í daglegu lífi og rökræðu um úrlausnarefni samtímans. Könnun fortíðar lýkur aldrei því að viðhorf til hennar breytast stöðugt. Þó að endanleg niðurstaða fái ekki er jafnan leitað í sjóð reynslunnar og rýnt í visku kynslóðanna.

Lærdómur, sem dreginn er af sögunni, er því aldrei einhlítur en hann er til staðar. Sameinuðu þjóðirnar og skipuleg samvinna Evrópuþjóða eru dæmi um fyrirbæri sem eru til orðin vegna lexíu sem dregin var af seinni heimsstyrjöld. Segja má að sagan hafi þar fengið hagnýtt gildi og hún gegnir einnig hagnýtu hlutverki í ferðapjónustu og ýmissi annarri atvinnustarfsemi. Ekki varðar minna að hún snertir tilvistarspurningar mannsins þar sem hún greinir frá reynslu einstaklinga og þjóða í háska og gleði, amstri og velsæld. Söguleg þekking og innsæi getur dýpkað skilning og aukið vísýni og lífsnautn í mannlegu félagi þar sem skrafað er saman, leitað er lausna á þjóðfélagsvanda og lista notið.

Einstaklingurinn, nemandinn, er alltaf nálægur og miðar sig og mátar við sögu mannkyns, þjóðar, byggðarlags eða fjölskyldu. Hann stendur ekki utan við söguna heldur andspænis henni sem túlkandi og þátttakandi. Í sögunámi er leitast við að túlka fortíð, skilja nútíð og mæta og móta framtíð. Þetta hefur verið kallað *söguvitund*. Nemandinn mætir

fyrri tíðar fólki sem einnig reyndi að móta tilveruna eftir forsendum síns tíma. Í náminu verður leitað að gerendum sögunnar og jafnframt kappkostað að kanna rammann sem hugarfar, lífsbjargarhættir og þjóðskipulag setti þeim og þeir tókust á við.

## Nám og kennsla

Sagan er inntaksmiðuð grein í þessari námskrá. Val inntaksins tekur mið af íslenskum menningararfi og hefðum sem myndast hafa. Inntakið er þó ekki gefið í eitt skipti fyrir öll heldur er sífellt í endurskoðun. Færni-, leikni- og viðhorfsmarkmið, sem einnig eru mikilvæg, snúast því að jafnaði um ákveðið inntak.

Skólanámsgreinin saga hefur löngum snúist mest um stjórnmal þjóða og ríkja enda hefur henni verið ætlað að ala ábyrga þegna sem gætu tekið þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Í þessari námskrá er stjórnmalum gaumur gefinn en jafnframt er leitast við að breikka sögusviðið þannig að auk stjórnála er vikið að öðrum þáttum mannlífs, svo sem menningu í víðri merkingu, siðum og trú, hugarfari og hugmyndastefnum, efnahag og umhverfismálum, félagslegum málum hvers konar og þar á meðal sögu fjölskyldu, kynja og barna. Þetta merkir ekki að allir málaflokkar séu jafnan á dagskrá. Oft er vænlegast að beina athygli að fáum þáttum í einu.

Í þessari námskrá er þjóðarsagan tengd nánari böndum við umheiminn en áður. Saga þjóðar er mikilvæg og verður svo um fyrirsjáanlega framtíð. Á dögum sjálfstæðisbaráttu var mönnum gjarnt að einangra hana. Nú er brýnna að sjá hana í tengslum við það sem gerst hefur í nálægum og fjarlægum löndum til að greina það sem almennt er og sérstætt. Saga Íslands ætti að skýrast fyrir vikið. Þetta er verðugt markmið en vandasamt og merkir ekki að ávallt sé horft bæði heiman og heim. Stundum er tilefni til að flétta saman, stundum að kanna hliðstæður eða samtíða



viðburði og stundum er hugað að hvoru fyrir sig. Þjóðin er heldur ekki eina einingin sem á sér merkingarbæra sögu. Hægt er að rekja sögu fjölskyldunnar, hópa af ýmsu öðru tagi, landshluta, heimabyggðar, samsteypuríkja (t.d. Danaveldis á nýöld), hópa landa (t.d. Norðurlanda), landsvæða (t.d. Norður-Evrópu) og heimsálfna. Auk þess má horfa til trúar- og hugmyndahreyfinga, menningarstrauma og breytinga á atvinnulífi og segja söguna í ljósi þessara þátta án þess að takmarka sig við eigin þjóð.

Þessi markmið, að segja fjölþætta sögu og tengja Ísland við umheiminn, eru í samræmi við margt það sem keppt er að í heimi fræðanna, bæði á Íslandi og erlendis. Af þessum sökum verður hins vegar torvelt að finna einn rauðan þráð í sögunni. Í fjölhyggjusamfélagi okkar tíma þykir mönnum einnig sem þræðirnir séu margir en ekki einn. Samhengi, tengsl og merkingar eru þó mikilvægar. Í þessari námskrá eru þræðir víða dregnir saman á ýmsum stigum námsins. Jafnframt er hvatt til þess að nemendur og kennarar leiti merkingar og samhengis með eigin athugun. Í þeirri leit þarf að skoða heimildir og röksemdir með gagnrýnum huga en jafnframt að beita skapandi og frjórri hugsun og tilfinningu.

Við val efnispáttta og markmiða voru eftirfarandi viðmið höfð í huga:

- það sem er í deiglunni í sagnfræðirannsóknnum og hugmyndastefnum
- hefðbundin viðfangsefni í kennslu og fyrri námskrám
- tengsl Íslands við umheiminn, hliðstæður og sérstæður
- þættir fortíðar sem taldir eru hafa mikil áhrif á nútímann
- tengingar milli hins nærtæka og fjarlæga, hversdagslífs og stjórnmála, einstaklings og samfélags
- aukin áhersla á menningarsögu í viðum skilningi
- að stuðla að virkni nemenda
- spurnarform fremur en gefin svör

Áföngunum í þessari sögunámskrá er skipt í sjálfstæðar heildir (efnisþætti) undir sérstökum fyrirsögnum. Efnisþættirnir eru síðan greindir í markmið sem lýsa mismunandi áherslum, efnistöfum og nálgun.

Skólar, kennarar og nemendur hafa mikið svigrúm samkvæmt þessari námskrá. Valið er milli efnisþátta og markmiða innan efnisþátta eftir nánari leiðbeiningum í hverjum áfanga. Þannig er hægt að sveigja námið að þeim áherslum sem skóli, kennari eða nemandi vill leggja og að þeim vinnubrögðum sem talin eru henta á hverjum stað. Hér er því boðið til veislu á hlaðborði sögunnar. Fyrir þessu mikla valfrelsi liggja einkum tvær ástæður. Annars vegar eru viðhorf innan sagnfræðinnar og til sögu í samfélaginu sem einkennast af mikilli fjölbreytni um þessar mundir. Hins vegar er þróun sögukennslu í framhaldsskólum sem sömuleiðis er með margbreytilegu sniði. Þessi fjölbreytileiki á að speglast í þessari námskrá en jafnframt eru honum markaðir ákveðnir farvegir og veitt leiðsögn.

Að jafnaði henta markmið námskrárinnar vel til verkefnavinnu, hvort sem nemendur skipta með sér ólíkum viðfangsefnum eða sameinast um sama eða skylt efni. Á nokkrum stöðum eru slík markmið sett fram undir heitunum *þversnið* og *langsnið*. Með þversniði er átt við nána könnun á afmörkuðum efnisþætti, oftast á stuttu tímaskeiði. Langsnið merkir hins vegar að efnisþætti er fylgt eftir um lengra tímabil. Þetta eru einungis ábendingar þar sem fleiri markmiðum má í sjálfu sér skipa í þessa flokka. Hvorttveggja hentar þetta til verkefnavinnu þar sem margvíslegar leiðir upplýsingatækni koma að góðum notum.

Sögunám byggist í minna mæli á beinni athugun á náttúru og umhverfi en t.d. landafræði, náttúrufræði og félagsfræði. Uppsprettur sögunnar eru að miklu leyti *heimildir* sem eru vitnisburður um hugsun manna, athafnir og



tilfinningar, umhverfi og náttúru. Hér er fyrst og fremst um ritaðar heimildir að ræða en aðrar menjar um liðna tíð, svo sem myndverk og mannvirki af ýmsu tagi, eru sömu-leiðis heimildir. Vegna þessarar miklu áherslu á heimildir sögunnar skiptir miklu máli að hafa sem greiðastan aðgang að þeim, bæði því sem telja má frumheimildir og úrvinnslu þeirra af ýmsu tagi. Með tölvutækni og nettengingum hefur opnast greiður aðgangur að miklu magni upplýsinga og samskipta. Þetta hefur skapað nýja stöðu sem ekki er séð fyrir endann á. Nokkur athugunarefni má benda á þegar á þessu stigi:

Upplýsingar, sem hægt er að nálgast og veita með rafrænum hætti, þarf að skoða sem viðbót í samhengi við aðra upplýsingagjafa.

Mest af því efni sem Netið og aðrir slíkir miðlar hafa upp á að bjóða eru á erlendum málum. Öflun og úrvinnsla sögulegra gagna getur því einnig verið tungumálavinna.

Tæknileg færni í glímu við tölvur og upplýsingamiðla er mjög misjöfn bæði meðal kennara og nemenda. Hér reynir á að miðla og hagnýta sem best þá kunnáttu sem einstaklingar búa yfir.

Upplýsingalæsi er ekki einungis spurning um tækniþekkingu. Áfram þarf að meta áreiðanleik og gildi heimilda, flokka þær og leiðbeina um notkun. Að sumu leyti reynir meira á þessa þætti með rafrænni tækni. Á Netinu ríkir ekki sú reglufesta sem þróast hefur á bókasöfnum í aldanna rás. Stundum eru vandkvæði á að finna uppruna og höfunda ákveðinna upplýsinga. Fróðleikur, sem birtist á skjá í dag, getur einnig verið horfinn á morgun. Af menntun sinni og reynslu búa kennarar yfir kunnáttu til að fást við margan slíkan vanda og sú kunnátta heldur gildi sínu við breyttar aðstæður.

Á vef Netsins er mikið upplýsingamagn en tölvupósturinn býður einnig góða kosti til að leita svara við spurningum, spjalla á rásum og ráðstefnuneti, skiptast á skoðunum og vinna sameiginleg verkefni milli skóla o.s.frv.

Vefsíðugerð, myndbandstækni og tölvuleikir eru dæmi um upplýsingatækni sem getur hleypt nýju blóði í tileinkun og framsetningu nemenda á sögulegu efni. Það er hlutverk kennarans að hagnýta og benda á slíka möguleika. Hlutverk hans er einnig að gæta þess að tæknin sé notuð til að skýra og varpa nýju ljósi á efnið en verði ekki þess valdandi að inntakið glatist eða gleymist.

Upplýsinga- og samskiptatækni kemur að bestum notum í einstaklings- og hópvinnu þar sem verkefni af ýmsu tagi krefjast sjálfstæðrar vinnu undir leiðsögn kennara og í nánum tengslum við bókasafn. Þetta á við hvort sem slík vinna er ríkjandi aðferð í kennslunni eða hliðarþáttur. Gagnkvæmt má segja að upplýsinga- og samskiptatæknin ýti undir sjálfstæða verkefnavinnu. Reynt hefur verið að haga svo þessari námskrá í sögu að hún henti vel til slíkra vinnubragða.

### Skipan náms

Í almennum kjarna bóknámsbrauta er gert ráð fyrir 6 einingum í sögu. Jafnframt er í þessari námskrá fylgt þeirri stefnu að segja fjölþætta sögu sem spannar mörg svið mannlífs og flest tímaskeið. Saga þjóðar og heims er einnig tengd saman eins og kostur er. Þetta er krefjandi verkefni en ekki óvinnandi. Á stuttum tíma þarf að spanna mikið svið og því er nauðsynlegt að velja. En þannig hefur það alltaf verið. Sagan hefur enga gefna stærð. En þar sem þessi skipan náms er ný af nálinni verða aðferðir og inntak að vera í stöðugri þróun og endurskoðun.





Tímaröð ræður miklu um niðurskipan efnis í áföngum sögunnar. Fyrri áfangi í almennum kjarna (SAG 103) nær þannig til 1750 og á því árabili hefst seinni áfanginn (SAG 203) og nær til líðandi stundar. Menningarsaga (SAG 303) fjallar um ákveðið efnissvið en innan þess er tímaröð engu að síður höfð að leiðarljósi. Gert er ráð fyrir sérstökum áfanga um sögu tuttugustu aldar á kjörsviði félagsfræðabrautar (SAG 313).

Menningarsagan er kjarnaáfangi á félagsfræðabraut en getur jafnframt staðið til boða á kjörsviði annarra brauta og í frjálssu vali ásamt sögu tuttugustu aldar. Skólar geta útbúið fleiri söguáfanga á kjörsviði, svo sem hagsögu, félags sögu, vísindasögu, listasögu, byggðasögu, sögu heims hluta, einstakra landa eða tímabila. Við gerð slíkra áfanga skal tekið mið af þeim lýsingum og þeirri markmiðssetningu sem viðhöfð er í aðalnámskrá.

SAG 503 er rannsóknar- og ritgerðaráfangi sem skólar geta útfært eftir aðstæðum á hverjum stað. Sjá nánar um þetta í almennum inngangi félagsfræðabrautar.

## Námsmat

Námsmat á að sjálfsgöðu að vera beint og rökrétt framhald af markmiðum og kennsluáðferðum áfangans. Að öðru leyti getur það verið með ýmsu sniði, skriflegt eða munnlegt, lokapróf eða símat. Þar sem verkefnavinna vegur þungt í kennslu þarf að meta hana alhliða þannig að umbunað sé fyrir útsjónarsemi við efnisöflun, frumkvæði, gagnrýna úrvinnslu og fleiri þætti jafnt sem þekkingu á efnisatriðum. Vinnuferlið skiptir hér máli. Ýmsar aðferðir hafa verið þróaðar til þess að meta alla þessa þætti og er vísað til handbóka og annarra rita um slíkar aðferðir.

## Lokamarkmið almenns kjarna á bóknámsbrautum (6 einingar)

### Nemandi

- fái þekkingu á og tilfinningu fyrir mismunandi skeiðum sögunnar
- skoði löng skeið sögunnar og kanni afmörkuð svið og tímabil nokkru nánar
- geti afmarkað sögulegt málefni, greint meginþætti og álitamál, leitað eftir mismunandi sjónarhornum, lýst málinu og gefið álit sitt
- sjái sögu Íslands í samhengi við sögu Norðurlanda, Evrópu og heimsins
- öðlist skilning á ýmsum sviðum og hluttakendum sögunnar, menningu og hugarfari, hversdagslífi og stjórnámálum, einstaklingi og samfélagi, tækni og vísindum
- leiti samhengis og tengsla milli tímabila, svæða og sviða
- geti nýtt sér nokkur birtingarform sögunnar, kennslubækur, handbækur, fræðirit, myndefni, margmiðlun, netheima og söfn
- þjálfist í að meta gildi og áreiðanleik heimilda
- geri sér grein fyrir gildi og afstæði sögulegrar frásagnar og skýringa
- komi söguþekkingu sinni og -skilningi á framfæri með fjölbreyttum hætti
- fái lifandi áhuga á fjölþættri sögu



## Lokamarkmið sögu á félagsfræðabraut

### Nemandi

- fáí þekkingu á og tilfinningu fyrir mismunandi skeiðum sögunnar, frá fornöld til líðandi stundar
- skoði löng skeið sögunnar og kanni náíð afmörkuð svið og tímabil
- sjái sögu Íslands í samhengi við sögu Norðurlanda, Evrópu og heimsins
- öðlist skilning á ýmsum sviðum og hluttakendum sögunnar, menningu og hugarfari, hversdagslífi og stjórnmálum, einstaklingi og samfélagi, tækni og vísindum
- glími við viðfangsefni á sviði menningarsögu
- hafi glögga sýn á ýmsa þætti í sögu tuttugustu aldar
- leiti samhengis og tengsla milli tímabila, svæða og sviða
- geti sett sig í spor fólks á ýmsum tímum í ljósi tíðaranda og tækifæra sem skapast hverju sinni
- geti sett sjálfan sig í samhengi sögunnar, sem þátttakanda og skoðanda
- geti nýtt sér ýmis birtingarform sögunnar, svo sem munnlegar frásagnir, kennslubækur, handbækur, fræðirit, myndefni, margmiðlun, netheima, söfn af ýmsum gerðum, sögustaði og mannvirki
- geti tileinkað sér sagnfræðilegt efni í íslenskum fræðiritum og létta erlenda fræðitexta
- geti tekið þátt í skoðanaskiptum og rökræðum með jafnöldrum um sagnfræðileg efni
- geti greint og metið ólík sjónarhorn í völdum sagnfræðilegum álitamálum
- þjálfist í að meta gildi og áreiðanleik heimilda
- geri sér grein fyrir gildi og afstæði sögulegrar frásagnar og skýringa
- komi söguþekkingu sinni og -skilningi á framfæri með fjölbreyttum hætti, í ræðu og riti, á myndrænan hátt og/eða með leikrænni tjáningu, á tölvu og Neti, einn sér og í samstarfi við aðra
- fáí lifandi áhuga á sögulegum viðfangsefnum og rökræðu

## Áfangar

### SAG 103 Fram um 1800

#### Áfangalýsing

Í áfanganum er sögunni fylgt í tímaröð frá fornöld og um það bil fram til 1800. Hér er þó ekki samfelldur annáll á ferðinni heldur eru brýn málefni valin úr. *Velja ber markmið úr þrem efnisflokkum hið minnsta og gæta þar dreifingar og fjölbreytni.* Efnisflokkarnir og markmiðin innan þeirra mynda heildir (þemu) sem eiga að gefa samhengi og samfellu. Kennarar og nemendur fella efnisþættina í enn stærra samhengi og gæta að bakgrunni þeirra eftir því sem verkast vill og þurfa þykir. Hægt er að útbúa aðra jafngilda efnisflokka og markmið ef gild rök liggja fyrir og markmið eru útfærð með svipuðum hætti og hér er gert. Jafnan þarf að sinna markmiðum sem hafa yfirskriftina rýni.

*Fornöld í nútímanum.* Í fornöldinni er leitað að þeim arfi sem enn lifir og sett hefur mark sitt á seinni tíma. Hér gefst tækifæri til að kanna viðhorf sem uppi hafa verið á Íslandi á ýmsum tímum til hinnar klassísku fornaldar.

*Menningarheimar á miðöldum.* Kristni og íslam eru hin stóru trúarbrögð sem breiddust út á fyrri hluta miðalda og hafa síðan mótað mannlíf á stórum svæðum og mest með friðsamlegum hætti eða árekstrum allt til þessa dags. Íslenskt miðaldasamfélag hefur talist sérstætt og merkilegt en sérstaða þess verður ekki skýr nema það sé skoðað í stærra samhengi.

*Ný heimsmynd.* Kannað er það hefðbundna álit að um og eftir 1500 hafi orðið róttækar breytingar á heimsmynd Evrópumanna með endurreisn, siðbreytingu, landa-fundum og vísindabyltingu sem hafi verið stórt skref í átt til hnattvæðingar og nývæðingar, bæði til góðs og ills.

*Sveit og borg.* Meirihluti íbúa bjó í sveitum á tímabilinu en þéttbýli var vaxandi. Þetta gefur tilefni til að huga að því lífi sem lifað var innan borgarmúra og í bæjum og kotum, einkum fjölskyldulífinu.

*Ríki og þegnar.* Ríkisvald eflist á nýöld í Evrópu og sú þróun hefur oft verið kennd við einveldi. Hér er lítið á fleiri hliðar á þessu ferli og einkum tekið mið af réttaröryggi, regluveldi, skilvirkni og fjölbreytni stjórnarfars á tímabilinu.

*Upplýsing.* Upplýsingin er hugtak sem notað er til að einkenna 18. öld og fyrri hluta þeirrar nítjándu. Hér eru könnuð nokkur megineinkenni hennar, tengsl við mannlíf tímans og áhrif á seinni tíð.

*Rýni.* Hér eru markmið sem snúa að aðferðum, mati og íhugun. Oftast er heppilegast að flétta þeim saman við inntakspættina.

Mismunandi aðferðir geta hentað í þessum áfanga en mikilvægt er að málefni séu tekin fyrir með opnum huga, að hvatt sé til spurninga og að svör séu ekki fyrir fram gefin. Áfanginn er því könnunarleiðangur og greining. Innlifun og skilningur á aðstæðum, lífi og menningu fyrri tíðar á einnig að vera leiðarljós á ferðinni.

### Áfangamarkmið

Nemandi

**Fornöld í  
núttímanum**

- leiti arfs fornaldar sem hefur sett mark sitt á seinni tíma
  - frá stórveldum: ríkisvald, ritlist, tímatal, mannvirki?
  - frá Grikklandi: orðræða um lýðræði, þekkingu, feegurð og réttlæti?
  - frá Gyðingum: eingyðistrú?
  - frá Róm: miðlun menningar?

### Nemandi

- kanni hvernig menn hafa litið á klassískar menntir á Íslandi, t.d. út frá stöðu latínu og grísku og þáttum í byggingarlist (langsníð)

### Menningarheimar á miðöldum

- geti borið saman kristni og íslam, hvað sameiginlegt er og hvað ólíkt, t.d. um uppruna, útbreiðslu, trúboð, stöðu kynja, myndnotkun, guðshús, manngildi eða tengsl trúar og ríkisvalds
- kanni tengsl og árekstra íslams og kristni í sögunni, t.d. meðal Mára á Spáni, í krossferðunum eða tengsl milli múslíma/Tyrkja og Evrópumanna
- fylgi efnispætti eftir gegnum aldir, t.d. þýðingu Miðjarðarhafsins, hlutverki Rómar eða Palestínúmalínu (langsníð)
- kanni og rökræði að hvaða marki íslenskt samfélag fram að siðaskiptum hafi fallið að eða vikið frá því sem einkenndi norræn og evrópsk miðaldasamfélög um trú, stjórnarfar, atvinnuhætti, menntir og hugarfar

### Ný heimsmynd

- kanni hvað fólst í tímabilinu og hugtakinu endurreisn varðandi listsköpun, mannskilning, stjórnarfar og efnahagsþróun
- leiti skýringa á landafundum Portúgala og Spánverja út frá trúarhvöt, tækni, siglingareynslu, ágóðavon og fleiri þáttum og beri þá saman við siglingar Kínverja
- athugi áhrif alþjóðavæðingar á landafundatíma á menningu, umhverfi, viðhorf og samfélag á mismunandi stöðum í heiminum
- kanni áfanga hnattvæðingar, frá víkingaferðum til Netsins, og spái fyrir um frekari áfanga (langsníð)
- meti jarðveg siðaskipta í Evrópu út frá hugmyndum endurreisnar, trúarkenningum, stjórnarfar og tækni
- reki ferli siðbreytingar á 16. öld á Norðurlöndum og einkum þó á Íslandi
- þekki útbreiðslu einstakra trúarbragða og trúfélaga á liðandi stund (þversníð)



- glími við málefni sem ýmsar skoðanir voru uppi um á siðbreytingartíma á Íslandi og erlendis, svo sem afstöðu til mynda og líkneskja, til fræðslu, tengsla milli yfirvalds og þegna (Augsborgarsamþykktin o.fl.), hlutverks fjölskyldu, stöðu kynja, skemmtana og kynlífs
- þekki í stórum dráttum hvernig náttúruvísindi þróuðust frá endurreisn til upplýsingar
- greini að hvaða leyti „vísindabyltingin“ var byggð á gömlum grunni, t.d. um hin reglulegu, fögru form og hlutföll, og hvað víkkaði grunninn með fjölbættari athugunum og tilraunum

### Borg og sveit

- leiti skýringa á því að verulegt þéttbýli myndaðist seint á Íslandi
- geri sér mynd af borgum og öðru þéttbýli á 17.-18. öld, uppruna þess og borgarlífi, svo sem London, Kaupmannahöfn, Amsterdam, París eða Feneyjum; enn fremur vísi að þéttbýli á Íslandi og í Færeyjum, einkum í Vestmannaeyjum, Skálholti, Reykjavík og Þórshöfn
- þekki til fjölskyldulífs (t.d. stöðu kynja og sambands foreldra og barna) á fyrri hluta nýaldar, einkum á Íslandi, með samanburði við aðra staði
- kynni sér listalíf sem þreifst í skjóli aðals, konunga, kirkju og borgarsamfélags, t.d. tónlist Bachs og Händels, málalíft í Hollandi; hús, garða og hirðlíf í Versölum
- kynni sér listræna starfsemi og íslenska handverkshefð eins og hún birtist t.d. í gerð torfbæja
- þekki meginlinur í þróun húsbygginga á Íslandi frá upphafi til þessa dags (langsnið)
- fái innsýn í fjölbreytni þjóðskipulags og mannlífs í heiminum, t.d. konungsvald Inka í Suður-Ameríku, vald siðvenju í Kína, vöxt keisaradæmis í Rússlandi, samfélög indíána og evrópskra landnema í Ameríku og ættar- og þorpasamfélög í Afríku og víðar

## Ríki og þegnar

### Nemandi

- þekki til þróunar ríkisvalds í Evrópu frá endurreisn til frönsku byltingarinnar, t.d. í Frakklandi, Danmörku, Svíþjóð, Hollandi, Englandi, Rússlandi og Póllandi
- kanni evrópskt ríkisvald með hliðsjón af nokkrum þessara þátta: þjóðfélagsstéttum, stjórnsýsluháttum, hernaðartækni, efnahagsstefnu, hugmyndum réttarríkis, svigrúmi einstaklinga, viðleitni til stöðlunar og einsleitni
- kanni þróun stjórnarfars á Íslandi á 16. og 17. öld, t.d. vopnaðar sveitir biskupa, afvopnun eftir siðaskipti, áhrif vaxandi konungsvalds á réttaröryggi, tengsl einokunarverslunar og ábyrgðar konungs á velferð þegnanna, ágóða og „byggðastefnu“
- öðlist mynd af valdsviði og stöðu íslenskra embættismanna gagnvart miðstjórnarvaldinu í Danmörku, t.d. á 18. öld
- þekki til styrjalda tímabilsins, t.d. Þýskalandsstríðs Dana og Svía, stríðs Spánar við Holland og England; hafi kannað tilefni þeirra, framgang, afdrif hermanna og almennings (kvenna, barna) og túlkun styrjaldanna í samtímanum og siðar
- geti rökrætt vopnleysi Íslendinga frá 16. öld með hliðsjón af stöðu landsins í danska ríkinu og fleiri þáttum

## Upplýsing

- þekki grunnhugmyndir upplýsingarmanna (einkum Lockes, Montesquieus, Rousseaus, Voltaires, Kants og Condorcets) um eðli mannsins og hlutverk siðmenningar, skynsemi og vilja, visindi og framfarir
- þekki stjórn málaumræðu upplýsingarinnar, m.a. um tengsl þekkingar og valds, áhrif hennar á einstaka fursta og konunga
- þekki viðhorf upplýsingarinnar til uppeldis og fræðslu, fjölskyldu og kynjahlutverks, bæði á Íslandi og erlendis
- þekki til framkvæmda og aðgerða í anda upplýsingar, einkum á Íslandi, t.d. á sviði bókaútgáfu, landbúnaðar, iðnaðar og refsilöggjafar





- lesi og fjalli um sýnishorn af textum upplýsingarmanna, t.d. úr riti Lockes um ríkið, úr skáldsögunni Birtingi eftir Voltaire og úr ritum íslenskra upplýsingarfrömuða
- þekki tengsl milli hugmynda upplýsingarinnar og listsköpunar tímabilsins
- kanni tengsl milli hugmynda upplýsingarinnar og frönsku byltingarinnar
- glími við spurninguna um árangur upplýsingarstefnunnar og hverjum hún gagnaðist
- rökræði hvort upplýsingarinnar gæti enn

### Rýni

- geri sér grein fyrir hvernig minjar og heimildir eru aðgangur okkar að fortíðinni
- þjálfist í að lesa og túlka texta, kort og myndir frá mismunandi tímaskeiðum
- skilji texta í kennslubókum, handbókum og sagnfræðiritum við hæfi
- öðlist leikni við að leita sér upplýsinga með margvíslegum hætti, m.a. í rafrænum miðlum
- meti söguleg fyrirbæri út frá forsendum hvers tíma og sjái tengsl þeirra við nútíma
- tileinki sér hugtök sem höfð eru um fyrirbæri sögunnar og geri sér grein fyrir afstæði þeirra, gagnsemi og takmörkunum, t.d. hvort „upplýsing“ er heppilegt hugtak til að einkenna ákveðið tímabil og samfélagshætti
- rökræði tímabilaskiptingu og kaflaskil í sögunni (fornöld, miðaldir, nýöld, nútími; víkingatími, þjóðveldi, enska öldin, tölvuöld)

## SAG 203 1750 til liðandi stundar

### Áfangalýsing

Áfanginn spannar það skeið sem kennt hefur verið við *nútíma*, frá upplýsingaröld til liðandi stundar. Þetta eru tímar tæknibreytinga, hugsjóna og hagsmuna sem hafa leitt til kjarabóta, velmegunar og menningarauka en einnig stórstyrjalda og eyðingar. Engin leið er að rekja þessa sögu í heild sinni en hér eru dregin upp þemu um nokkur mikilsverð stef sem skarast að nokkru leyti. Fjölpætt svið mannlífs og þjóðlífs eru skoðuð, svo sem lífskjör, menning, lífshættir, stjórnmal og vitundarferli. Tímabátturinn er grunnviðmið en hann er ekki látinn binda skoðunina. Sögu lands og heims er fléttað saman en þó með misjöfnum áherslum.

*Velja ber markmið úr þrem efnisflokkum hið minnsta og gæta þar dreifingar og fjölbreytni. Hægt er að útbúa aðra jafngilda efnisflokka ef gild rök liggja fyrir því og markmið eru útfærð með svipuðum hætti og hér er gert. Jafnan þarf að sinna markmiðum sem hafa yfirskriftina rýni.*

*Hversdagslíf og hugmyndastefnur á 19. öld. Hér er fjallað um sögu sjálfstæðisbaráttunnar á Íslandi en nemendum og kennurum hefur stundum reynst vandasamt að gæða hana merkingu. Hér er reynt að tengja hana við hugmyndastrauma síns tíma og daglegt líf í landinu. Forystumenn sjálfstæðisbaráttunnar, svo sem Fjölismenn og Jón Sigurðsson, glímdu við þennan vanda á sínum tíma.*

*Draumur um betra líf. Allt frá upplýsingaröld hefur sagan mjög einkennst af tilraunum manna til að breyta heiminum og lífsskilyrðum sínum. Hér er litið á nokkrar slíkar tilraunir, bæði í „draumi og vöku“, á sviði hugsunar, menningar, stjórnmála og félagasamtaka.*



*Tækninýjungar til góðs og ills.* Nútíminn er skeið tækni-breytinga sem hafa auðgað og bætt mannlífið en jafnframt skapað nýjan vanda. Hér eru kringumstæður tækninnar kannaðar, leitað að forsendum, fylgst með hagnýtingu og alhliða áhrifum og hugað að einstökum nýjungum, bæði á Íslandi og annars staðar.

*Átök á heimsvísu.* Heimsstyrjaldirnar á 20. öld eru viðburðir sem hafa markað djúp spor í sögu Íslands jafnt sem annarra landa. Hér er rýnt í stríðin, alræðishugmyndir tímabilsins og kalda stríðið sem fylgdi í kjölfar seinni heimsstyrjaldar.

*Velferð í deiglu.* Margur lífskjaravandi, sem var fylgifiskur nývæðingar, leystist á 20. öld í vel megandi löndum. Velferðarríki aldarinnar er kannað, hugað að hugmyndum, framkvæmd og skiptum skoðunum um þessi mál, hér á landi sem erlendis.

*Rýni.* Hér eru markmið sem snúa að aðferðum, hugtökum, frumkvæði, mati og ihugun. Þau fléttast oftast inn í inn-taksþættina.

Markmiðin henta vel til verkefnavinnu og sjálfstæðs náms. Hvatt er til alhliða og gagnrýnnar skoðunar og sam-anburðar.

### Áfangamarkmið

Nemandi

**Hversdagslíf og  
hugmyndastefnur  
á 19. öld**

- verði handgenginn lýsingu á íslensku þjóðfélagi í byrjun nítjándu aldar, þ.e. kjörum og viðhorfum almennings, stjórnkerfi, lífsbjörg og fleiri þáttum
- þekki svipmyndir þjóðfélags á svipuðum tíma á öðrum stöðum til samanburðar, t.d. í Danmörku og Englandi
- viti hvernig lýðræðishugmyndir fengu byr í Bandaríkjunum, Frakklandi og Englandi og stungu niður fæti í öðrum löndum

### Nemandi

- meti hvenær hljómgrunnur skapaðist fyrir nýjum hugmyndum um stjórnarfar á 19. öld, þ. á m. á Íslandi
- greini þróunarsögu hugmynda um þjóðfrelsi, þing, stjórnarskrá, kosningarétt og jafnrétti kynja
- meti nokkra áfanga og áberandi atburði í sjálfstæðisbaráttunni á Íslandi, t.d. þjóðfundinn (sem stjórnlagabing og tákn fyrir seinni tíma)
- þekki nokkra einstaklinga, samtök, tímarit o.fl. sem mörkuðu spor í sjálfstæðisbaráttu og framfaraviðleitni Íslendinga
- kanni viðhorf almennings til formlegrar stjórnmalabaráttu og umbótaviðleitni á 19. öld, t.d. með því að kynna sér ákveðna einstaklinga
- meti víxlverkun og tengsl milli hagsmuna og hugsjóna, hversdagslífs og stjórnmalabaráttu, einstaklinga og atvinnustétta, framfarahyggju og íhaldssemi

### Draumur um betra líf

- geri sér grein fyrir þeim vanda sem álitinn var/er fylgja iðnvæðingu, borgarmyndun, auknu almannavaldi og annarri nývæðingu, a.m.k. frá 19. öld, svo sem fjölskylduupplausn, siðrofi, byggðaröskun og menningarháaska
- setji sig í spor þeirra sem leituðu/leita lausna á vanda nútímans og velti fyrir sér möguleikum þeirra, t.d. með því að kynna sér einstaklinga úr alþýðustétt
- sjái hugmynda- og stjórnmalastefnur, t.d. frjálslyndisstefnu, jafnaðarstefnu, feminisma, módernisma og póstmódernisma, sem viðbrögð við þessum vanda og viðleitni til nýsköpunar
- kanni grundvallarhugmyndir frönsku byltingarinnar og afdrif þeirra
- skoði samtakamyndun (verkalýðsfélög, stjórnmalaflokka) í tengslum við nýja stéttskipan
- þekki þjóðfélagsgagnrýni nokkurra heimspekinga, skálda og listamanna og hugmyndir þeirra um gott líf (t.d. Dickens, Williams Morris, Túrgenévs, Fjölismanna, Gests Pálssonar, Halldórs Laxness)



- skoði hugmyndir um aukna menntun sem þátt í lýðræðis- og umbótaviðleitni
  - kynni sér nokkrar úrbætur sem framkvæmdar voru, svo sem með tryggingakerfi og skipulegri heilsugæslu, vatnsveitum, samgöngubótum og skólplögnum í þéttbýli
  - kynni sér fólksflutninga sem leit að betra lífi, t.d. vesturferðir, flóttu undan ofsóknum á ýmsum tímum og fólksflutninga í atvinnuleit
  - tefli saman sjónarmiðum sem takast á um varðveislu náttúru (t.d. hálandis) og menningarverðmæta (t.d. bygginga) annars vegar og um nýsmíð og hagnýtingu hins vegar
  - þekki sögu líknar- og framfarafélaga, ekki síst þeirra sem konur stóðu að, forsendur þeirra, stefnu og starfsemi (t.d. Thorvaldsensfélagsins, Hjálpræðishersins og Hvítabandsins)
  - þekki ýmsar myndir kristniboðs í nýlendum og hjálandum, t.d. í Afríku
  - þekki vakningar- og andófshreyfingar á mismunandi menningarsvæðum, t.d. Tæping- eða boxarahreyfinguna í Kína
  - skoði og meti þróun kvenfrelsisbaráttu á Íslandi og erlendis
  - kanni mannréttindabaráttu á völdum stöðum og tímum og með mismunandi aðferðum, t.d. baráttu Gandhis á Indlandi og jafnréttisbaráttu svartra í Bandaríkjunum og Suður-Afríku
  - þekki þróun alþjóðlegrar samvinnu sem birtist m.a. í starfsemi Rauða krossins, Þjóðabandalagsins og Sameinuðu þjóðanna og samrunaferlinu í Evrópu
  - beiti og gagnrýni hugtök á borð við staðleysu (útópiu), afturhvarf, nývæðingu, framfarir, tómhyggju
- 
- skoði tímabilið frá 18. öld til nútímans sem skeið mikilla tæknibreytinga
  - rökræði hvernig uppgötvanir í vísindum og tækni eru háðar sögulegu samhengi

### Tækninýjungar til góðs og ills

### Nemandi

- tefli saman mismunandi viðhorfum til tækni, svo sem atvinnu- og umhverfissjónarmiðum, hugmyndum um nægtþjóðfélag eða ferringu
- greini efnahagsleg áhrif tæknibreytinga, þ.e. á stöðu atvinnugreina, afköst, vinnuálag, hagkvæmni, útbreiðslu, verðlag, nýjar vörur, nýja eftirspurn, margfeldisáhrif
- meti félagsleg áhrif tækninýjunga á fólksfjölda, byggðamunstur, stéttapróun, hlutskipti kynjanna og fjölskylduna
- kanni stjórn mála eða áhrif tæknibreytinga, t.d. á stöðu ríkisvalds og ríkja vegna hernaðartækni, nýtingar náttúruauðlinda og geimferða
- greini menningarleg áhrif tækninnar, t.d. tilurð nýrra starfsgreina, varðveislu og útbreiðslu þekkingar, breytt orðfæri, nýjan skilning og skipulag á tíma, sköpun neyslumenningar, áhrif á heimilishald
- greini áhrif tækni á umhverfi, þ.e. náttúru, manna-byggð, dýralíf, gróður, loftslag
- kunni að leita fagurfræðilegra áhrifa tækni, t.d. á hönnun, myndgerð (fjölföldun, ný efni), bókmenntir (vísindaskáldskapur, ný minni), tilurð nýrra listgreina (ljósmyndir, kvikmyndir)
- greini nokkra þætti tækniþróunar á Íslandi, svo sem í sjávarútvegi (t.d. íshús, vélbáta, skuttogara) og landbúnaði (gaddavír, þurrkun votlendis, lífræna ræktun); aðlögun erlendra tækni og innlendar nýjungar
- kanni eina eða fleiri tækninýjungar til nokkurrar hlítar, svo sem gufuvél, járnbrautarlestir, kaþbáta, vélbyssur, læknislyf, rafvæðingu, síma og önnur fjarskiptatæki, kæliskápa, bíla, nýjungar í orkunotkun (t.d. notkun á gasi, olíu eða kjarnorku)

### Átök á heimsvísu

- skoði valdastöðu Evrópu í heiminum í samhengi iðnvæðingar og nýlendustefnu
- þekki atburðarás heimsstyrjaldanna í stórum dráttum
- leggi mat á þær aðstæður og ferli sem heimsstyrjaldirnar spruttu upp úr, svo sem hugmynda-stefnur, markaði, ríkjafyrirkomulag, stjórnarfar



- kanni stríð sem hefðbundna lausn á milliríkjadeilum og viðleitni til að finna aðrar lausnir
- þekki til rússnesku byltingarinnar og hugmyndafræði hennar
- þekki nokkra þætti í hugmyndafræði nasisma og fasisma, svo sem um yfirburði sumra kynþátta, lífsrými og hlutverk foringjans; enn fremur vott af slíkum hugmyndum á Íslandi
- þekki framgang nasismans og mismunandi skýringarhugmyndir um eðli hans og athafnir
- þekki mismunandi afdrif landa og þjóða í seinni heimsstyrjöld, svo sem Norðurlanda, Frakklands, Hollands, Póllands, Sviss og Kína
- kanni rætur kalda stríðsins, atburðarásina í stórum dráttum, íslenskt kaldastríðssamfélag og -menningu, andóf og endalok kalda stríðsins

### Velferð í deiglu

- þekki rætur velferðarhugmynda í Evrópu, m.a. í mannréttindaskrá
- þekki mismunandi hugmyndir um hlutverk ríkisins við jöfnun á aðstöðu þegnanna
- tengi velferðarhugmyndir við New Deal í Bandaríkjunum, jafnaðarstefnu á Norðurlöndum, líknarfélög í ýmsum löndum o.fl.
- greini þróun og áhrifavalda velferðarríkisins eftir stríð, einkum á Norðurlöndum
- greini þróun einstakra þátta velferðarríkisins, svo sem menntunar, heilbrigðismála, almannatrygginga og menningarstarfsemi
- þekki breytilegar áherslur í velferðarmálum á ýmsum tímasteiðum og skiptar skoðanir um réttmæti og útfærslu þeirra, enn fremur um forsjá opinberra stofnana og frumkvæði einstaklinga og hópa
- skoði velferðarmál í alþjóðlegu ljósi, m.a. með tilliti til þróunarlanda
- kanni afmarkað dæmi um velferðarmál á Íslandi, svo sem námslán, skólamáltíðir, örorkulífeyri og fæðingarorlof (feðra og mæðra)

## Rýni

### Nemandi

- þjálfist í að lesa og túlka texta, kort, töflur, gröf og myndir frá mismunandi tímaskeiðum
- lesi sér til gagns og greini mismunandi umfjöllun um sagnfræðileg efni, svo sem í kennslubókum, handbókum, fræðiritum og fjölmiðlum
- þjálfist í að rýna í gildi og áreiðanleika heimilda og meta hvaða ályktanir og alhæfingar þær gefa tilefni til
- leiti að, greini og meti mismunandi sjónarmið um söguleg efni
- sýni leikni við að afla sér upplýsinga með margvíslegum hætti og í ólíkum upplýsingamiðlum
- tileinki sér og beiti hugtökum um fyrirbæri sögunnar og geri sér grein fyrir afstæði þeirra, gagnsemi og takmörkunum
- meti söguleg fyrirbæri út frá forsendum hvers tíma og sjái tengsl þeirra við nútíma
- rökræði sérhæfingu fræðigreina sem fjalla um sögu eftir efnissviðum, svo sem hugmyndasögu, menningarsögu, félagssögu, hagsögu, listasögu, bókmenntasögu, fornleifafræði og fleiri greina; möguleika á samþættingu, heildarsýn og „þræði“





## SAG 303 Menningarsaga

Undanfarar: SAG 103 og 203

### Áfangalýsing

Í þessum áfanga eru valin tímabil og svið til fjölpætrar menningarlegrar könnunar. Þetta er verkefnavinna þar sem nemendur kryfja viðfangsefni í ljósi margra þátta, t.d. myndlistar, bygginga, bókmennta, heimspeki, hugarfars og félagsgerðar. Ætlunin er að nemendur skapi sér mynd af því sem fengist er við með því að kynna sér frumtexta, skoða samtímamyndefni og hlýða á tónlist ásamt því að tileinka sér fræðilega og skáldlega umfjöllun um efnið. Úrvinnsla og framsetning nemenda miði að því að miðla þekkingu og skilningi ásamt tilfinningu fyrir tíðaranda. Í ferlinu þarf að sundurgreina efnið, skipuleggja vinnuna, tengja efnisþætti og velja sjónarhorn. Gert er ráð fyrir að jafnaðarlega sé staldrað við og skipulega rætt um aðferðir, eðli heimilda, tengsl efnisþátta og möguleika á heildarmynd.

Hér á eftir eru talin markmið efnisþátta í áfanganum. *Velja þarf þrjá ólíka þætti hið minnsta og gæta skal fjölbreytni í vali þeirra, svo og markmiða hvers efnisþáttar.* Fleiri efnisþættir og markmið koma til greina eftir áhugamálum og kunnáttu á hverjum stað.

*Grísk klassík.* Vestræn menning hefur sótt fjölmargt til grískrar fornmenningar frá upphafi vega. Innsýn í hana er því allt að því sjálfsagður hlutur.

*Rómarmenning.* Vel má hugsa sér að velja milli Grikklands og Rómar þegar skoðaður er arfur fornaldar – eða að velja þætti úr hvorutveggja.

*Heimur miðalda.* Lagt er til að kannaðir séu afmarkaðir þættir í sögu miðalda þar sem heimildir gera slíkt mögulegt. Þetta getur gerst í verkefnavinnu nemenda sem miðla

niðurstöðum sínum hver til annars þannig að úr brotunum raðist saman fjölskrúðug mynd.

*Máramenning* er forvitnileg fyrir margra hluta sakir. Hún tengir saman menningarheima Evrópu og Afríku, kristni og íslams. Hún er jafnframt dæmi um fjölbreytni evrópskrar menningar. Á sama hátt mætti t.d. taka fyrir menningu gyðinga.

*Endurreisnin á Ítalíu* býr yfir glæsileika í listsköpun sem vekur forvitni um samfélag og hugmyndastrauma tímans.

*Indíánalíf*. Ímynd indíána í Ameríku hefur tekið miklum breytingum í meðförum Vesturlandabúa. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að lífshættir þeirra og lífsviðhorf voru býsna fjölbreytt.

*Dönsk-íslensk menning á dögum Kristjáns fjórða*. Áhugi er vaxandi á að fjalla um menningu svæða sem tengja lönd og þjóðir. Hér er dæmi um slíkt þar sem íslenskar og danskar heimildir gefa tilefni til fjölþættrar skoðunar, með áherslu á lífshætti, menntir og mannlíf.

*Rómantík*. Rómantíska stefnan var áhrifarík og snerti bókmenntir, listir, stjórnmál og lífsviðhorf. Aðrar áhrifaríkar stefnur 19. aldar má með góðum rökum taka fyrir, t.d. raunsæisstefnuna.

*Aldamótin 1900*. Tímaskil eru tilbúningur en vekja engu að síður ýmiss konar hugrenningar. Í sögunni gefst tækifæri til að skoða hliðstæður á fyrri tíð.

*Nútímalist og tíðarandi*. Menning og listir eru afl í samfélaginu og hér er lagt til að staldrað sé við strauma sem liggja nálægt samtíðinni. Velja má efnið með hliðsjón af því sem fjallað er um í fjölmiðlum eða vakin er athygli á með öðrum hætti.



*Sagan í skáldlegum búningi.* Skilin milli skáldskapar og sannfræði eru viðfangsefni sem bæði má dvelja við sér til ánægju og kryfja af skarpskyggni.

*Afl sögunnar í mannfélaginu.* Hér er umfjöllun sögunnar tekin til umfjöllunar eftir því sem tími og tækifæri leyfa.

Kennsluaðferðir byggjast að miklu leyti á verkefnavinnu nemenda undir leiðsögn og í samvinnu við kennarann. Framlag þeirra getur birst sem rannsóknarritgerðir eða fyrirlestrar, upplestrar, sýningar, tónlistarflutningur eða önnur skyld framsetning. Áfanginn hentar vel til samvinnu við aðrar námsgreinar, svo sem móðurmál, erlend tungumál og listgreinar.

### Áfangamarkmið

Nemandi

#### Grísk klassik

- lesi forngrískan skáldskap í íslenskum þýðingum og greini viðfangsefni hans
- þekki ýmsa þætti í grískri goðafræði og hafi glímt við táknfræði hennar og klassískt gildi
- kynni sér myndlist og byggingar Grikkja með hliðsjón af tæknikunnáttu, hagnýtu hlutverki og fegurðarsjónarmiðum
- hafi innsýn í veigamikil viðfangsefni grískrar heimspeki
- átti sig á nokkrum dráttum í stjórnafræði og félagsgerð, t.d. borgrikjum, þjóðfélagsstéttum, hlutskipti kynjanna og lýðræðisfyrirkomulagi
- þekki áhrif grískrar menningar á seinni tíma, t.d. á rök-hugsun, þekkingarleit og fegurðarskyn

#### Rómarmenning

- geri sér grein fyrir umfangi rómverska veldisins
- skapi sér mynd af daglegu lífi í rómverskri borg, t.d. Pompei
- hafi kynnt sér myndlist og byggingar Rómverja, t.d. eins og þær birtast í Róm eða Pompei

### Nemandi

- lesi sýnishorn af latneskum bókmenntum, á frummáli eða í þýðingum, sem fjalla um nærtæk mál, svo sem vináttu og ást
- þekki til rómverskrar löggjafar, fjölskyldu og stöðu kynja, siða og hátíða eða annarra valdra þátta samfélags og þjóðlífs
- sjái seinni tíma ímyndir Rómar og Rómaveldis, eins og þær birtast t.d. í hugmyndum um glæsileika og úrkynjun
- geri sér grein fyrir áhrifum og hlutverki Rómar eftir daga Rómaveldis, t.d. innan kristninnar, í listalífi og klassískum menntum hefðarmanna

### Heimur miðalda

- kanni afmörkuð fyrirbæri á miðöldum eftir ýmsum efnisatriðum og frá mismunandi sjónarhornum – menningarlega, félagslega, hugmyndalega og efnahagslega, eftir atvikum hverju sinni; dæmi um verkefni eru
  - víkingaöld í fjölþættu ljósi: út frá siglingum, landnámi og landafundum, handið og list
  - Bayeux-refillinn sem einstakur vitnisburður um list, handverk, þjóðhætti og stjórn málaatburð
  - Sturlungaöld í ljósi einstakra persóna, hagsmuna, fjölskyldulífs og kynjasjónarmiða
  - samúræjamenning í Japan: siðir og samfélag, ímynd seinni tíma, m.a. í kvikmyndum
  - franska þorpið Montailou sem gluggi að samfélagi miðalda
  - arabísk ferðalangurinn Ibn Battúta sem einstaklingur í framandi umhverfi og fulltrúi íslamskra viðhorfa og háttá
  - svart dauði sem áfall og prófsteinn á trú og samfélag; íslensk ráðgáta
  - saga Martins Guerres sem spurning um einstakling, sjálfsmynd og samfélagslegt hlutverk
  - skáldskapur um miðaldaefni, t.d. Nafn rósarinnar eða Sjöunda innsiglið (kvikmynd Bergmans): ímynd, sannfræði og skáldskapur



### Máramenning

- beri einstök dæmi saman og hugleiði út frá þáttum á borð við einstaklingur-heild, einangrun-tengsl, sammannlegt-tímabundið/svæðisbundið
- öðlist yfirlit yfir sögu Márabyggðar á Spáni, frá útþenslu íslams á 7. og 8. öld þar til Mára voru hraktir af landi brott
- þekki til samskipta Mára við kristin samfélög (smárik-in) á Spáni frá 11. öld til 1492 (La Reconquista)
- kanni örlög Mára eftir að þeir voru hraktir frá Spáni
- glöggvi sig á Múrasamfélagunum á Spáni sem tengiliðum við menningu fornaldar, milli kristni og íslams, Norður-Afríku og Evrópu
- þekki gagnkvæm áhrif múnískrar og evrópskrar menningar á Spáni (byggingarlist, tónlist, fræðastörf miðalda)
- þekki nokkra drætti í múnískri byggingarlist eins og hún birtist á Spáni okkar tíma (Granada, Córdoba)
- kynnist múnískri tónlist og völdum bókmenntatextum og geti fjallað um einkenni þessa

### Endurreisn á Ítalíu

- meti hvaða nýsköpun átti sér stað á endurreisnartímabilinu
- sé kunnugur nokkrum dæmum um myndlist og byggingar tímabilsins og geti greint ýmis einkenni þeirra
- lesi og greini valda bókmenntatexta, t.d. eftir Dante, Machiavelli og Boccaccio
- þekki hugmyndir einstaklingshyggju og fornmenntastefnu
- skoði andstæður og tengsl feegurðardýrkunar og hagnýtingarsjónarmiða
- kanni kvenímynd endurreisnar eins og hún birtist í myndlist tímabilsins
- þekki nokkra drætti í þjóðskipulagi og félagsgerð borga og héraða á Ítalíu
- geti fjallað um útbreiðslu og áhrif endurreisnarhreyfingarinnar

### Indíánalíf

#### Nemandi

- glöggvi sig á uppruna og dreifingu indíána um Ameríku
- þekki til fjölbreytni indíánaþjóða í álfunni
- kynni sér eina eða fleiri indíánaþjóðir í álfunni til nokkurrar hlítar
- þekki til handverkskunnáttu og -hefða
- þekki tónlistarhefð Inka eða annarra indíána og áhrif hennar um heiminn
- þekki nokkur einkenni og dæmi um sjónlistir indíána
- þekki mismunandi lífsbjargarhætti
- geri sér grein fyrir sérstöðu indíána í alþjóðlegu samhengi miðalda (t.d. þaulræktun og skortur á húsdýrum)
- kynni sér viðbrögð indíána við evrópskri íhlotun og lýðfræðilegum áhrifum samsláttar við Evrópumenn
- kanni ímynd indíána í vestrænni menningu, t.d. í „vestrum“

### Dönsk-íslensk menning á dögum Kristjáns fjórða

- greini fyrri hluta 17. aldar sem valdaskeið Kristjáns IV.
- þekki lýsingar Jóns Indíafara á borgarlífi í Kaupmannahöfn
- þekki ýmsa þætti hirðlífsins, frá barnaleikjum til tónlistariðkunar
- kynnist lífsháttum hermanna, kvenna, barna og fleiri þjóðfélagshópa í Kaupmannahöfn og meti lífsgæði þeirra með hliðsjón af mannlífi á Íslandi
- þekki byggingar og borgarhluta Kaupmannahafnar sem kenndir eru við Kristján IV, svo sem kauphöllina, Sívalaturn, Garð og Kristjánshöfn
- þekki lífsstíl Íslandskaupmanna og umsvif þeirra í Danmörku og á Íslandi
- þekki háskólalíf Íslendinga í Kaupmannahöfn á tímabilinu
- hafi kynnst áhuga Dana á íslenskum fornfræðum og sambandi Oles Worms prófessors við menntamenn á Íslandi
- geti lagt mat á hlutverk konungdóms og borgarlífs í Danmörku og tengsl þess við Ísland



**Rómantík**

- greini rómantík sem tímaskeið, listastefnu og hugmyndahreyfingu í Evrópu
- lesi og kanni valda bókmenntatexta, bæði íslenska og erlenda
- þekki upphaf hrollvekju á rómantíska tímabilinu
- kanni hlutskipti og ímynd kynjanna samkvæmt rómantískum hugmyndum, t.d. í listsköpun
- hlýði á tónlist rómantíska skeiðsins og þekki nokkur einkenni hennar og höfunda
- greini tengsl rómantíkur við hugmynda- og stjórnmála- stefnur, einkum þjóðernishyggju

**Aldamótin 1900**

- kynni sér hugmyndir um sameiginleg einkenni á listsköpun, vísindum, heimspeki og hugarfari um aldamótin 1900 (hugmynd um fin de siècle)
- kanni hugmyndir um aldahvörf (dómsdag eða dagrenningu) og beri saman við viðbrögð árið 1000 og 2000, síðustu daga Rómaveldis o.fl.
- kynni sér bókmenntatexta frá tímabilinu, t.d. eftir Oscar Wilde
- þekki dulhyggju og skreytilist tímabilsins eins og hún birtist sem jugendstill (art nouveau) og þjóðernisrómantík
- verði handgenginn lýsingum á Vínarborg á tímabilinu (Freud, Mahler o.fl.)
- kynni sér andrúmsloft sem birtist í blöðum og öðrum skrifum „aldamótamanna“ á Íslandi

**Nútímalist og tíðarandi**

- kanni einhverja listastefnu síðustu ára eða áratuga, t.d. djasslíf á Íslandi, Gallerí SÚM, pönkhreyfinguna, framúr stefnutónlist fyrir og um 1970, frjálsa leikhópa eða tónlistarhópa á Íslandi, raftónlist eða stefnur í húsagerð og skipulagsmálum
- þekki nokkra einstaklinga sem voru í fararbroddi viðkomandi stefnu
- leggi mat á fagurfræðilegt og tilfinningalegt gildi einstakra verka eða athafna

### Nemandi

- geti lagt mat á þann samfélagslega, hugmyndalega og fagurfræðilega jarðveg sem stefnan er spröttin úr
- kynni sér viðbrögð samtímans við stefnu sem fjallað er um
- meti liðna stefnu eða verk í ljósi nútíma

### Sagan í skáld- legum búningi

- kanni skáldverk eða kvikmynd um efni sem byggist á sögulegum grunni, íslenskt verk eða erlent
- þekki önnur listræn verk sem byggjast á sama efni, ef til eru
- þekki fræðilega umfjöllun um efnið
- meti misjöfn efnistöð, markmið og framsetningu efnisins
- kynni sér hugleiðingar og kenningar um tengsl skáldskapar, sagnfræði og veruleika

### Afl sögunnar í mannfélaginu

- þekki dæmi um það hvernig einstaklingar hagnýta söguna í lífi sínu, t.d. með því að rekja ættir sínar (Vestur-Íslendingar leita róta sinna) eða með því að skilgreina áhrif kynslóðanna í sálfræðilegri meðferð
- þekki dæmi um söguna sem afl í sjálfstæðisbaráttu (t.d. á Íslandi) eða landyfirráðum (t.d. í Palestínu eða Kosovo)
- greini hvaða hlutverki sögunni er ætlað að gegna sem námsgrein samkvæmt námskrám og kennslubókum
- kanni hvernig sagan birtist og er hagnýtt í ferðaþjónustu, bókmenntum (sögulegum skáldsögum), söngtextum og stjórnmálarökræðu
- greini túlkun á einstökum atburði eða öðru fyrirbæri eftir mismunandi hagsmunum, sjónarhornum og gildum hvers tíma, t.d. með því að kanna kennslubækur og fræðirit frá mismunandi tímum; dæmi um verkefni:
  - Kópavogsfundurinn
  - mannerisminn í málaralist
  - hirðlíf konunga
  - innganga Íslands í NATO
  - valdataka Pinochets í Chile
  - villta vestrið





**Fleiri hugmyndir**

- kínversk/japönsk/indversk menning
- gyðingamenning, t.d. í Póllandi
- matarmenning
- fatatíska

**Rýni**

- þekki mismunandi skilning og notkun á menningar-hugtakinu
- sýni leikni við að leita sér upplýsinga með margvís-  
legum hætti, t.d. með viðtölum, í ritum og upplýsinga-  
miðlum af ýmsu tagi
- tileinki sér fræðilega umfjöllun um efnið, t.d. í hand-  
bókum og yfirlitsritum
- leggi mat á mismunandi tegundir heimilda (annála  
frásagnir, fræðirit, fagurbókmenntir, tónlist, byggingar  
o.fl.)
- lesi úr heimildunum vitnisburð um ólík svið mannlífs og  
þjóðlífs
- leitist við að tengja ólíka menningarþætti í heildstæða  
mynd
- meti söguleg fyrirbæri og tilvistarspurningar út frá  
forsendum hvers tíma og sjái tengsl þeirra við nútíma
- sýni hæfileika til innlifunar og tilfinningar fyrir viðfangs-  
efninu

## SAG 313 Tuttugasta öld

Undanfarar: SAG 103 og 203

### Áfangalýsing

Heimsstýrjaldirnar tvær eru tíðum látnar skipta tímabilum á tuttugustu öld. Hér er fylgt þeirri aðferð en seinni heimsstýrjöldin er þó að mestu tekin til umfjöllunar í fyrri áfanga (SAG 203) og í 9. bekk grunnskóla. Tímabilið eftir stríð fram til um 1990 er kennt við kalt stríð og er skoðað í ljósi þess að því er nú talið lokið og mikil gróska er í rannsóknnum á tímabilinu. *Gert er ráð fyrir að öllum efnisflokkum sé sinnt í þessum áfanga en að valið sé milli markmiða í hverjum efnisflokki.*

Markmiðin henta vel til verkefnavinnu og sjálfstæðs náms. Sum tímaskeið og atburðir eru svo skammt frá okkur í tíma að hægt er að leita til þeirra sem lifðu þá. Enn fremur er oft fjallað um þessi efni í dagblöðum, sjónvarpi og á Netinu. Oft er þetta einnig efniviður í skáldskap og kvikmyndum. Nýjar upplýsingar koma ört fram og viðhorf breytast með skjótum hætti. Því verður hlutverk kennarans ekki sist að leiðbeina um alhliða og gagnrýna skoðun og samanburð.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- greini stöðu heimsmála við upphaf fyrri heimsstýrjaldar, stöðu stórvelda, framgang nýlendustefnu og stjórnáhræringar
- greini fyrri heimsstýrjöld með hliðsjón af eyðingarmætti vígvéla, hlutskipti hermanna og óbreyttra borgara
- þekki breytingar á stöðu ríkja í kjölfar stýrjaldarinnar (Íslands, Þýskalands, Austurríkis, Rússlands, Tyrklands, Japans)
- meti áhrif stýrjaldarinnar á framfarahyggju og andlegt líf
- kynni sér og geri grein fyrir frásögn Stefans Zweigs af aðdraganda og áhrifum fyrri heimsstýrjaldar og/eða sagnfræðilegri umfjöllun um sama efni (þversnið)

Fyrri heims-  
stýrjöld



- kanni rússnesku byltinguna með hliðsjón af hugmynda-  
stefnum, kenningu Lenins og framgangi byltingarinnar  
fram til seinni heimsstyrjaldar (þversnið/langsnið)

### Millistríðsárin

- greini þverstæður millistríðsáranna: góðæri og kreppu,  
öfgastefnur (Sovétríkin, Þýskaland) og milliveg  
(Bandaríkin, Norðurlönd)
- greini viðbrögð við heimskreppunni í stjórnámálum og  
atvinnulífi, t.d. varðandi hlutverk ríkisvaldsins (þver-  
snið)
- þekki átakalínur í íslensku samfélagi, milli stjórn mála-  
afla, í þjóðlífi og menningarlífi, t.d. milli alþjóðahyggju  
og verndarstefnu, sveita og bæja, vinstri og hægri

### Kalda stríðið

- skapi sér mynd af kalda stríðinu sem fyrirbæri og tíma-  
bili, t.d. með því að kanna viðhorf fólks í umhverfi sínu,  
leita upplýsinga á Neti og í ritum, í skáldskap og kvik-  
myndum
- leiti upphafs og róta kalda stríðsins, t.d. með því að  
kynna sér mismunandi skýringar í uppsláttarritum og í  
fræðigreinum
- þekki atburðarás kalda stríðsins í stórum dráttum, frá  
lokum seinni heimsstyrjaldar til falls sovétkerfisins í  
Austur-Evrópu; einnig gang mála á Íslandi
- kanni einstakan atburð kalda stríðsins, svo sem inn-  
göngu Íslands í NATO, Kúbudeiluna, innrás Sovét-  
manna í Tékkóslóvakíu eða fundinn í Höfða (þversnið)
- kanni viðskiptatengsl Íslands sem mótuðust af að-  
stæðum í kalda stríðinu, t.d. Marshallaðstoðina, fisk-  
sölusamninga við Sovétríkin og Bandaríkin og atvinnu-  
hagsmuni á Suðurnesjum
- skoði mismunandi leiðir Norðurlanda í kalda stríðinu og  
einnig stöðu og möguleika landanna í heild út frá hug-  
myndum um „norrænt jafnvægi“
- kynni sér endalok nýlendustefnu og þróunarleiðir í  
þriðja heiminum í ljósi kalda stríðsins

### Nemandi

- kanni menningarleg og félagsleg áhrif kalda stríðsins, þ. á m. á Íslandi, t.d. á verkalýðshreyfingu og stjórn­málaflokka, neysluvenjur (tyggjó og Rússajeyppar), stöðu kynja, orðfæri manna og félagastarf, svo og við­horf til þjóðernis og kynþátta
- kynni sér vígbúnað risaveldanna, ógnarjafnvægi, kjarn­orkuvá og friðarhreyfingar; hafi skoðað þetta í ljósi hernaðartækni og/eða bókmennta og kvikmynda
- kynni sér njósnastarfsemi í kalda stríðinu og skáld­sögur og kvikmyndir sem sóttu efnivið í slíka starfsemi
- þekki til þrenginga og erfiðleika sem ýmsir hópar og einstaklingar urðu fyrir í austri og vestri, svo sem tak­markana á atvinnumöguleikum, stjórn­málaþátttöku og tjáningarfrelsi (þar með talin sjálfsritskoðun)
- þekki til andófs af ýmsu tagi, t.d. hópsins Charta 77 í Tékkóslóvakíu, Samstöðu í Póllandi og Víetnamhreyf­ingarinnar á Vesturlöndum
- kannist mismunandi viðhorfum til veru bandaríska hersins á Íslandi á tímabilinu með hliðsjón af þjóðerni, stjórn­málastefnum, menningarvarðveislu og viðskipta­hagsmunum
- kanni viðhorf manna til menningaráhrifa sem tengd voru veru hersins á Íslandi, t.d. varðandi djass og rokk­tónlist, útvarp og sjónvarp
- kynni sér hvernig menning á Íslandi dró dóm af kalda stríðinu, t.d. í bókmenntum, bókaútgáfu og kynningar­starfsemi stórveldanna
- kanni breytta stöðu Íslands eftir lok kalda stríðsins, t.d. með viðtölum við stjórn­málamenn, fræðimenn og við­skiptafólk
- geri sér grein fyrir gagnsemi og takmörkunum hug­taksins „kalt stríð“ um ákveðið tímabil í sögunni



### Á líðandi stund

- kanni málefni sem umrædd eru á líðandi stund og greini sögulegar rætur þeirra og ferli
- velji sér landsvæði í heiminum og kanni sögulega þróun þeirra; dæmi: samvinna Íslands, Grænlands og Færeyja; mafían á Ítalíu og í Bandaríkjunum; sjávarbyggðir í Bretlandi sem byggðu á Íslandssiglingu; kynþáttaaðskilnaður í Suður-Afríku; fólksflutningar milli landa á tuttugustu öld
- spái í framtíð samfélags og menningar með sérstöku tilliti til tækni, heilbrigðis, lífskjara, atvinnulífs, skiptingar lífsgæða eða friðarhorfna



# SÁLFRÆÐI

## Inngangur

Sálfræðin fæst við að skýra hegðun fólks. Mismunandi stefnur nálgast það viðfangsefni frá ólíkum sjónarhornum. Til að mynda reyna atferlissinnar að skýra það út frá afleiðingum hegðunar og þáttum í umhverfi, sálkönnuðir leita í hin myrku sálar djúp að dulvituðum skýringum og þeir sem starfa á mörkum sálfræði og taugalífeðlisfræði leita skýringa í starfsemi og gerð tauga- og hormónakerfis. Þetta verkefni sálfræðinga er víðfeðmt og tekur til atriða eins og náms, hugarstarfsemi, þroskaferils mannsins, viðbragða við áföllum, samskipta, geðsjúkdóma, þroska-truflana, skynjunar og svo mætti lengi telja. Íslenskir sálfræðingar starfa á marvíslegum sviðum samfélagsins eins og við hjónabandsráðgjöf, umferðarsálfræði, réttarsálfræði, rannsóknir, kennslu, meðferð geðsjúkra og fíkla svo að nokkuð sé nefnt.

Sálfræði er oft aðgreind í hagnýta sálfræði og fræðilega. Fræðileg sálfræði tengist kennslu og rannsóknarstarfi. Áhersla er lögð á að byggja upp þekkingu með rannsóknum, rökræðum og skrifum að ógleymdri kennslu. Með hagnýtri sálfræði er einkum átt við svið þar sem sálfræðileg þekking kemur að beinum notum eins við meðferð geðfatlaðra og annarra fatlaðra, við ráðgjöf varðandi samskipti og hönnun á vinnustað og ráðgjöf varðandi uppeldi og kennslu barna svo að dæmi séu tekin. Mörkin á milli hagnýtrar og fræðilegrar sálfræði eru þó óljós. Þekking á kenningum atferlissinna getur nýst nemandanum í öllum samskiptum og sérstaklega við mótun hegðunar eins og fengist er við t.d. í uppeldi.



Í eftirfarandi áfangalýsingum er reynt að gera báðum þessum hliðum sálfræði álíka hátt undir höfði og þar með auka hlut hagnýtrar sálfræði frá því sem verið hefur. Ekki er þó ætlunin að gera lítið úr vísindalegu sálfræðinni enda getur hún verið öflugur stuðningur við hina hagnýtu og hefur auk þess þann eftirsóknarverða skapandi þátt sem er rannsóknarvinna nemenda.

Mismikil áhersla er lögð á virkni nemenda í mismunandi áföngum, stundum er áherslan aðeins meiri á bókina, í öðrum áföngum er mest áhersla á virkni og frumkvæði nemenda í rannsóknarvinnu og í enn öðrum er hlutfall nokkurn veginn jafnt.

Hvert sem nemendur halda að loknu framhaldsskólanámi ætti sálfræðimenntunin að koma þeim að góðum notum hvort heldur er í áframhaldandi námi, vinnu, félagsstörfum eða fjölskyldulífi.

## Lokamarkmið

### Nemandi

- þekki skiptingu sálfræðinnar í fræðilegan og hagnýtan hluta og viðfangsefni og nálgun hvors fyrir sig
- þekki helstu stefnur og kenningar sálfræðinnar
- þekki og geti beitt helstu hugtökum greinarinnar
- öðlist innsýn í þá þætti sem hafa áhrif á nám og minni og þekki leiðir til að bæta árangur sinn
- fái skilning á fjölbreytileika mannlegrar hegðunar og tilfinninga og auki þar með umburðarlyndi sitt og viðsýni
- öðlist þekkingu á ólíkum þroskastigum manneskjunnar
- geri sér grein fyrir mótunaráhrifum fjölskyldunnar
- verði læs á ýmis gögn sem sýna niðurstöður rannsókna
- fái innsýn í rannsóknaraðferðir sálfræðinnar
- verði fær um að vinna á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt við söfnun og úrvinnslu upplýsinga og geti gert grein fyrir niðurstöðum sínum munnlega og skriflega





## Áfangar

### SÁL 103 Almenn sálfræði

#### Áfangalýsing

Fjallað er um viðfangsefni, aðferðir og stefnur sálfræðinnar í sögulegu samhengi. Vísindaleg vinnubrögð kynnt, bóklega og verklega. Síðan er námssálarfræði til umfjöllunar bæði á fræðilegan og hagnýtan hátt; minni, minniskerfin þrjú, minnistækni og ýmsar tegundir náms, einkum skilyrðingar, en einnig hugrænt nám. Sértek námsvandamál eru kynnt. Sérstakur gaumur er gefinn að hagnýtingu námssálarfræðinnar við ýmsa þætti auk námsins, svo sem við samskipti, líkamstjáningu, mótun hegðunar og fælni. Nemendur kynnst leiðum sálfræðinnar til að fást við vandamál daglegs lífs. Viðfangsefnin geta til að mynda verið togstreita, ákveðni/óákveðni, samskiptahæfni, reiðistjórnun eða annað sem ákveðið er í sameiningu af nemendum og kennara. Æskilegt er að einum þriðja hluta áfangans sé varið til verklegra æfinga og verkefna. Til að mynda geri nemandi fáeinar rannsóknir og skili skýrslum um þær.

#### Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki helstu stefnur og rannsóknaraðferðir sálfræðinnar í sögulegu samhengi
- fái innsýn í fjölbreytileika sálfræðinnar, þekki helstu starfssvið sálfræðinga og viti hvernig sálfræði nýtist í daglegu lífi og í meðferð
- þjálfist í vísindalegri hugsun og vinnubrögðum með því að gera litlar rannsóknir og skýrslur um þær samkvæmt viðurkenndum reglum
- verði fær um að koma niðurstöðum sínum á framfæri munnlega fyrir framan hóp jafningja

### Nemandi

- fá innsýn í þætti sem hafa áhrif á nám, námserfiðleika, minni og skynjun og þar af leiðandi einnig á hegðun fólks
- viti hvað viðbragðsskilyrðing er og þekki tengsl við daglegt líf, svo sem óttaviðbrögð, auglýsingar, lyf og ofnæmi
- viti hvað virk skilyrðing er og þekki tengsl hennar m.a. við uppeldi, nám og meðferð hegðunarvandamála og geðrænna vandamála
- viti hvað hugrænt nám er og geti rökrætt um athygli, skynjun, rökhugsun, mál o.fl.
- öðlist innsýn í grundvallaratriði mannlegra samskipta
- þekki til leiðbeininga sálfræðinga um hvernig hægt er að takast á við vandamál daglegs lífs

### Efnisatriði

*Kynning á sálfræðinni:* viðfangsefni fræðilegrar og hagnýtrar sálfræði, sálfræðistefnur, frumkvöðlar, rannsóknar- aðferðir, rannsóknarvinna.

*Námssálarfræði:* virkar skilyrðingar, viðbragðsskilyrðingar, hugrænt nám, námserfiðleikar, námstækni, minni, minnistækni, samskipti, líkamstjáning.

*Vandamál daglegs lífs:* togstreita, samskipti, ákveðni.

### Námsmat

Æskilegt er að vægi lokaprófs og mats á vinnu á önninni sé nokkuð jafnt. Á lokaprófi er einkum metið hvort þekkingarmarkmiðum hefur verið náð. Skýrslur eiga að sýna færni í sjálfstæðum, vísindalegum vinnubrögðum og heimildanotkun, einnig færni í ritvinnslu og meðferð íslensku og tölfræði sem er þverfagleg krafa á stúdentsbrautum. Kaflapróf og önnur verkefni geta einnig verið þáttur í námsmati. Tillaga að vægi námsþátta: lokapróf 50%, skýrslur 20-30%, kaflapróf 10-15%, önnur verkefni 5-10%.



## SÁL 203 Proskasálfræði

Undanfari: SÁL 103

### Áfangalýsing

Kynning á þroskasálfræði og hugtökum hennar og helstu álitamálum, t.d. hlut erfða og umhverfis í mannlegum eiginleikum. Helstu kenningar kynntar. Fjallað um alhliða þroskaferil frá getnaði til gelgjuskeiðs, einkum líkams- og hreyfiþroska, vitsmunþroska, persónuleika- og málþroska. Einkum er fjallað um eðlilegan þroska en einnig lítillaga um frávik og orsakir þeirra. Stiklað er á stóru varðandi þroskaferil frá kynþroska að elliárum. Álitamál eins og barneignir tánunga, fóstureyðingar, starfslok og fleira verða tekin fyrir. Mótunaráhrif fjölskyldu rædd og nemandi hvattur til að skoða sig og fjölskyldu sína „utan frá“ og reyna að greina þá þætti sem móta hann sjálfan og samskiptin í fjölskyldunni. Litið er á mótun kynhegðunar í gegnum samskipti við jafnaldra. Ýmis vandamál barna og unglunga (t.d. geðræn, tilfinningaleg, líkamleg, náms- og hegðunarvandamál) skoðuð. Streituviðbrögð rædd í tengslum við sjúkrahúsinnlögn, ástvinamissi, skilnaði og fleira. Viðfangsefnið geta verið breytileg og mótast af áhuga nemenda og kennara.

Nemendur vinna einstaklingsverkefni, t.d. gera tilraun eða taka viðtal, og skila ítarlegri skýrslu um niðurstöður sínar. Auk þess undirbúa þeir og flytja tveir til þrjár saman fyrirlestur um efni valið af þeim eða afmarkað af kennara, t.d. um ýmis vandamál barna og unglunga.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- öðlist innsýn í viðfangsefni, rannsóknaraðferðir og helstu álitamál þroskasálfræðinnar
- þekki hvaða rannsóknaraðferðir eru mest notaðar í þroskasálfræði, galla þeirra og kosti, til að nálgast örugga vitneskju um það sem vikur að þroska barna

### Nemandi

- verði fær um að lesa og túlka rannsóknarniðurstöður (texta og töflur) og meta hvort niðurstöður séu ábyggilegar eða ekki
- þekki hugmyndir sem hafa haft mest áhrif á framvindu greinarinnar, a.m.k. hugmyndir sálkönnunar, atferlisstefnu og Piagets, og geri sér grein fyrir hvernig áhrif þeirra birtast í leikskólum, skólaskipulagi og viðhorfum í þjóðfélaginu
- þekki alhliða þroskaferil barna, svo sem vitsmunapróska, líkamsþroska, málþroska, persónuleikapróska og siðgæðisþroska
- skilji að hugsun barna er eðlisólík hugsun fullorðinna
- átti sig á mikilvægi bæði líkamlegrar og andlegrar umönnunar og örvunar fyrir þroska barnsins
- verði fær um að leita upplýsinga á fjölbreyttan hátt, með rannsóknnum, í bókum, á Netinu, í timaritum og með viðtölum við sérfræðinga og aðra
- fái þjálfun í að kynna verkefni fyrir framan hóp og geti tekið á móti gagnrýni og metið verkefni annarra á gagnrýninn en jákvæðan hátt
- skilji og geti gert grein fyrir mikilvægi fjölskyldunnar sem mótunarafli fyrir einstaklinginn
- öðlist innsýn í hvað mótar kynhegðun
- þekki nokkrar aðferðir og hugmyndir um árangursrík samskipti og hvernig jafna má ágreining á friðsaman hátt
- þekki helstu áfanga á ævilöngum þroskaferli fólks
- þekki til ýmissa vandamála sökum uppeldisaðstæðna, sjúkdóma eða fötlunar
- þekki merki andlegrar vanlíðunar hjá börnum á mismunandi aldri og fjalli um hvernig heppilegast er að bregðast við barni sem á í erfiðleikum



### Efnisatriði

Rannsóknir, upplýsingaöflun, hugmyndastefnur og áhrif þeirra, þroskaferill, umönnun, örvun, fjölskylda, kynhegðun, árangursrik samskipti, vanlíðan.

### Námsmat

Æskilegt er að vægi matsþátta skiptist nokkurn veginn til helminga milli lokaprófs og vinnu á önninni. Á lokaprófi er metið hvort þekkingarmarkmiðum hefur verið náð, opnar spurningar mæla að auki skilning á ákveðnum þáttum og hæfni til að setja fram upplýsingar á skýran og skiljanlegan hátt. Skýrsla á að sýna færni í sjálfstæðum, vísindalegum vinnubrögðum og heimildanotkun, einnig færni í ritvinnslu sem er þverfagleg krafa á stúdentsbrautum. Með því að halda fyrirlestur sýna nemendur að þeir geti aflað heimilda á fjölbreyttan hátt og sett upplýsingar fram bæði munnlega (fyrir framan hóp) og myndrænt. Með verkefnum eru mismunandi þættir þjálfaðir og metnir, t.d. skilningur á og hagnýting fræðanna. Þó að umræður séu oft ekki metnar sem hluti af lokaekinn þá eru þær eigi að síður mikilvægur liður í menntun nemenda í þroskasálfræði.

Dæmi um gildi námsþátta: lokapróf 50-60%, stórt verkefni (t.d. tilraun og skýrsla) 15-20%, fyrirlestur 10-20%, tíma-próf 10-15%, verkefni 10-15%.

## SÁL 213 Lífeðlisleg sálfræði

Undanfari: SÁL 103

### Áfangalýsing

Farið er í gerð og starfsemi taugakerfis, einkum heila og taugafrumna. Hormónakerfið og tengsl hormóna við hegðun eru einnig tekin fyrir. Skynjun, lífeðlislegar undirstöður hennar og hugræn úrvinnsla er til umfjöllunar, sem og skynvillur. Fjallað er um vitund og breytt vitundarstig svo sem: svefn, drauma, dagdrauma, dáleiðslu og vímu af völdum lyfja. Ef áhugi er fyrir hendi má dýpka umfjöllun um annaðhvort dulræna skynjun eða vímuefni, meðferð og forvarnir.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki gerð og starfsemi heila, tauga- og hormónakerfis í grófum dráttum
- þekki niðurstöður rannsókna á klofnum heila og hvað þær segja okkur um sérhæfingu heilahvela og sjálfsvitund
- þekki áhrif algengustu vímuefna á lífefnafræði heilans og skynjun
- þekki og geti fjallað um skaðsemi ávana- og vímuefna
- geti rakið ferli skynjunar frá því að skynfæri sjónar eða heyrnar eru áreitt og þar til boð berast heila, einnig í grófum dráttum skynferli lyktar, bragðs, snertingar og jafnvægis
- geti fært rök fyrir því í hvaða mæli skynjun sé meðfædd eða lærð
- þekki helstu niðurstöður rannsókna á skynjun, þekki t.d. til kenninga gestaltsinna um skynheildir og hugfræðinga um skemu
- geti fjallað um vitund og fyrirbæri á mörkum vitundar, sem og breytt vitundarstig
- þekki staðreyndir um svefnstig og svefnvandamál, drauma og leiðsluástand eins og dáleiðslu



- þekki leiðir til að notfæra sér tilhneigingu okkar til dagdrauma á uppbyggilegan hátt
- kynnist kenningum og rannsóknum varðandi dulskynjun og viti af hverju vísindamenn hafa efasemdir um tilvist dulskynjunar

### Efnisatriði

Taugafruma, skipting taugakerfis, líffærafræði heila, staðsetning ýmissa skyn- og stjórnsvæða, sérhæfing heila-hvela, hormón, skynjun, hugræn úrvinnsla skynáreita, skynvillur, yfirskilvitleg skynjun, eðli meðvitundar, breytt vitundarstig, vímuefni.

### Námsmat

Eins og í öðrum sálfræðiáföngum er æskilegt að gildi lokaþrófs og annareinkunnar sé svipað. Áframhaldandi þjálfun í vinnubrögðum greinarinnar er metin í tilraunum og skýrslugerð. Meta má hvernig nemandi hefur dýpkað þekkingu sína og um leið er æfð leit að og notkun heimilda með ritgerð og/ eða vefsíðugerð um efni tengt áfanganum. Tímapróf og lokapróf mæla þekkingu en tímaritgerðir æfa nemendur í að taka sjálfstæða afstöðu til álitamála og færa gild rök fyrir skoðun sinni. Tillaga að námsmati: lokapróf 50-60%, 2-3 skýrslur 10-15%, ritgerð eða vefsíðugerð 15%, 2-4 tímapróf/ritgerðir 10-15%, önnur verkefni 10%.

## SÁL 303 Afbrigðasálfræði

Undanfari: SÁL 203/213

### Áfangalýsing

Ítarlega er fjallað um streitu, einkenni hennar, áhrif á heilsu og streituþol. Nemendur meta eigin streitu og skoða leiðir til að draga úr neikvæðum áhrifum hennar. Hugtakið geðheilbrigði er skoðað svo og forvarnir í geðheilbrigðismálum. Nemendur fræðast um algengustu flokka geðrænna vandamála, orsakir þeirra, tíðni, einkenni og meðferð. Þannig öðlast nemendur innsæi og skilning á aðstæðum og aðbúnaði geðfatlaðra. Nemendur kynna sér einnig hvar hægt er að fá aðstoð eigi þeir við geðræn vandamál að stríða. Viðhorf nemenda rædd með það fyrir augum að ýta undir virðingu, skilning og umburðarlyndi í garð geðfatlaðra. Nemendur gera ritgerð um geðsjúkdóm að eigin vali eða annað sem tengist efni áfangans. Mikil áhersla lögð á góða og fjölbreytta notkun heimilda og að leita heimilda sem varpa ólíku, jafnvel andstæðu ljósi á efnið. Í ritgerðinni skal setja fram spurningu og leitast við að svara henni með rannsókn fjölbreyttra heimilda.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki og sé meðvitaður um einkenni streitu
- þekki leiðir til að vinna gegn streitu, hafi til dæmis þjálfast í að nota slökunaraðferðir
- þekki skaðleg áhrif streitu og hvað hefur áhrif á streituþol fólks
- viti að til eru viðurkennd flokkunarkerfi fyrir geðræn vandamál og geti greint einföld dæmigerð tilfelli samkvæmt þeim
- geti gert grein fyrir einkennum, algengi, mögulegum orsökum og áhættuþáttum helstu geðrænna kvilla: kvíðaraskana (fælni, árattu/þráhyggju o.fl.), lyndisraskana (einhverflyndi – þunglyndi og tvíhverflyndi – geðhæð/geðlægð), geðrofaraskana o.fl.





- þekki helstu meðferðarform, hugmyndafræði þeirra og aðferðir; þekki niðurstöður rannsókna á árangri þeirra og viti um erfiðleika við að bera þær saman
- öðlist nokkra innsýn í það hvernig viðhorf til og meðferð geðsjúkdóma hefur breyst í gegnum tíðina
- kynni sér aðbúnað geðfatlaðra og möguleika til mannsæmandi lífs
- þjálfist í gerð rannsóknarritgerðar og dýpki í leiðinni þekkingu sína á einhverjum námsþætti
- geti fjallað um muninn á geðheilbrigði og frávikum og þekki leiðir til að viðhalda eða bæta eigin geðheilsu og annarra, viti m.a. hvenær þörf er á að leita hjálpar og hvar er hægt að leita hennar
- þekki lagalegar og siðfræðilegar reglur sem gilda um meðferð persónuupplýsinga
- temji sér að sýna geðfötluðum virðingu og skilning

### Efnisatriði

Streita: streitueinkenni, streitumælingar, streituþol, streituvarnir, slökun, áföll og áfallahjálp.

Geðheilbrigði: skilgreining, forvarnir, sjálfshjálp.

Flokkunarkerfi geðrænna vandamála (DSM 4): lyndisraskanir og geðklofaraskanir, kvíðaraskanir.

Meðferð geðrænna vandamála: sálkönnun, atferlismeðferð, hugræn meðferð, mannúðarsálfræði, lyf, lyfleysuáhrif.

Viðhorf til geðfatlaðra.

### Námsmat

Eins og í öðrum sálfræðiáföngum er æskilegt að vægi skiptist jafnt á milli vinnu á námstíma og lokaprófs. Ritgerð gildi a.m.k. 20% til að leggja áherslu á mikilvægi hennar. Mat á annarri vinnu á önn getur verið margs konar: mat á hóp-vinnu, fyrirlestri, leikrænni tjáningu, þátttöku í umræðum, samviskusemi við heimavinnu, greinargerð um heimsókn á stofnun eða gestafyrirlestur, gerð vefsíðu og fleira. Dæmi um námsmat: lokapróf 50-55%, ritgerð 20%, 2-4 tímapróf 10-15%, verkefni 10-20%.

## SÁL 313 Fötlun, áföll og öldrun

Undanfari: SÁL 203/213

### Áfangalýsing

Í fyrri hluta er fjallað um fötlun og áhrif fötlunar á sjálfsmynd og líf einstaklings og fjölskyldu hans. Unnin eru verkefni um aðstæður fatlaðra barna og fullorðinna á Íslandi.

Í seinni hluta áfangans er fjallað um áföll, áfallastreitu, áfallahjálp, kreppu, kvíða og sorg. Hægt er að fá gesti í heimsókn, skoða blaðagreinar, nemendur geta kannað eigin kvíðaviðbrögð og streituvaldandi aðstæður og hvernig hægt er að hafa áhrif á eigin líðan og annarra. Sérstaklega er hægt að skoða gæði samskipta og hvaða leiðbeiningar eru gefnar um framkomu við fólk sem orðið hefur fyrir áföllum eða er í sorg.

Í lok áfangans er fjallað um öldrun og mál sem tengjast henni. Litið er á rannsóknir og kenningar um breytingar á skynjun, hugsun og heilsu með hækkandi aldri. Viðhorf til aldraðra eru skoðuð og nemendur taka einkaviðtal við eldri borgara þar sem komið er inn á fyrrnefnda hluti, lífs- hlaup rakið og aðlögun einstaklings að breytingum vegna aldurs sérstaklega skoðuð.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- viti hvað talið er til fötlunar í dag
- átti sig á að ýmsar hindranir, sem mæta fötluðu fólki, tengjast fremur félagslegum þáttum og hefðum en skertu atgervi þeirra sem búa við fötlun
- geri sér grein fyrir að fatlaðir eru ólíkir einstaklingar sem hafa vilja og getu til að nýta sér hæfileika sína, stjórna eigin lífi og eiga rétt á að deila kjörum með ófötluðum



- viðurkenni að menn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, eiga sama rétt til að nýta sameiginleg gæði samfélagsins og oft þurfi að laga ytra umhverfi og almenna þjónustu að sérþörfum fatlaðra
- öðlist innsýn í áhrif fötlunar á sjálfsmynd einstaklingsins
- fái innsýn í áhrif fötlunar á aðra fjölskyldumeðlimi og hvernig búið er að íslenskum foreldrum sem eiga fötluð börn
- öðlist þekkingu á hvernig aðstæður fatlaðra á Íslandi eru hvað varðar þjálfun, nám, heimili, vinnu og tómstundir
- viti hvað felst í hugtökum eins og áfallastreita og áfallahjálp
- þekki eðlileg viðbrögð fólks við óeðlilegum aðstæðum
- öðlist innsýn í einkenni sorgarferlis
- öðlist skilning á hugtökunum kvíði, kvíðaviðbrögð og kreppa, t.d. áfallakreppa og þroskakreppa
- geri sér grein fyrir gildi samskipta og hvernig framkoma hans getur haft áhrif á liðan annarra
- fái innsýn í áhrif stofnanadvalar og þess að vera háður öðrum
- geri sér grein fyrir helstu áhrifum öldrunar á hugsun og líkama
- þekki hvað átt er við með hugtökunum líffræðilegur, sálrænn og félagslegur aldur
- velti fyrir sér viðhorfum til aldraðra í dag og réttmæti þeirra
- öðlist reynslu af mismunandi leiðum til að afla gagna eins og á Netinu, með viðtölum, heimsóknum, rannsóknaraðferðum, úr bókum, tímaritum og með heimsóknum á stofnanir
- kunnir að skipuleggja tíma sinn við þekkingarleit
- fái þjálfun í samvinnu við afmörkun, skipulagningu og úrvinnslu viðfangsefnis
- fái þjálfun í að tjá eigin niðurstöður munnlega, skriflega eða í öðru formi sem nemandinn hefur valið sér

### Efnisatriði

Fötlun, sjálfsmynd, aðstæður fatlaðra, stofnanir, áföll, áfallahjálp, kvíði, sorg, öldrun, líkamsbreytingar, félagslegar aðstæður, aðlögun.

### Námsmat

Námsmat ætti að byggjast að mestu leyti á verkefnavinnu nemenda. Stórt verkefni um fötlun gæti gilt um 50% af lokaeinkunn, einkunnin tekur t.d. til ritgerðar, munnlegrar kynningar á efni hennar og vinnuferlisins. Hægt er að hafa möppumat samhliða verkefnamati, þá skilar nemendahópurinn vinnumöppu þar sem hægt er að skoða vinnuferlið við verkefnavinnuna. Ef nemendur semja ritgerð eru gerðar sömu kröfur til hennar og gerðar eru í SÁL 313.

Hluti af námsmati byggist á almennum spurningum úr sameiginlegu námsefni (s.s. fyrirlestrum kennara um fötlun, áföll og aldraða). Mætingu og ástundun þarf að taka inn í matið, annaðhvort beint til einkunnar eða krefjast ákveðinnar lágmarksmætingar, t.d. 80% mætingar til að nemandi nái áfanganum. Tillaga að námsmati: verkefni um fötlun 50%, tímapróf/-verkefni 20-30%, verkefni um öldrun 10-20%, önnur viðfangsefni 10-20%, ástundun 0-10%.



## SÁL 403 Greind, félags- og persónuleikasálfræði

Undanfari: SÁL 303/313

### Áfangalýsing

Atferli, hugsanir og viðhorf skoðuð í félagslegu samhengi. Áhersla er lögð á virkni nemenda, t.d. að þeir geri viðhorfakönnun, tilraun á staðalmyndum, hjálpsemi, hlýðni eða því um líku; æfi samskipti, greiningu á og beitingu líkamstjáningar. Mismunandi persónuleikakenningar eru skoðaðar og tilraun gerð til að búa til nothæft persónuleikapróf. Álitamál og staðreyndir varðandi greind, vitsmunafroska og greindarmælingar kynntar. Nemendur vinna að verkefnum eins og rökfærsluritgerð eða stuttum greinargerðum um afmörkuð efni. Áhersla er líka lögð á að nemandi geti tekið sjálfstæða, vel rökstudda afstöðu til álitamála varðandi félagssálfræði, greind eða persónuleika.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- öðlist innsýn í það hvernig heilinn vinnur með félagslegar upplýsingar og hvernig villur hann gerir helst í sinni hröðu úrvinnslu
- þekki rannsóknir á fordómum og tilraunum til að breyta þeim
- viti hvaða þættir skipta máli varðandi það við hverja manni líkar og hverja ekki
- þekki áhrif hópa, hópprýsting, höfnun hópsins og fleira
- þekki rannsóknir á hlýðni manna við hversdagslegar og óvenjulegar aðstæður og viti hvaða þættir hafa áhrif á hana
- sé líklegri til að hjálpa náunga í neyð eftir að hafa kynnt sér hvernig afskiptaleysi náungans er venjulega háttað
- viti hvað viðhorf eru, hvort þau eru í samræmi við hegðun, hvernig hægt er að hafa áhrif á viðhorf og mæla þau

### Nemandi

- verði meðvitaðri um ýmsar leiðir til samskipta og tjáningar, yrtar og óyrtar, og geti túlkað afstöðu annarra ekki bara af orðum heldur einnig af líkamsstöðu og öðrum þáttum
- öðlist innsýn í áhrif samskipta á atriði eins og vinnuanda og starfsánægju
- þekki ólíkar skilgreiningar á persónuleika
- prófi að setja saman persónuleikapróf
- geri sér grein fyrir ólíkum kenningum um persónuleika og hugmyndum um mótun hans
- þekki nokkrar aðferðir sem beitt hefur verið til að meta persónuleika og heilbrigði hans
- viti hvað rannsóknir á niðurstöðum persónuleikaprófa segja, t.a.m. um kenningarnar og um stöðugleika persónuleika
- geti rætt af þekkingu um kenningarnar og rökstutt skoðanir sínar á persónuleikakenningum og -prófum
- fjalli um nokkrar ólíkar skoðanir á því hvað greind sé
- þekki mismunandi aðferðir til að mæla greind, viti hvernig greindarpróf eru búin til og stöðluð, skilji merkingu greindarvísitölu (normalkúrfa, staðalfrávik)
- geti rökrætt af þekkingu um álitamál varðandi greind, t.d. samanburð á greind kynstofna, kynja eða stétta og um þátt erfða og umhverfis



### Efnisatriði

Skematísk vitneskjuvinnsla, staðalmyndir, fordómar, breyting á fordómum, minni, athuganir á viðhorfum, aðlöðun og ást, hópar, hópstarf, samskipti og tjáning, vinnusálfræði, persónuleiki, persónuleikapróf, greind, mismunandi skilgreiningar, greindarmunur.

### Námsmat

Mat getur verið hefðbundið, lokapróf 50%, verkefni á önn 50%, eða meira vægi haft á verkefnum ef ástæða er til. Dæmi um stór verkefni: félagssálfræðileg rannsókn, fylgnikönnun eða tilraun, tilraun til að gera eigið persónuleikapróf og jafnvel leggja það fyrir, ritgerð um greind eða annað efni áfangans. Smærri verkefni eru tímaritgerðir (rökfærslurritgerðir), umræður og niðurstöður af þeim, greinargerðir um greinar eða annað sem nemendur kynna sér.

Ef nemandi gerir ritgerð eða skýrslu í þessum áfanga eru að sjálfsgöðu gerðar strangar kröfur um vinnubrögð sem æfð hafa verið í undanföllum.



## UPPELDIS- OG MENNTUNARFRÆÐI

### Inngangur

Þegar rætt er um uppvaxtarskilyrði barna er ekki eingöngu átt við ytri aðstæður eins og t.d. hreinlæti, mataræði, klæðnað og heilsugæslu heldur einnig hvernig hlúð er að sálarlífi þeirra. Aukin meðvitund um mikilvægi andlegs og líkamlegs atlætis barna kemur meðal annars fram í umræðum um uppeldismál í fjölmiðlum, framboði á námskeiðum og tilboðum á fræðibókum um börn og barnauppeldi auk starfsemi í foreldrafélögum, foreldraröls sums staðar í þéttbýli um helgar og fleira mætti telja.

Þekking á mikilvægi markmiða í uppeldi og menntun og innsýn í margvíslegar leiðir að markmiðum hlýtur að styrkja uppalanda í hlutverki sínu. Þar sem eitt af meginmarkmiðum framhaldsskólans er að undirbúa nemendur undir lífið þá hlýtur nám í uppeldis- og menntunarfræðum með áherslu á uppeldi barna og unglinga að vera mikilvægur þáttur í menntun nemenda því að flestir eiga eftir að verða þátttakendur í uppeldi vaxandi kynslóðar.

Persónuþroski hvers og eins hlýtur að vera mikilvægur þáttur í námsferli nemenda. Með því að stunda nám í uppeldis- og menntunarfræðum ætti nemandinn að vera betur í stakk búinn til að skilja sjálfan sig og nánasta umhverfi sitt, t.d. fjölskyldu sína, verða betri í samskiptum almennt og ábyrgur samfélagsþegn.

Nám í uppeldis- og menntunarfræðum er einnig góður undirbúningur undir frekara framhaldsnám. Er þá ekki aðeins átt við þekkingu sem nemendur afla sér heldur einnig færni í upplýsingaleikni.





## Nám og kennsla

Nám í uppeldisfræði eins og öðrum félagsgreinum hentar einkar vel til að þjálfa nemendur í upplýsingaleit, skipulegri úrvinnslu og kynningu á niðurstöðum. Mikilvægur þáttur við verkefnavinnu nemenda er gildi viðfangsefnisins fyrir nemandann, það þarf að vera áhugavert og hægt að tengja það við reynsluheim nemandans og draga af því nokkurn lærdóm. Möguleikar á slíkum viðfangsefnum eru margvíslegir innan uppeldis- og menntunarfræðinnar. Auðvelt er að finna viðfangsefni sem leiða ekki bara til staðreyndaupptalningar heldur kalla á margvíslegar spurningar og ólík sjónarhorn. Þetta geta verið viðfangsefni sem reyna á samvinnu og samábyrgð nemenda, svo og sjálfstæði hvers og eins við skipulagningu, upplýsingaöflun og úrvinnslu.

Mikilvægt er að viðfangsefni nemenda endurspegli hvernig þeir einir eða í samvinnu við aðra setja fram spurningar og leysa úr þeim, finna mismunandi lausnir, setja hluti í samhengi og hafa innsýn í gildismat fræðigreinarinnar. Hægt er að láta nemendur skila vinnumöppu sem gefur yfirsýn yfir vinnuferli hópsins. Nemendur ættu að hafa svigrúm til að nota mismunandi tjáningarmáta til að sýna hvað í þeim býr.

Til að markmiðum um upplýsingaleikni sé náð hentar meðal annars að leggja áherslu á þátttökustjórnun þar sem nemendur bera ábyrgð á markmiðum, vinnuferli og niðurstöðum en kennarinn er leiðbeinandi. Viðfangsefni ræður ferðinni en ekki námsbók. Nemendur velja sér rannsóknarverkefni eða þema. Viðfangsefnið þarf að snerta uppeldisaðstæður barna eða unglinga. Það þarf að fela í sér krefjandi spurningar en ekki leiða til einfaldrar staðreyndaupptalningar. Það þarf að skipta máli fyrir nemandann og tengjast reynsluheimi hans. Það þarf að vera hægt að skoða frá sem flestum hliðum.

Vinnuferlið getur verið eftirfarandi:

- Fyrst eru margir möguleikar skoðaðir og settur fram hugmyndalisti að verkefnum.
- Nemendur velja sér viðfangsefni og þannig verða til hópar í kringum áhugasvið nemenda.
- Hóparnir setja sér meginmarkmið með verkefnavinnunni og þær spurningar sem ætlunin er að leita svara við, gera vinnuáætlun og ákveða í hvaða formi niðurstöður skuli vera. Þessum markmiðum og áætlun er skilað til kennara.
- Hóparnir vinna samkvæmt áætlun, afla upplýsinga eftir fjölþættum leiðum, þeir hitta kennara reglulega en bera fulla ábyrgð á verkefnavinnunni.
- Hóparnir kynna niðurstöður sínar fyrir kennara og öðrum nemendum í áfanganum og skila jafnframt niðurstöðum sínum til kennara í því formi sem samkomulag var gert um.

### Námsmat

Markmiðin eru grundvöllur námsmatsins. Hægt er að byggja hluta af matinu á hefðbundnum prófum. Prófspurningar skulu vera þannig að þær meti ekki eingöngu þekkingu nemenda heldur einnig færni og skilning. Námsmat skal að öðru leyti byggjast á frammistöðu nemandans sem einstaklings eða þátttakanda í hóp við ýmiss konar verkefni eða viðfangsefni. Námsmat getur miðast við framlag nemanda við eitt umfangsmikið rannsóknarverkefni sem allir nemendur taka þátt í eða framlag í smærri hóp þar sem verkefni eru ólík milli hópa. Námsmat getur einnig byggst á ýmiss konar einstaklings- eða hópverkefnum. Sem dæmi má nefna heimildaritgerð, framlag á vefsíðu, gerð bæklinga, að finna og kynna grein um uppeldismál, kynningu á heimsókn á stofnun, viðtöl við börn, foreldra eða aðra uppálendur. Áhersla skal lögð á heildstætt mat.



## Lokamarkmið

### Nemandi

- hafi innsýn í fræðigreininna uppeldis- og menntunarfræði
- sé meðvitaður um tengsl milli hugmyndafræði, markmiða, aðferða og mats
- kynni sér hvaða hugmyndafræði er ríkjandi á uppeldisstofnunum á Íslandi
- þekki niðurstöður rannsókna á mismunandi uppeldisaðferðum foreldra og geti sýnt fram á þekkingu á tilteknum uppeldisaðferðum
- sé meðvitaður um eigin hugmyndafræði hvað uppeldi varðar
- þekki til uppeldisaðstæðna barna á Íslandi, viti hver er réttur barna samkvæmt lögum og hvaða stofnanir gæta réttar þeirra
- hafi innsýn í og þekkingu á þörfum, hegðun, hugarstarfi og tilfinningalífi barna við ýmsar uppeldisaðstæður
- búi sig undir að takast á við uppeldi eigin barna og annarra
- sé meðvitaður um gildi jákvæðra og uppbyggilegra samskipta og öðlist nokkra þjálfun í slíkum samskiptum
- geti sett fram spurningar, tekið þátt í umræðu um uppeldismál, fært rök fyrir máli sínu og metið ólík sjónarmið
- viti hvar hægt er að leita svara við eigin spurningum og fá upplýsingar um uppeldis- og menntamál
- búi yfir færni til að vinna skipulega við upplýsingaleit, geti sjálfstætt og í samvinnu við aðra unnið gagnrýnið úr aðfengnum gögnum og komið niðurstöðum sínum á framfæri

## Áfangar

### UPP 103 Almenn uppeldis- og menntunarfræði

#### Áfangalýsing

Í þessum fyrsta áfanga í uppeldisfræði er lögð áhersla á kynningu á fræðigreininni uppeldis- og menntunarfræði. Fjallað er um rætur fræðigreinarinnar, sögu og hagnýtingu. Hugtakið uppeldi er tekið til umræðu og gildi uppeldis fyrir einstakling og samfélag. Mismunandi viðhorf til mannlegs eðlis eru skoðuð í ljósi mismunandi viðhorfa til uppeldis og menntunar. Lauslega er farið í þróun uppeldis og menntunar í Evrópu síðustu aldir. Nemendur kynna hugmyndafræði og uppeldisaðferðum nokkurra þekktara uppeldisfræðinga sem hafa haft áhrif á uppeldis- og skólastarf í Evrópu. Þeirra á meðal eru Rousseau, Pestalozzi, Fröbel, Montessori og Dewey.

Nemendur kynna sér þroskaferil barna/unglinga. Áherslur ákvarðast af kennara og nemendum en geta verið á þróun sjálfsins, vitsmuna-, siðgæðis- og félagsþroska barna og ungingla. Eftirfarandi uppeldissvið eru til umfjöllunar í þessum fyrsta áfanga: samskipti, leikir og listsköpun barna.

Lögð er áhersla á að nemandinn fái þjálfun, sjálfstætt og í samvinnu við aðra, við að skipuleggja verkefnavinnu, leita upplýsinga, vinna úr gögnum og kynna niðurstöður skriflega og/eða munnlega.

Kennari og nemendur geta ákveðið að fjalla um alla áhrifaþættina eða ítarlega um einn eða fáa þeirra. Áherslur geta einnig verið mismunandi miklar þannig að farið sé betur í suma þætti en aðra.



## Áfangamarkmið

### Nemandi

#### Hugmyndafræði, markmið og leiðir

- geti útskýrt hverjir eru helstu áherslupættir innan uppeldis- og menntunarfræði, hver séu tengsl greinarinnar við aðrar fræðigreinar og hverjar helstu rannsóknaraðferðir
- viti hvað felst í hugtakinu uppeldi og hvert sé gildi uppeldis fyrir einstakling og samfélag
- þekki mismunandi viðhorf til mannlegs eðlis og verði sér þess meðvitandi hvernig viðhorfin leiða til ólíkra hugmynda um gildi uppeldisaðferða
- geti í stórum dráttum gert grein fyrir þróun formlegs uppeldis (leikskóla og skóla) í Evrópu síðustu aldir
- geti fjallað af gagnrýni um hugmyndafræði og uppeldisaðferðir nokkurra viðurkenndra uppeldisfræðinga
- geti einn eða í samvinnu við aðra sett fram hugmynd að uppeldisstofnun, t.d. leikskóla, þar sem fram koma rökstuddar hugmyndir að uppeldisaðferðum og áherslum í uppeldisstarfi
- þekki niðurstöður valinna rannsókna á uppeldisaðferðum foreldra
- geri grein fyrir og ræði af gagnrýni um uppeldisaðferðir og sýni fram á með dæmum að hann hafi skilning á tilteknum uppeldisaðferðum
- kynni sér helstu markmið leikskóla eins og þau eru sett fram í opinberum gögnum
- kynni sér mismunandi hugmyndafræði og starfsemi leikskóla á Íslandi
- fari í heimsókn í að minnsta kosti einn leikskóla og ræði við leikskólakennara um markmið og hugmyndafræði leikskólans og hvernig gengur að koma hugmyndafræðinni í framkvæmd

#### Þroskaferill barna

- öðlist innsýn í kenningar um þróun sjálfsmýndar
- geri sér grein fyrir kenningum um hvernig hugsun breytist með aldri og þekki kenningar um vitsmunarþroska barna

### Nemandi

- geri sér grein fyrir hvernig félagsleg samskipti barna þróast með aldri og þekki kenningar um félagsþroska og tilfinningalíf barna
- þekki helstu kenningar um siðgæðisþroska barna

### Samskipti

- geri sér grein fyrir hvað felst í jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum og sýni fram á færni í samskiptatækni, t.d. í hlutverkaleik
- sé meðvitaður um viðhorf uppeldisfræðinga til hróss og gagnrýni
- þekki og kunnir að nota ýmsar aðferðir til að örva barn til að tjá sig, t.d. virka hlustun; viti við hvernig aðstæður æskilegt er að nota virka hlustun og hvert sé gildi þess
- geri greinarmun á ég-boðum og þú-boðum og þekki skoðanir uppeldisfræðinga á hagnýtu gildi slíkra boða
- sýni fram á færni í notkun ég-boða í samskiptum
- sýni fram á að hann hafi vald á viðurkenndum leiðum til að leysa árekstra í samskiptum
- sé meðvitaður um og geri sér grein fyrir gildi líkamsmáls í samskiptum við börn/unglinga

### Leikur

- geti fjallað um gildi leikja fyrir alhliða þroska barna og kynni sér nokkrar kenningar um leik
- þekki algenga flokkun leikja og geti t.d. gert grein fyrir hvað einkennir hreyfileiki, sköpunarleiki, hlutverkaleiki (ímyndunarleiki) og regluleiki
- þekki til þróunar leikja með tilliti til aldurs barna og geti fjallað um samskipti barna í leik
- öðlist nokkra færni í að skoða umhverfi barna og meta með tilliti til möguleika til leikja
- öðlist færni við að skipuleggja leiki fyrir börn í samvinnu við aðra nemendur



**Listir og  
sköpunarþörf,  
barnamenning**

- geri sér grein fyrir gildi sköpunar fyrir alhliða þroska barna og unglina
- lýsi þróun barnateikninga og skoði teikningar barna með tilliti til þess hvar þau eru stödd í þeirri þróun
- geri sér grein fyrir gildi þess að búa vel að börnum þannig að sköpunarþörf þeirra fái notið sín á hvaða sviði sem er
- skoði valda þætti í menningu Íslendinga sem sérstaklega eru ætlaðir börnum, t.d. barnaefni í sjónvarpi eða útvarpi, barnabækur, teiknimyndasögur eða tölvuleiki

## UPP 203 Uppeldismál á Íslandi

Undanfari: UPP 103

### Áfangalýsing

Nemendur kynni sér markmið uppeldis á Íslandi og skipulagðar leiðir sem farnar eru að markmiðum. Skoðuð eru markmið leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eins og þau koma fram í opinberum gögnum. Nemendur skoða hugmyndafræði, markmiðssetningu og skipulag valinna uppeldis- og/eða menntunarstofnana. Nemendur geta einnig kynnt sér hugmyndafræði og uppeldisaðferðir foreldra, t.d. með viðtölum. Áhersla er lögð á sjálfstæði nemenda og samvinnu við skipulagningu og upplýsingaleit. Nemendum er ætlað að kynna niðurstöður sínar hver fyrir öðrum.

Eftirfarandi áhrifaþættir í uppeldi eru einnig til umfjöllunar: kynhlutverk, áföll og sorg, skilnaður foreldra, einelti, líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Fjallað er um sorgarviðbrögð barna og hvernig fullorðnir í nánasta umhverfi barna og unglinga geta styrkt þau í sorg sinni. Skilnaður foreldra hefur í för með sér missi fyrir börn og þar af leiðandi sorgarviðbrögð. Fjallað verður um áhrif skilnaðar og hvernig best er hægt að undirbúa og styðja barn í gegnum skilnað foreldra. Ýmsar hliðar eineltis eru skoðaðar og hvaða leiðir er hægt að fara til að fyrirbyggja og stöðva einelti. Könnuð eru áhrif vanrækslu og líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum. Kannaður er lagalegur réttur barna, hver gætir réttar þeirra og hvar þau hafa möguleika á að fá aðstoð.

Kennari og nemendur geta ákveðið að fjalla um alla áhrifaþættina eða ítarlega um einn eða fáa þeirra. Áherslur geta einnig verið mismunandi þannig að farið sé betur í suma þætti en aðra.





## Áfangamarkmið

### Nemandi

#### Markmið og leiðir í uppeldis- og menntunarstarfi á Íslandi

- þekki helstu markmið grunn- og framhaldsskóla eins og þau eru sett fram í opinberum gögnum um þessar stofnanir
- kynni sér, sjálfstætt og í samvinnu við aðra nemendur, hugmyndafræði og starfsemi mismunandi uppeldis- og/eða menntastofnana á Íslandi
- þekki umræðuna um hlutverk stofnana, forsjármanna og almennings í uppeldi barna/unglinga
- beri saman ólíka hugmyndafræði, markmið og leiðir í uppeldi og menntun og ræði um kosti þeirra og galla
- finni hvaða stofnanir í samfélaginu hafa eftirlit og umsjón með uppeldi og menntun barna og unglunga á Íslandi
- leiti upplýsinga, vinni á gagnrýninn hátt úr aðfengnum gögnum og tjái niðurstöður sínar munnlega, skriflega eða í öðru formi sem nemandinn hefur valið í samvinnu við kennara

#### Kynhlutverk

- fjalli á gagnrýninn hátt um hugtökin kynhlutverk, kynferði og jafnrétti í tengslum við uppeldisaðferðir og skipulag skóla
- þekki niðurstöður rannsókna á áhrifum uppeldis og skóla á kynferði og hugmyndir um kynhlutverk
- kynni sér lög um jafnrétti og jafnréttisfræðslu og þekki þær stofnanir sem eiga að fylgjast með hvort jafnréttislögum sé fylgt í uppeldi og menntun

#### Sorg, viðbrögð við áföllum

- geri sér grein fyrir skilningi barna á dauðanum eftir aldri og þekki helstu einkenni sorgarviðbragða barna og unglunga
- viti hvernig helst er hægt að styðja barn/ungling í sorg og hvert er hægt að leita til að aðstoða barn sem hefur orðið fyrir áfalli

### Nemandi

- þekki helstu leiðbeiningar sérfræðinga um hvernig ræða skuli við börn um tilfinningalega viðkvæm málefni eins og dauðann
- þekki helstu leiðbeiningar sérfræðinga um þátttöku barna í athöfnum eins og jarðarförum og kistulagningu

### Skilnaður

- geri sér grein fyrir hvernig skilnaður fer fram og þekki lagalegan rétt barns þegar foreldrar þess skilja
- geri sér grein fyrir hver séu algeng áhrif skilnaðar foreldra á börn eftir aldri þeirra og kyni
- komist að hvað foreldrar og/eða aðrir í nánasta umhverfi barns geta gert til að draga úr neikvæðum áhrifum skilnaðar á börn
- geti fjallað um áhrif forræðisdeilna á börn og hver sé réttur barna varðandi umgengni við báða foreldra
- viti hvert leita skuli upplýsinga um áhrif skilnaðar, aðstæður einstæðra foreldra og lagalegan rétt barna
- kynni sér hvaða stofnanir í samfélaginu sinna mála-flokknum „skilnaður og börn“, hvort sem um er að ræða almennar upplýsingar, úrskurð í forræðisdeilum eða ráðgjöf við lausn vandamála

### Einelti

- skilgreini hugtakið einelti
- greini hvar einelti fer helst fram
- kynni sér áhrif eineltis fyrir þolanda þess
- þekki helstu niðurstöður rannsókna á gerendum eineltis
- þekki leiðir til að koma í veg fyrir einelti og viti hvaða leiðir eru helst farnar í uppeldisstofnunum á Íslandi
- skoði eigin þátt í einelti



## Ofbeldi

- skilgreini hugtakið ofbeldi og geti gert grein fyrir mismunandi tegundum ofbeldis (líkamlegu, andlegu og kynferðislegu)
- geri sér grein fyrir áhrifum vanrækslu og ofbeldis á börn
- kynni sér á hvaða hátt lög vernda börn
- viti hvert hægt er að leita ef grunur er uppi um vanrækslu eða ofbeldi gegn barni og hver tilkynningaskylda er samkvæmt lögum
- kynni sér hvaða stofnanir í samfélaginu sinna börnum sem búa eða hafa búið við vanrækslu og/eða ofbeldi
- öðlist innsýn í hvernig sé hægt að aðstoða barn sem orðið hefur fyrir ofbeldi og/eða verið vanrækt

## UPP 303 Uppeldisaðstæður, verkefnaáfangi

Undanfari: UPP 203

### Áfangalýsing

Í þessum áfanga vinna nemendur að einu eða tveimur rannsóknarverkefnum eða þemum. Kennarar og nemendur hafa tiltölulega frjálsar hendur um val á viðfangsefnum. Þau þurfa þó að varða uppeldisaðstæður barna og unglinga. Viðfangsefnin geta t.d. varðað fötluð börn, unglinga eða barnaefni í fjölmiðlum. Möguleiki er einnig að nemendur dýpki skilning sinn á efnisþáttum sem hafa verið til umfjöllunar í fyrri áföngum, t.d. uppeldisstefnum í leikskólastarfi hér á landi eða áhrifum ofbeldis á börn. Hægt er að skipuleggja áfangann þannig að allir nemendur velji í sameiningu eitt þema eða rannsóknarverkefni en vinni síðan í smærri hópum að afmörkuðum þáttum verkefnisins. Einnig geta nemendur unnið að ólíkum verkefnum og hóparnir verið misstórir eftir umfangi viðfangsefnisins. Mikilvægt er að nemendur komi fram með hugmyndir að viðfangsefnum og áhugi þeirra stýri valinu. Kennarinn stýrir vinnu nemenda en nemendur bera ábyrgð á verkefnavinnu sinni. Áhersla er á leiðsögn við meðferð og úrvinnslu gagna sem nemendur afla. Við mat á verkefni skal kennari taka mið af vinnuferlinu en ekki eingöngu lokaniðurstöðu. Viðfangsefnin í þessum áfanga eiga að gefa nemendum svigrúm til að nota þann tjáningarmáta sem þeim þykir henta best til að sýna hvað hefur lærst. Í þessum áfanga er hægt að hafa samvinnu við nemendur í öðrum skólum á Íslandi eða erlendis. Nemendahópar geta haft samvinnu við verkefnaval, skipst á gögnum og borið saman aðstæður barna í ólíkum löndum, t.d. með notkun upplýsingatækni.

Hér á eftir eru tilgreind möguleg markmið í nokkrum þemum en nánari útfærsla er í höndum kennara og nemenda.



## Áfangamarkmið

### Nemandi

#### Fötluð börn

- geri sér grein fyrir að börn hafa sama rétt til að nýta sameiginleg gæði samfélagsins óháð andlegu og líkamlegu atgervi
- þekki ólíkar fatlanir barna og fái innsýn í hvaða áhrif fötlun hefur á þroska barna og sjálfsmynd
- öðlist innsýn í hvaða áhrif það hefur á fjölskyldu þegar fatlað barn fæðist
- öðlist innsýn í hvernig aðstæður fatlaðra barna eru á Íslandi hvað varðar þjálfun, menntun og framtíðar-  
möguleika

#### Unglingar

- öðlist innsýn í þroskaferli unglingsáranna
- þekki helstu áhættuþætti unglingsáranna
- þekki hugmyndafræði og starfsemi ýmissa uppeldis- og meðferðarstofnana fyrir unglinga

#### Börn og fjölmiðlar

- þekki niðurstöður rannsókna á áhrifum fjölmiðla á börn
- kynni sér hugmyndafræði fjölmiðla sem liggur til grundvallar vali og gerð barnaefnis
- útbúi gátlista og meti valið barnaefni í fjölmiðlum

#### Rannsóknarverkefni

- setji sér markmið með verkefnavinnu, orði markmiðin og afmarki þannig viðfangsefni
- setji fram spurningar um ákveðið viðfangsefni, spurningar sem ekki leiða eingöngu til staðreynda heldur sýna mismunandi sjónarhorn
- flokki spurningar um viðfangsefni í efnisþætti og skipuleggi þannig uppbyggingu verkefnis
- geri raunhæfa tímaáætlun um verkefnavinnu
- sýni fram á sjálfstæði í vinnubrögðum
- taki þátt í hópvinnu þar sem reynir á samvinnu við skipulagningu, efnisöflun og úrvinnslu og sýni fram á vilja til lausnar ef upp kemur ágreiningur innan hópsins
- öðlist þekkingu á helstu rannsóknaraðferðum uppeldis- og menntunarfræðinnar

### Nemandi

- viti hvernig og hvar hægt er að leita upplýsinga um málefni barna og unglinga, t.d. í bókum, tímaritum, á Netinu, með heimsóknum og viðtölum
- þekki leiðir til að meta trúverðugleika heimilda
- sýni fram á hvernig hann leysir úr spurningum sínum
- geri grein fyrir vinnuferli við verkefnavinnu með dagbók eða vinnumöppu
- sýni fram á þekkingu á einstökum fyrirbærum en ekki síður hæfni til að setja hluti í samhengi
- sýni fram á að efnistöð hans endurspegli gildismat fræðigreinarinnar uppeldis- og menntunarfræði
- þekki og velji milli mismunandi leiða til að koma niðurstöðum sínum á framfæri, t.d. á vefsíðu, með því að hanna bækling, gera myndband eða skrifa ritgerð
- þekki og fari eftir viðurkenndum reglum um frágang ritaðra verkefna, tilvísanir í heimildir og uppsetningu heimildalista
- öðlist grundvallarfærni í að kynna eigin niðurstöður fyrir öðrum, sé meðvitaður um raddbeitingu, augnsamband og annað sem skiptir máli í tjáningu
- fái grunnþjálfun í notkun kennslutækja, t.d. myndvarpa, og geti nýtt sér tækin við kynningu á verkefnavinnu
- taki þátt í umræðum um uppeldismál, færi rök fyrir máli sínu en virði einnig sjónarmið annarra

